FRÉTTABLAÐIÐ
295. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 17. DESEMBER 2015



**Húsasmíðameistari á aðventunni** Ingibjörg Sveinsdóttir gleður börnin í kringum sig með fallega skreyttum piparkökuhúsum á ári hverju. Hún stendur ein í húsagerðinni sem tekur um það bil mánuð en hún segir engin jól koma án húsanna. Hér er Ingibjörg með húsin tólf sem hún hefur bakað í ár og má sjá að mikið er lagt í gerð þeirra. Sjá síðu 8 FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vilja ÁTVR og Íbúðalánasjóð í burtu

**Viðskiptaráð leggur til stórfellda sameiningu stofnana og niðurlagningu sumra með það fyrir augum að hagræða hjá ríkinu. Stofnunum verði fækkað úr 188 í 70. Þó er bara lagt til að hætta rekstri fimm þeirra. Umsvif ríkisins séu of mikil miðað við stærð landsins.**

**EFNAHAGSMÁL** Kostnaður af því að halda úti stofnanakerfi á Íslandi sem jafnast á við mun fjölmennari þjóðir er gríðarlegur, að mati Viðskiptaráðs. Því er lögð til fækkun ríkisstofnana úr 188 í 70. Viðskiptaráð vill leggja niður fimm ríkisstofnanir, þeirra á meðal Íbúðalánasjóð og ÁTVR. Þetta kemur fram í nýrri skoðun Viðskiptaráðs „Sníðum stakk eftir vexti – 30 tillögur að fækkun ríkisstofnana“ sem birt er í dag.

„Í fámennari ríkjum er kostnaðurinn meiri við flókið stofnanakerfi,“ segir Björn Brynjúlfur Björnsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs. Í Þýskalandi séu til dæmis tuttugu sinnum fleiri skattgreiðendur að baki hverjum starfsmanni Hagstofunnar heldur en hér. „Við erum ekki að leggja til að kjarnastarfsemi þessara stofnana verði minnkuð,“ segir hann, heldur eigi að draga úr kostnaði við þætti á borð við stjórnun og stofnþjónustu. „Sá kostnaður dregur úr getu þessara stofnana til að sinna hlutverkum sínum með fullnægjandi hætti.“

Viðskiptaráð telur að engin efnisleg rök standi í vegi fyrir einföldun stofnanakerfisins, reynsla af sameiningum hafi verið góð. Meðal tillagnanna er aflagning fimm ríkisstofnana, Íbúðalánasjóðs, Umboðsmanns skuldara, ÁTVR, Þróunarsamvinnustofnunar og Bankasýslunnar. Þær eru að mati ráðsins óþarfar. Verkefni þeirra ætti ýmist að leggja niður alfarið eða færa til annarra stofnana eða einkaaðila.

**Við teljum að Ísland sem ríki ætti að leitast við að reka sem allra fæstar stofnanir.**



Björn Brynjúlfur Björnsson hagfræðingur Viðskiptaráðs

Björn Brynjúlfur segir tillögurnar byggja á ítarlegum greiningum. „Við teljum að Ísland sem ríki ætti að leitast við að reka sem allra fæstar stofnanir. Örstofnanir eru illa til þess fallnar að sinna hlutverkum sínum með fullnægjandi hætti.“ – sg / sjá síðu 26

## Semur við Sony

**LÍFIÐ** Tónlistarmaðurinn Axel Flóvent hefur skrifað undir útgáfusamning við Sony. Fyrirtækið gefur út EP-plötu Axels, Forest Fires, í Evrópu.

„Tilfinningin er rosalega góð,“ segir Axel, alsæll með samninginn, sem hann segir góðan og byggja á traustum grunni. „Þetta er rosa stórt og gott skref.“ – glp / sjá síðu 76




## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason segir frá samtölum við sjálfstæðismenn. 30-40

**SPORT** Kjörkuð goðsögn spilaði síðasta leikinn í nótt. 42-44

**MENNING** Auður Jónsdóttir rithöfundur hlýtur Bóksalaverðlaunin fyrir bestu íslensku skáldsöguna, Stóra skjálfta. 52-62



**LÍFIÐ** Jólamaturinn myndaður á réttan hátt 66-76

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




**Í dag** nálgast lægð landið úr suðri með austan og norðaustan hvassviðri eða stormi, en hvassast verður um landið norðvestanvert. Snjókoma á Vestfjörðum og á annesjum norðvestanlands, slydda eða rigning á Norðaustur- og Austurlandi, en rigning syðra. Vægt frost víða fyrir norðan en hiti að 7 stigum sunnan til.

SJÁ SÍÐU 52

# Leikið á lagernum



Bernharður Wilkinson stýrði Sinfóníuhljómsveit Íslands er hún lék lög af nýútkominni jólaplötu Sinfóníunnar, Jólalög, í IKEA í Kauptúni. Gestir verslunarinnar fengu því að njóta tónanna þegar þeir áttu leið hjá og ekki annað að sjá en þeir hafi fallið vel í kramið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Flest málin eru vegna ofbeldis af hálfu maka

**LÖGREGLUMÁL** Heimilisofbeldi er að jafnaði tilkynnt til lögreglu tvisvar á dag. Fram til 14. desember höfðu 766 tilvik verið tilkynnt til lögreglunnar um land allt. 519 þeirra voru af hendi maka eða fyrrverandi maka.

Þetta kemur fram í afbrotatíðindum ríkislögreglustjóra fyrir nóvembermánuð. Farið hefur verið eftir nýjum verklagsreglum lögreglunnar um meðferð og skráningu heimilisofbeldis í eitt ár. Áður fyrr var heimilisofbeldi ekki sérstaklega skráð og umfang þess því illa kortlagt.

„Þetta nýja verklag hefur ótvírætt sannað gildi sitt og hjálpað mörgum. Þetta er aukin vinna og mikið álag á starfsfólk en algjörlega þess virði,“ segir Alda Hrönn Jóhannsdóttir, yfirlögfræðingur hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.

Markmið hinnar nýju verklagsreglu lögreglunnar var að ná utan um brot sem sjaldan eru tilkynnt en hafa tilhneigingu til að vera ítrekuð og að stigmagnast. – snæ

**23%**

**tilvika heimilisofbeldis gerast aðfaranótt sunnudags eða á sunnudegi en tíundi partur á sér stað á miðvikudegi. Tólf prósent tilvikanna eru vegna ofbeldis barns gagnvart foreldri.**

## Grafa eftir fornleifum á reit Landssímans

**FORNLEIFAR** Lindarvatn ehf. hefur samið við fornleifafræðinginn Völu Garðarsdóttur um að stýra fornleifauppgreftri á Landssímareitnum svokallaða. Þá hefur einnig fengist leyfi til að reisa hús yfir uppgröftinn og mun hann hefjast á næstunni í samráði við Minjastofnun.

Fyrirhugað er að reisa um 160 herbergja hótel, sem rekið verður af Icelandair Hotels, á reitnum og stendur Lindarvatn að þeim framkvæmdum. Áður en ráðist verður í þær verður fyrst grafið eftir fornleifum og minjarnar sem á reitnum gætu fundist rannsakaðar. Grafið verður upp í tveimur áföngum, fyrst sunnan og vestan við Landssímahúsið, síðan verður grafið nær Vallarstræti.

„Lindarvatn ehf. vill standa sem best að framkvæmdunum á svæðinu, enda er það í hjarta borgarinnar,“ segir í tilkynningu fyrirtækisins. – þea

# Ískrossmenn ósáttir að fá ekki Hvaleyrarvatn

**Vélhjólamenn sem stunda akstur á ísilögðum vötnum segjast vera afgangsstærð og eru ósáttir við að fá ekki að stunda íþrótt sína á Hvaleyrarvatni. Þeir telji bann sem Hafnarfjarðarbær setti á vera lögleysu. Bærinn áréttar að bannið gildi.**

**ÍÞRÓTTIR** „Við erum litnir hornauga og flokkaðir sem minnihlutahópur,“ segir vélhjólamaðurinn Svavar Friðrik Smárason í bréfi þar sem hann óskar eftir leyfi frá bæjaryfirvalda í Hafnarfirði til ísaksturs á Hvaleyrarvatni.

Svavar rekur í bréfinu að um fimmtán manns séu í hópi vélhjólamanna sem stundi íscross, það er akstur á ís. Leyfi sem þeir hafi fengið árið 2001 til aksturs á Hvaleyrarvatni hafi verið afturkallað í desember 2008. Segir hann það vera dapurlegt að hópurinn hafi mætt miklu mótlæti hjá bæjaryfirvöldum.

„Lögreglan kemur iðulega og rekur okkur í burt án þess að gefa skýringar,“ skrifar Svavar sem kveður lögregluna vísa á bæjaryfirvöld. „Samkvæmt því sem ég kemst næst er hávaðamengun orsök þeirra kvartana sem borist hafa,“ heldur Svavar áfram. Þess vegna hafi bærinn bannað ísaksturinn.

„Svæðið við Hvaleyrarvatn er útivistarsvæði og opið öllum og fáum við í flestum tilfellum jákvæð viðbrögð almennings,“ segir Svavar og vitnar síðan til lagaákvæðis um almenna umferð um vötn: „Öllum er heimil för, þar með talið á farartækjum, um vötn, einnig á ísi, með þeim takmörkunum sem lög kveða á um, þó þannig að það valdi ekki truflun á veiðum manna.“

Þannig segir Svavar bæjaryfirvöld „eiga í miklum erfiðleikum“ með að banna ísaksturinn. Hvaleyrarvatn sé ekki í byggð og aðeins sé um að ræða þrjár til fimm vikur á ári. Miklu betra væri að leyfa þetta á einum stað þar sem hægt sé að hafa eftirlit í stað þess að menn séu að stelast til að fá útrás.



Eins og sést á hjólförunum virða ekki alveg allir akstursbann á ísilögðu Hvaleyrarvatni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Þetta eru fáir dagar á ári og engar skemmdir fyrir utan óánægju einhverra einstaklinga.
>
> Svavar Friðrik Smárason í bréfi til Hafnarfjarðarbæjar

„Þetta myndi skapa betri samskipti á milli hjólamanna og annarra hópa en í dag upplifum við okkur alls staðar sem afgangs stærð og erum því síður móttækilegir fyrir vinsamlegum samskiptum þar sem það skiptir ekki miklu máli hvar við erum, alls staðar er amast við okkur,“ segir Svavar í bréfinu.

Umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar tók bréf Svavars fyrir í gær og áréttaði að allur ísakstur hefði verið óheimill á Hvaleyrarvatni frá árinu 2006.

gar@frettabladid.is

Skráning fyrir vorönn 2016 stendur yfir.



Laust er fyrir nemendur á vorönn 2016 við Hússtjórnarskóla Reykjavíkur.

Námið er ein önn, og hefst snemma í janúar.
Umsóknir sendist á netfangið **husrvik@centrum.is** eða
í gegnum heimasíðu skólans **husstjornarskolinn.is**
**Ath. Mistök voru á heimasíðu skólans þar sem lokað var fyrir umsóknir.**

*Skólameistari*

# Opið til 22

## öll kvöld fram að jólum




### Gefðu draumagjöfina

Með gjafakorti Smáralindar gefur þú ástvinum þínum fjölbreytta möguleika á gjöfum að eigin vali. Þú færð gjafakortið á þjónustuborði Smáralindar eða á **smaralind.is**

SMÁRALIND

OPIÐ TIL 22 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA ÞORLÁKSMESSA 11–23 AÐFANGADAGUR 10–13 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

ÍSLENSKA/SIA.IS SML 77504 12/15

# Tækniþróunarsjóður úthlutar sex hundruð milljónum í desember

**VIÐSKIPTI** Stjórn Tækniþróunarsjóðs hefur valið þá aðila sem eiga kost á úthlutun úr sjóðnum núna í desember. Úthlutað er úr honum tvisvar á ári og í þetta skiptið er búist við því að 600 milljónir verði veittar í styrki. Verkefnisstjórum sem hafa sótt um úthlutun er boðið að ganga til viðræðna um úthlutun áður en fjármagnið er veitt. Heildarúthlutun í ár nemur þá um 1.400 milljónum en mun aukast um tæpan milljarð á næsta ári.

Samkvæmt vefsíðu Rannís, sem rekur Tækniþróunarsjóð, er gengið til samningaviðræðna vegna 48 verkefna. Sigurður Björnsson, sviðstjóri á rannsóknar- og nýsköpunarsviði hjá Rannís, segir að þetta séu um 30 prósent af þeim sem sóttu um. Úthlutað er í þremur flokkum, það er frumherjastyrkur, verkefnastyrkur og markaðsstyrkur og fer flokkunin eftir því hvar verkefnin eru stödd.

Frumherjastyrkur er veittur aðilum sem eru komnir tiltölulega stutt á veg með verkefni sín. „Verkefnastyrkur, þá eru menn bara komnir í fullan kraft. Og í markaðsstyrk þá erum við að aðstoða við að koma vörunni á markað og undirbyggja fyrirtækið. Oft eru menn að styrkja undirstöðurnar þegar menn fara á markað með vöruna. Það er hlutverk þessa styrks,“ segir Sigurður.



Medilync sem þróar búnað fyrir sykursjúka fær líka styrk. NORDICPHOTOS/GETTY

Á meðal þeirra sem eiga kost á styrk eru Mjólkursamsalan, sem þróar vín úr mysu, Medilync fyrir tæki og hugbúnað fyrir sykursjúka og Kerecis. Þá fær Trappa, félag í eigu Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur, styrk vegna þjálfunar og meðferðar með heilbrigðistækni og Digon Games fyrir markaðssetningu tekjumódels í tölvuleikum. **– jhh**



**Frá Þórshöfn á Langanesi. Meirihluti sveitarstjórnarinnar hefur fallið tvisvar á þessu ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Meirihlutinn í Langanesbyggð fallinn aftur

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Meirihlutinn í Langanesbyggð er fallinn, öðru sinni á árinu, eftir að Reynir Atli Jónsson varaoddviti klauf sig frá U-lista í sveitarstjórn. Deilt er um umboð oddvita sveitarstjórnar, Siggeirs Stefánssonar, vegna viljayfirlýsingar um stórskipahöfn í Finnafirði.

Í febrúar klauf Reynir Atli sig úr fyrri meirihluta L- og N-lista og gerði samkomulag við U-lista um nýjan.

Reynir Atli bókaði á fundi sveitarstjórnar í gær að hann treysti sér ekki til að vinna áfram með meirihlutanum. „Í ljósi þess að varaoddviti getur ekki stutt vinnubrögð oddvita í tengslum við viljayfirlýsingu Finnafjarðarverkefnisins, telur hann meirihlutasamstarfi sjálfhætt,“ segir í bókuninni.

Hvorki náðist í Reyni Atla Jónsson né Siggeir Stefánsson við vinnslu fréttarinnar. **– sa**

## Ríkissaksóknari flytur milli húsa

**STJÓRNSÝSLA** Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari og samstarfsmenn hennar ætla að taka sér frí frá hefðbundnum störfum frá og með næsta mánudegi og nýta tímann til að flytja í nýtt húsnæði. Opnað verður að nýju að Suðurlandsbraut 4 þann 5. janúar næstkomandi. Þetta kemur fram á vef ríkissaksóknara.

Greint hefur verið frá því í fjölmiðlum að Ingibjörg Pálmadóttir hafi keypt húsnæðið á Hverfisgötunni, þar sem ríkissaksóknari var áður til húsa. Stendur til að stækka húsnæði 101 hótels, sem er í eigu Ingibjargar. Eftir kaupin á húsnæðinu auglýstu Ríkiskaup eftir nýju húsnæði til leigu. **– jhh**

# Umræðu um fjárlög loks lokið

**Lengstu umræðu um fjárlög sem staðið hefur á Alþingi lauk í gær. Ekkert samkomulag lá fyrir milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, kvaðst ánægð með lok umræðunnar.**

**ALÞINGI** Lengstu umræðu um fjárlög frá því rafræn skráning þingræðna hófst lauk á fjórða tímanum í gær. Eftir átta daga samfellda þingfundi um aðra umræðu fjárlaga, sem oft á tíðum varði fram á nótt, höfðu 1.758 ræður verið haldnar í rúmar 87 klukkustundir, langflestar þeirra haldnar af stjórnarandstöðu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kom það flatt upp á suma stjórnarandstöðuþingmenn þegar formaður Samfylkingarinnar, Árni Páll Árnason, boðaði í hádegisfréttum útvarps í gær, að umræðum lyki þann daginn. Ekkert samkomulag virðist hafa verið gert milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Meirihluti á þingi hafði gagnrýnt stjórnarandstöðuna harðlega fyrir grímulaust málþóf og forsætisráðherra sagði í þingræðu að hér væri stjórnarandstaðan að slá einn eitt Íslandsmetið í málþófi.

Katrín Júlíusdóttir benti hins vegar á að þessi barátta væri ekki háð til einskis. Þetta væri leið minnihlutans til þess að berjast fyrir auknum framlögum til Ríkisútvarpsins og Landspítalans sem og því að öryrkjar og aldraðir fengju einnig leiðréttingu á kjörum sínum frá 1. maí síðastliðnum eins og aðrir hópar þessa lands.

Atkvæðagreiðsla hófst að lokinni annarri umræðu. Um þrjú hundruð breytingartillögur lágu fyrir þinginu og því tók það nokkra klukkutíma að klára það verk. Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, var ánægð með að þessum umræðum væri loksins lokið. „Ég er afar hamingjusöm og ánægjulegt að umræðan hafi verið stöðvuð. Mér fannst orðið svolítið mikið af endurtekningum í umræðum og langt síðan það gerðist að eitthvað nýtt hefði komið fram í umræðunni. Umræðan hafði fyrir löngu verið tæmd,“ segir Vigdís.

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, segir umræðurnar hafa verið mjög góðar og innihaldsríkar. „Fyrir mér var þetta ekki löng umræða. Við vitum að þessi umræða er sú lengsta frá upphafi en það má kannski segja að umræður hafi þá í gegnum tíðina ekki verið nógu langar. Hér var meirihluti fjárlaganefndar með um þrjú hundruð breytingartillögur og við gátum ekki farið í gegnum þær allar á þessum tíma svo dæmi sé tekið,“ segir Helgi.

Vigdís segist vona að þingið geti klárað frumvarpið fyrir jól þó hún setji það ekki fyrir sig að mæta milli jóla og nýárs til þingfundar. Fjárlaganefndarfundur hefur verið boðaður í dag. „Ég hef boðað fjárlaganefnd á fund og legg kapp á að þetta komi sem fyrst aftur til þings til að ljúka fjárlögum. Auðvitað vona ég að við getum klárað þetta fljótt og auðveldlega.“

**sveinn@frettabladid.is**



**Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra í pontu á þingfundi í gær. Einar K. Guðfinnsson þingforseti stýrir fundinum, en umræður um fjárlög hafa aldrei staðið lengur á fyrri þingum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **Ég hef boðað fjárlaganefnd á fund og legg kapp á að þetta komi sem fyrst aftur til þings til að ljúka fjárlögum.**
>
> Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar og þingmaður Framsóknarflokks



> **Hér var meirihluti fjárlaganefndar með um þrjú hundruð breytingartillögur og við gátum ekki farið í gegnum þær allar á þessum tíma svo dæmi sé tekið.**
>
> Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður og formaður Pírata






# Bush atyrðir Trump í tilnefningarslag

**BANDARÍKIN** „Svívirðingar skila þér ekki í forsetaembættið,“ sagði Jeb Bush við Donald Trump í sjónvarpskappræðum í fyrrinótt.

„Ja, látum okkur sjá. Ég er í 43 prósentum, þú í þremur. Til þessa hefur mér gengið betur,“ svaraði Trump, sem hvergi sparaði stóryrðin fremur en í fyrri kappræðum repúblikananna níu, sem allir sækjast eftir því að verða forsetaefni flokks síns.

Þetta voru fimmtu sjónvarpskappræður repúblikana, í þetta skiptið haldnar í Los Angeles, en enn þá eru nærri ellefu mánuðir í forsetakosningarnar.

Að þessu sinni snerist umræðan ekki síst um öryggi bandarísku þjóðarinnar og undarlega kröfu Trumps um að banna öllum múslimum að koma til Bandaríkjanna.

Sumir frambjóðendurnir notuðu tímann óspart til þess að gagnrýna Trump og yfirlýsingagleði hans.

Bush fór þar fremstur og sagði Trump góðan í hnyttnum tilsvörum.



**Ted Cruz, Jeb Bush og Donald Trump á sviði í fyrrinótt.** NORDICPHOTOS/AFP

Hins vegar væri hann „... glundroðaframbjóðandi. Og hann yrði glundroðaforseti.“

Rand Paul skaut einnig á Trump fyrir áform hans um að loka Internetinu að hluta, svo öfgamenn geti ekki notað það til að afla sér fylgismanna. **– gb**




KRINGLAN.IS

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

PIPAR\TBWA • SÍA




## Mótmælt í Albaníu




Albanskir háskólanemar hrópa slagorð gegn stjórnvöldum og halda á lofti mótmælaspjöldum fyrir framan stjórnarráðshúsið í Tírana í Albaníu í gær. Mótmælt er nýrri löggjöf sem dregur úr framlögum til ríkisháskóla á sama tíma og einkaskólar fá aukinn opinberan stuðning. Á spjaldinu sem hér er haldið á lofti stendur: „Óska mér ekki annars fyrir jólin en ókeypis menntunar af hálfu hins opinbera.“ FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Samfélagið sagt græða 52 milljarða á hraðlest

**Áætlað er að ágóði fyrir samfélagið af rekstri hraðlestar til Keflavíkurflugvallar verði 52 milljarðar króna á þrjátíu árum. Hagnaður er sagður felast í ávinningi farþega, auknu umferðaröryggi og jákvæðum umhverfisáhrifum. Margir efast.**

**SAMGÖNGUR** Jákvæð áhrif hraðlestar milli Keflavíkurflugvallar og Vatnsmýrar á umhverfi og samfélag verða talsverð, segir í skýrslu Fluglestarinnar þróunarfélags ehf. sem vinnur að verkefninu.

Fram kemur að hraðlestin sem knúin verði með rafmagni fái það frá HS Orku. „Nákvæmt mat á félagslegum og umhverfislegum áhrifum verður gert sem hluti af undirbúningi lestarinnar,“ segir í skýrslunni.

Jákvæð umhverfisáhrif felist í talsvert skertum útblæstri gróðurhúsalofttegunda með minnkandi akstri bíla sem nota jarðefniseldsneyti. Við hönnun verði meðal annars litið til loftgæða, hávaða og titrings, landslags og sjónrænna áhrifa.

Þá verði lagt mat á félagsleg áhrif á borð við ferðamynstur, útivist, ferðaþjónustu, landnotkun og skipulagsmál.

„Félagslegur ávinningur af lestinni hefur verið reiknaður út, með tilliti til umhverfisráhrifa og ágóða notenda og aukins öryggis í umferðinni,“ segir í skýrslunni. Miðgildi úr spám geri ráð fyrir að á þrjátíu árum verði ávinningurinn fyrir notendur, samfélagið og almenning um 368 milljónir evra – sem svarar til um 52 milljarða króna.



Þannig sér Björn Reynisson fyrir sér hraðlestarstöð í Reykjavík í útskriftarverkefni sínu sem arkitekt vorið 2014. MYND/BJÖRN REYNISSON

„Spáin lítur eingöngu til notenda, félagslegs ávinnings varðandi öryggismál og umhverfisáhrif og taps á skatttekjum af jarðefnaeldsneyti vegna minnkandi bílaumferðar,“ segir í skýrslunni sem unnin er af RRV Consulting.

Efasemdir hafa komið fram um hraðlestarverkefnið á samfélagsmiðlum á undanförnum dögum. Til dæmis frá Stefáni Jóni Hafstein, starfsmanni Þróunarsamvinnustofnunar, sem kveðst fara oft um Keflavíkurflugvöll.

Stefán bendir meðal annars á þægindi einkabíla og segir þá og rútur auk þess væntanlega almennt verða orðnar rafknúnar þegar lestin eigi að fara af stað árið 2024.

„Vatnsmýrin er í fæstum tilvikum endastöð íslenskra og erlendra ferðamanna heldur lykkja á leið þeirra,“ segir Stefán í ítarlegri færslu um málið á síðu sinni á Facebook.

Stefán leggur til aðra lausn. „Með því að kaupa fjölda rafknúinna léttvagna og gera sérstaka akrein fyrir þá 30 kílómetra leið millli KEF og Hafnarfjarðar og þaðan með ólíkum leiðum á ýmsa staði strax árið 2016-17 má koma upp víðtæku umhverfisvænu og frekar ódýru dreifikerfi um allt höfuðborgarsvæðið á einu bretti. Bingó.“ gar@frettabladid.is

# Gefðu Stubbana, Strumpana og Stjána bláa

með iPhone 6s

**Vodafone**
Við tengjum þig




iPhone 6s
**Frá 124.990 kr.***

* Verð miðað við staðgreiðslu. Einnig er hægt að dreifa greiðslu á símreikning í 3–24 mánuði.

**Vodafone PLAY** Nýja Vodafone PLAY appið er frítt og tiltækt í öllum snjalltækjum.

ANDROID APP ON Google play | Download on the App Store

**Jólin eru innihaldsrík hjá Vodafone**

Með völdum snjallsímum fylgir aðgangur að gæða sjónvarpsefni í **Vodafone PLAY M og 5GB gagnamagn pr. mán. í tvo mánuði.**

Efnið er aðgengilegt öllum eigendum snjalltækja gegnum nýja **Vodafone PLAY appið**. Virkja þarf áskriftina fyrir 31. des. 2015.

**Jólapakkarnir eru á vodafone.is**

LÚXUS BÍLAR
Á GÓÐU VERÐI




BMW X1 xDrive 25d
Nýskr. 08/2013, ekinn 30 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 7.350.000**

DESEMBERVERÐ!
6.590 þús.




RANGE ROVER SPORT TDV6
Nýskr. 04/2011, ekinn 58 þús km.
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 10.780 þús.




RANGE ROVER VOGUE
Nýskr. 08/2007, ekinn 110 þús km.
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 5.850 þús.




BMW X3 xDrive 20d
Nýskr. 12/2014, ekinn 5 þús km.
dísil, beinskiptur.
Verð áður kr. 9.290.000

DESEMBERVERÐ kr. 7.990 þús.




BMW X5 xDrive 3.0i
Nýskr. 05/2006, ekinn 127 þús km.
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 2.690 þús.




RANGE ROVER VOGUE
Nýskr. 09/2008, ekinn 90 þús km.
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 7.490 þús.




BMW X6 xDrive 40d
Nýskr. 01/2013, ekinn 33 þús km.
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 13.900 þús.

bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is






**Stundum hefur Ingibjörg þurft að raða húsunum á stofugólfið og þá hefur henni dottið í hug að búa til þorp með bílum og dúkkum. „Kannski á næsta ári," segir hún.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Rak bóndann vegna affalla á skreytingum

Ingibjörg Sveinsdóttir notar aðventuna til að búa til piparkökuhús handa fjölskyldu og vinum. Eldhúsið var undirlagt í heilan mánuð og allur hennar tími fór í húsagerðina en samt heldur hún ekki einu einasta fyrir sig.

**FÓLK** Á meðan flestir þræða verslanir í leit að jólagjöfum og baka eina til tvær smákökusortir á aðventunni býr Ingibjörg Sveinsdóttir til heilt þorp af piparkökuhúsum. Piparkökuhúsin eru löngu orðin fastur liður aðventunnar, bæði hjá henni og þeim sem fá húsin að gjöf.

„Ég byrjaði að gera piparkökuhús fyrir 33 árum, þegar börnin mín voru lítil. Þá gerði ég nú bara eitt," segir Ingibjörg hlæjandi en síðustu ár hefur hún gert tuttugu hús fyrir hver jól. „Núna eru þau aðeins tólf því ég var svo lengi á Spáni. Maðurinn minn spurði hvort ég vildi ekki bara sleppa þessu í ár því tíminn var naumur. En þá koma engin jól, svaraði ég honum."

Það tekur tíma sinn að búa til tólf piparkökuhús frá grunni. Ingibjörg hóf verkið 24. nóvember og lauk því í fyrrakvöld. Suma daga var hún að frá morgni til kvölds. Fyrst þarf að búa til gríðarlega mikið magn af deigi, fletja, skera út, baka og kæla. Og það er bara byrjunin. Næst þarf að bræða sykur, setja húsin saman og skreyta.

> Maðurinn minn bauð fram hjálp um daginn og ætlaði að raða M&M á þakið. En hann sneri því vitlaust – emmið þarf að snúa upp – og svo urðu óvenju mikil afföll þannig að hann var rekinn úr starfinu.
>
> Ingibjörg Sveinsdóttir
> piparkökuhúsagerðarmeistari

„Ég litaflokka M&M. Það gengur ekki að vera með heitan sykur á húsunum og þurfa að leita að réttum litum. Svo brýt ég niður saltstangir fyrir grindverkið og bý til gardínur í glugganna úr blúndukartoni."

Þrátt fyrir þennan fjölda húsa heldur Ingibjörg ekki einu einasta fyrir sig enda er eftirspurnin mikil. Börnin hennar fá hús á sitt heimili og svo er mikil eftirspurn allt í kringum hana.

„Börnin fá eitt hús á sitt heimili, ég hef gefið þau sem happdrættisvinning og svo fá börn og barnabörn nágranna og vinkvenna hús. Stundum hef ég ætlað að halda einu húsi en ég enda alltaf á að gefa það. Enda er þetta aðallega og eingöngu gert til að gleðja og það er svo gaman að gleðja börn."

Ingibjörg þiggur enga hjálp við húsasmíðina. „Maðurinn minn bauð fram hjálp um daginn og ætlaði að raða M&M á þakið. En hann sneri því vitlaust – emmið þarf að snúa upp – og svo urðu óvenju mikil afföll þannig að hann var rekinn úr starfinu," segir Ingibjörg hlæjandi og neitar því að það verði tómlegt þegar piparkökuhúsin verða sótt á næstu dögum. „Ég þarf að byrja á því að þrífa sykurinn af eldhúsgólfinu og svo mun ég bara hafa það huggulegt."


erlabjorg@frettabladid.is


# AGC stefnir Thorsil og Reykjanesbæ á ný

**VIÐSKIPTI** AGC ehf. hefur stefnt Thorsil, Reykjanesbæ og Reykjaneshöfn á ný vegna lóðar sem fyrirtækið telur sig hafa fengið loforð um að fá að leigja í Helguvík. Þar hugðist fyrirtækið reisa lífalkóhól og glýkólverksmiðju. Reykjanesbær hefur úthlutað lóðinni til kísilverksmiðju fyrir Thorsil.

Í stefnunni er vísað til tölvupósts sem Pétur Jóhannsson, þáverandi hafnarstjóri, sendi í ágúst árið 2011 þar sem fram kemur að Reykjaneshöfn sé reiðubúin að láta Thorsil fá lóðina. Á þeim grunni hafi fyrirtækið hafið vinnu við umhverfismat. Í apríl 2014 gerði Reykjaneshöfn hins vegar samning við Thorsil um leigu á umræddri lóð.

Ráðgert er að verksmiðja Thorsil taki til starfa árið 2018 og hefur fyrirtækið tryggt sér orku frá HS Orku og Landsvirkjun. Greiðslu Thorsil á gatnagerðargjöldum hefur margsinnis verið frestað, nú síðast fram til mars á næsta ári. Fyrri stefnu í málinu var vísað frá í Héraðsdómi Reykjaness þar sem ekki var krafist að úthlutun Reykjaneshafnar til Thorsil yrði hnekkt. Hæstiréttur Íslands staðfesti frávísunina. Því hefur verið bætt við nýju stefnuna að sögn Jóns Jónssonar, lögmanns AGC. **– ih**



**AGC telur sig hafa fengið loforð um lóð við Helguvík sem Thorsil fékk úthlutað.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Eftir frávísun málarekstursbæði fyrir héraði og í Hæstarétti hefur AGC ehf. gert umbætur á málatilbúnaði sínum og stefnt á ný.

HÚSASMIÐJAN blómaval



# ÚTSÖLUHÁTÍÐ

# 40% AFSLÁTTUR

# ALLAR SERÍUR & JÓLAVÖRUR

## HEFST Í DAG

ÓTRÚLEGT ÚRVAL!

**OPIÐ TIL KL. 22:00 Í SKÚTUVOGI Í KVÖLD**




**Jólahlaðborð í Skútuvogi kl. 17-20**
**sértilboð aðeins í kvöld 990 kr**

Börn 10 ára og yngri 500kr

*Gildir ekki af lifandi jólatrjám, jólatrésfótum, greni og jólaskreytingum

# Stýrivextir hækkaðir vestra

**BANDARÍKIN** Seðlabanki Bandaríkjanna hækkaði stýrivexti um 0,25 prósentustig í gær. Vextir bankans fara úr því að vera 0,0 til 0,25 prósent í 0,25 til 0,5 prósent. Janet Yellen seðlabankastjóri kynnti hækkunina sem er sú fyrsta í níu ár.

Vextirnir hafa haldist óbreyttir frá því í desember árið 2008. Vegna bættra efnahagsskilyrða í Bandaríkjunum og til að senda þau skilaboð að hlutirnir séu á batavegi var ákveðið að hækka þá nú.



Janet Yellen, seðlabankastjóri Bandaríkjanna

Í gær greindi Fréttablaðið frá því að ef af vaxtahækkunum yrði kæmi gengi dollara líklega til með að styrkjast, auk þess að hækkunin gæti gert nýmarkaðsríkjum erfitt fyrir. Undanfarin sjö ár hafa nýmarkaðsríki tekið lán og gefið út skuldabréf í Bandaríkjadölum fyrir 3.300 milljarða Bandaríkjadali. Gengi gjaldmiðla þessara ríkja gagnvart dollaranum hefur veikst verulega í ár og veikist líklega enn frekar. Auk þess sem greiðslubyrðin mun þyngjast sökum hærri vaxta. CNN Money greinir frá því að meðal þeirra landa sem stýrivaxtahækkun gæti haft verulega neikvæð áhrif á séu Brasilía, Tyrkland og Suður-Afríka. – sg

## Spennandi beinasýning



Gestir skoða beinagrind grameðlu (Tyrannosaurus Rex) sem fengið hefur nafnið „Tristan Otto“ og er til sýnis á Náttúruminjasafninu í Berlín. Beinagrindin, sem er um fjögurra metra há og tólf metra löng, er höfuðgripur nýrrar sýningar um risaeðlur sem opnuð verður gestum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




# Sextíu milljónir í tilgangslaus passamál

**Frá 2010 hafa 168 erlendir ríkisborgarar verið dæmdir og afplánað refsingu fyrir að framvísa fölsuðu vegabréfi við komu til landsins. Fangelsismálastjóri segir ferlið tilgangslaust, kostnaðarsamt og að oft sé um að ræða fórnarlömb mansals.**

**Fangelsismál**

### Refsing eða betrun?

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is
Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is

„Þetta er fáránlegt. Þetta skilar einvörðungu álagi á fangelsiskerfið og er óþarfi,“ segir Páll Winkel fangelsismálastjóri um svokölluð passamál erlendra ríkisborgara sem eru handteknir fyrir að framvísa fölsuðum vegabréfum við komu til landsins. Frá 2010 hafa 168 einstaklingar verið dæmdir og setið í íslenskum fangelsum vegna þessa. Sólarhringur í fangelsi á Íslandi kostar um það bil 24 þúsund krónur á hvern fanga. Sé kostnaður vegna þessa gróflega reiknaður eru það rúmlega 60 milljónir. Inni í því er ekki lögfræðikostnaður og annar kostnaður sem greiðist af ríkinu vegna fyrirtöku málanna í íslenskum dómstólum.

Páll segir Fangelsismálastofnun ítrekað hafa bent yfirvöldum á að engu skili að fangelsa þessa einstaklinga sem um ræðir. „Refsing skilar engu og hefur ekki þau varnaðaráhrif sem refsingar eiga að hafa. Haldið þið að það skipti sköpum fyrir manneskju sem er að taka ákvörðun um að flýja heimalandið á fölsuðum vegabréfum að hún verði hugsanlega látin sitja inni á Íslandi í fimmtán daga?“ Dómurinn fyrir brot af þessu tagi er langoftast þrjátíu daga fangelsisvist, en að því gefnu að fólk brjóti engin agaviðurlög á meðan á vistinni stendur situr það aðeins inni í fimmtán daga.

Nokkuð hefur verið fjallað um plássleysi í fangelsiskerfinu hér á landi, en tæplega fimm hundruð manns eru nú á biðlista eftir að hefja afplánun. „Það skilar engu að fangelsa þetta fólk. Það kostar pening og tekur pláss.“

Páll segir flesta þá sem eru handteknir einungis vera að millilenda hér á leið sinni annað. Hann segir grunsemdir oft hafa vaknað um að viðkomandi sé fórnarlamb mansals og sé sent milli landa á fölsuðum vegabréfum. Fólkið stoppar stutt við, því sé erfitt að veita því hjálp og í mörgum tilfellum eigi starfsfólk fangelsanna erfitt með að skilja viðkomandi.

„Það sem við sjáum að mörg eiga sameiginlegt er að þau eiga mjög erfitt. Fólk er illa statt. Flestir eru að flýja slæmar aðstæður og hafa engin tengsl við Ísland. Við fangelsum þetta fólk og til hvers? Það hefur engin áhrif, fólkið situr inni í 15 daga og er svo bara farið úr landi,“ segir hann.

Afplánun þessa fólks á sér stað í beinu framhaldi af gæsluvarðhaldi og því er það í forgangi að hefja afplánun.

„Við höfum velt því fyrir okkur þegar staðan er hvað erfiðust að hleypa þeim bara út. Einhvern tímann var þessi stefna mótuð að taka hart á þessu fólki og dæma það í óskilorðsbundið fangelsi.“

Flestir þeir sem teknir hafa verið við komu til landsins eru frá Nígeríu og Íran, eða 19 frá hvoru landi. Þá hafa sextán verið gripnir frá Sómalíu, fimmtán frá Albaníu, fjórtán frá Georgíu og þrettán frá Sýrlandi, svo eitthvað sé nefnt.

**Fjöldi dæmdra 2010-2015**
**fyrir framvísun falsaðra vegabréfa við komu til landsins**




**Gróflega reiknaður kostnaður Fangelsismálastofnunar við passamál síðan 2010**

**60.480.000 kr.**

**Haldið þið að það skipti sköpum fyrir manneskju sem er að taka ákvörðun um að flýja heimalandið á fölsuðum vegabréfum að hún verði hugsanlega látin sitja inni á Íslandi í fimmtán daga?**



Páll Winkel fangelsismálastjóri

Fréttin er hluti af greinaflokki um fangelsismál. Fleiri greinar munu birtast um málið á næstu dögum og vikum.

# OSTAKÖRFUR
# FYRIR SÆLKERA






## OSTAKARFA 1
- Stonewall Sea Salt Crackers
- Ibérico paté
- Camembert Royal Faucon
- Piparostur
- Ljúflingur
- Rjómaostur
- Stonewall Red Pepper Jelly

**3.599**




## OSTAKARFA 2
- Stonewall Sea Salt Crackers
- Ibérico paté
- Camembert Royal Faucon
- Ostarúlla reyktur lax
- Piparostur
- Rjómaostur
- Bónda Brie
- Ljúflingur
- Stonewall Red Pepper Jelly

**4.399**




## OSTAKARFA 3
- Stonewall Sea Salt Crackers
- Ibérico paté
- Bleu d´Auvergne
- Prima Donna Maturo
- Camembert Royal Faucon
- Ostarúlla reyktur lax
- Bónda Brie
- Piparostur
- Rjómaostur
- Ljúflingur
- Stonewall Wild Blueberry Jam
- Stonewall Red Pepper Jelly

**5.999**




## OSTAKARFA 4
- Stonewall Sea Salt Crackers
- Melba Toast
- Ibérico paté
- Prima Donna Maturo
- Bleu d´Auvergne
- Ostarúlla reyktur lax
- Piparostur
- Bónda Brie
- Rjómaostur
- Ljúflingur
- Camembert Royal Faucon
- Höfðingi
- Stonewall Wild Blueberry Jam
- Stonewall Red Pepper Jelly
- Ferrero Rocher

**7.399**

## OSTAKARFA 5
- Stonewall Sea Salt Crackers
- Melba Toast
- Mousse De Canard
- Einiberja pylsa
- Ibérico paté
- Bleu d´Auvergne
- Prima Donna Maturo
- Camembert Royal Faucon
- Ostarúlla reyktur lax
- Ljúflingur
- Piparostur
- Bónda Brie
- Brie Chili og engifer
- Höfðingi
- Rjómaostur
- Stonewall Wild Blueberry Jam
- Stonewall Red Pepper Jelly
- Ferrero Rocher

**8.799**




24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

# Hafrannsóknastofnun sér hvali í loðnuáti í þúsundavís

**SJÁVARÚTVEGUR** Fyrsta tilraun Hafrannsóknastofnunar til að fá mat á fjölda hvala á loðnumiðum hér við land að haustlagi sýndi mikinn fjölda hvala á loðnumiðum. Þar sem loðna fannst sást að jafnaði einnig til hvala, aðallega hnúfubaks og langreyðar, og er metinn fjöldi þeirra ríflega 12.000 dýr á leitarsvæðinu.

Hvalatalningar fara yfirleitt fram að sumarlagi, þegar talið er að fjöldinn sé mestur á norðlægum fæðuslóðum eins og hér við land, en auk þess eru talningar utan þess tíma erfiðar vegna veðurs og birtuskilyrða. Lengi hefur verið vitað af talsverðum fjölda hnúfubaka hér við land að vetrarlagi og að þeir virðast fylgja loðnugöngum, en raunverulegur fjöldi þeirra hefur hingað til verið óþekktur. Þá sýna niðurstöðurnar einnig umtalsverðan fjölda langreyða á loðnumiðum, en að sumarlagi lifir sú tegund að mestu á ljósátu hér við land.

**Hingað til hefur fjöldi hnúfubaka sem fylgir loðnugöngum hér við land verið óþekktur.**

Ekki var gerð tilraun til að meta nákvæmni matsins, en þó ljóst að nákvæmnin er minni en í hefðbundnum talningum. Líklegra verður að teljast að um vanmat sé að ræða en ofmat, þar sem ekkert náðist að telja á öllu svæðinu vegna veðurs, en víða var talsverð loðna, og ekki tókst að greina alla stórhvali til tegundar. Þá er vitað að töluvert af hnúfubak heldur sig hér við land á sama tíma utan loðnusvæðisins.

Leiðangur Hafrannsóknastofnunar var farinn á tímabilinu 16. september til 4. október, en mikið sást einnig af hval í loðnuleiðangri 17. til 29. nóvember en þá fór ekki samhliða fram könnun á þéttleika hvala. – **shá**



Staðfestur hefur verið grunur um mikinn fjölda stórhvala við Ísland á haustin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Tilboðsverð gilda frá 16. desember, til og með 20. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.




Yfirfullur bátur kemur að landi á grísku eyjunni Lesbos, eftir siglingu frá Tyrklandi. Myndin er tekin í október síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Tyrkir eru sagðir fara illa með flóttafólk

**Amnesty International sakar Evrópusambandið um fljótfærni. Samtökin segja að rifta eigi samningnum við Tyrkland frá því í nóvember. Hundruð flóttamanna hafi verið rekin aftur til Sýrlands.**

**TYRKLAND** „Með því að fá Tyrkland til þess að vera hliðvörð fyrir Evrópu gagnvart flóttamannavandanum, þá á Evrópusambandið á hættu að hafa að engu og nú hvetja til alvarlegra mannréttindabrota," hefur BBC eftir John Dalhuisen, yfirmanni mannréttindasamtakanna Amnesty International í Evrópu og Mið-Asíu.

Samtökin hafa sent frá sér skýrslu um framferði Tyrklands gagnvart flóttafólki, sem streymt hefur þangað milljónum saman undanfarin ár frá Sýrlandi og fleiri löndum.

Í skýrslunni er greint frá örlögum hundraða flóttamanna, sem hafa verið handteknir í Tyrklandi, haldið þar langtímum saman í fangelsi án þess að fá að hafa nokkur samskipti við umheiminn, og í sumum tilvikum reknir aftur til ættlandsins, sem þeir voru að flýja frá.

Fleiri hundruð þúsund flóttamanna hafa á síðustu misserum, og flestir á þessu ári, farið frá Tyrklandi yfir hafið til Grikklands, oft á yfirfullum gúmmíbátum eða hrörlegum skipum, og þaðan áfram til annarra Evrópuríkja. Tugir þúsunda hafa drukknað í hafinu.

Í nóvember síðastliðnum gerði Evrópusambandið samning við Tyrkland, sem felur í sér að ESB greiði Tyrkjum þrjár milljónir evra til þess að bæta aðstöðu flóttafólks í Tyrklandi. Þetta er gert í von um að flóttafólkið verði frekar um kyrrt í Tyrklandi í staðinn fyrir að halda áfram til Evrópu.

Amnesty fagnar þessum fjárframlögum, en varar við því að meðferð flóttafólks í Tyrklandi sé engan veginn til fyrirmyndar.

Tyrknesk stjórnvöld vísa hins vegar ásökunum Amnesty alfarið á bug. Ekki einn einasti flóttamaður hafi verið þvingaður til að fara aftur til Sýrlands.

Í skýrslunni segir Amnesty reyndar að þau dæmi, sem fundist hafa um illa meðferð á flóttafólki og nauðungarflutninga úr landi, stangist á við þá almennu velvild og mannúð sem tyrknesk stjórnvöld hafi sýnt flóttafólki og hælisleitendum. Flest dæmin, sem nefnd eru, eru hins vegar frá því í haust, eða frá svipuðum tíma og samningaviðræður við Evrópusambandið stóðu yfir.

Því segir Amnesty vart annað hægt en að draga þá ályktun að með þessu hafi Tyrkir verið að bregðast við kröfum frá Evrópusambandinu um að stöðva flóttafólkið, sem hefur streymt yfir hafið frá Tyrklandi til Grikklands. **gudsteinn@frettabladid.is**

**792**

**þúsund manns fóru yfir hafið frá Tyrklandi til Grikklands á tímabilinu 1. janúar til 10. desember á þessu ári.**






# Lárus og Jóhannes á meðal sakborninga

**DÓMSMÁL** Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, og Jóhannes Baldursson, fyrrverandi framkvæmdastjóri markaðsviðskipta bankans, eru á meðal sakborninga í markaðsmisnotkunarmáli Glitnis sem sérstakur saksóknari hefur haft til rannsóknar undanfarin ár. Þetta herma heimildir Vísis, sem greindi frá málinu í gær.

Jóhannes var fyrr í mánuðinum dæmdur í þriggja ára fangelsi í Hæstarétti vegna BK-málsins, og þá voru bæði hann og Lárus ákærðir í Stím-málinu en dómsuppsaga verður í því næstkomandi mánudag í Héraðsdómi Reykjavíkur.



Lárus Welding var forstjóri Glitnis hrunárið 2008.

Rannsókn á meintri markaðsmisnotkun Glitnis í aðdraganda bankahrunsins 2008 er lokið. Málið snýr annars vegar að kaupum Glitnis á eigin hlutabréfum og svo hins vegar að því með hvaða hætti bréfin voru seld frá bankanum. Að sögn Ólafs Þórs Haukssonar, sérstaks saksóknara, er stefnt að því að ákvörðun um hvort ákæra verði gefin út í málinu, eða ekki, liggi fyrir á fyrstu þremur mánuðum næsta árs. **– skh**




# DEBENHAMS

ALLT AÐ

**50%**

AFSLÁTTUR

## Á GJAFADÖGUM

*fullt af flottum gjöfum*



ÚLPUR • *náttföt* • KÁPUR • *leðurhanskar* • TÖSKUR • *inniskór* • NÁTTSLOPPAR

Finndu okkur á facebook

**Opið** til 22:00 í kvöld

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

netto í jólaskapi

markhönnun ehf



# Gleðileg humarjól

HS SKELBROT
1 KG BLANDAÐ
**3.898 kr**

HUMAR ÁN SKELJAR
1 KG POKI
**3.998 kr**

HUMAR
2 KG ASKJA
**8.998 kr**

HUMAR VIP ASKJA
800 G
**6.570 kr**

KJÖTSEL

KJÖTSEL
HAMBORGARHRYGGUR
**1.798 kr/kg**



Vinningshryggur
2014

KJÖTSEL HANGIFRAMPARTUR
ÚRBEINAÐUR
**2.998 kr/kg**

KJÖTSEL





Jólahús Nettó
komdu við og smakkaðu

KJÖTSEL

KJÖTSEL
ANGILÆRI M/BEINI
**.799 kr/kg**



DANISH CROWN

DANISH CROWN
HÁGÆÐA NAUTALUND
**3.997 kr/kg**

**Tilboðin gilda 17. – 20. des 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Jólaopnun Nettó

| | 17.-22. desember | 23. Þorláksmessa | 24. Aðfangadag | 25.-26. jóladag & annan | 30. desember | 31. gamlárs | 1. janúar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Akureyri<br>Borgarnes<br>Egilsstaðir<br>Grindavík<br>Búðakór<br>Höfn<br>Salavegur<br>Reykjanesbær<br>Selfoss | 10-22 | 10-23 | 10-13 | lokað | 10-22 | 10-15 | lokað |
| Grandi<br>Mjódd | opið 24t | opið 24t | opið til 13 | lokað | opið 24t | opið til 15 | lokað |






























# Aðstandendur óvinnufærir vegna álags

**Ríflega þriðjungi fleiri leituðu til Geðhjálpar í ár en síðustu ár. Ráðgjafi segir opnari umræðu á samfélagsmiðlum hafa áhrif. Aðstandendur leita einnig ráðgjafar. Stærsti hópurinn er mæður fullorðinna karla sem í mörgum tilfellum búa hjá þeim og fara aldrei út úr húsi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Síðustu ár hafa erindi til Geðhjálpar verið að meðaltali fimm hundruð talsins. Erindi eru símtöl, tölvupóstur og beiðni um viðtöl hjá ráðgjafa. Í ár bárust samtökunum aftur á móti 770 erindi og þar af hefur viðtölum fjölgað mjög mikið.

Það er ókeypis að koma og fá ráðgjöf hjá Geðhjálp. Veitt eru nokkur viðtöl en ekki er um eiginlega sálfræðimeðferð að ræða. Ráðgjafinn aðstoðar viðkomandi að átta sig á vandanum, taka próf og ræða málin. Síðan er fólki beint í réttar áttir. Linda Dögg Hólm, ráðgjafi hjá Geðhjálp, segir aukna umræðu á samfélagsmiðlum skýra að einhverjum hluta aukninguna. „Fólk deildi reynslu sinni á Facebook og varð hissa á góðum viðbrögðum. Í athugasemdum var því svo bent á leiðir til að fá aðstoð og það hvatt áfram – og þannig enduðu margir hér hjá okkur.“

### Í vinnu með sjálfsvígshugsanir

Linda segir langflesta sem leita til hennar vera með kvíða og þunglyndi. Í mörgum tilfellum þurfi fólk einfaldlega að fá staðfestingu á grun sínum. „Fólk er oft með viðmiðið að ef þeir komast í vinnuna þá sé ekkert að þeim. En svo er það með sjálfsvígshugsanir. Við Íslendingar erum með svo sterka siðferðiskennd gagnvart vinnunni en það að mæta til vinnu er engin mælistika á líðan. Þumalputtareglan er sú að ef þig grunar að þú sért með kvíða eða þunglyndi, þá er það líklega rétt hjá þér.“

Linda greindist sjálf með geðhvörf um aldamótin og kannast við þá innri baráttu að vilja ekki viðurkenna vandann fyrir sjálfri sér. „Ég þurfti að fara alla leið á botninn sem endaði með því að ég missti löngunina til að lifa. Fólki þarf oft að líða mjög illa til að þiggja hjálpina sem er í boði en það þarf ekki að vera þannig.“

### Aðstandendur illa haldnir

Linda fór á lyf og í mikla sjálfsvinnu eftir greininguna. Hún var í ár á endurhæfingarlífeyri og fór á fullt að byggja upp líf sitt. Hún leggur áherslu á að fólk geti sannarlega náð jafnvægi og jafnvel fullum bata af geðsjúkdómi með réttri aðstoð og einbeitingu. Bati getur verið fólginn í að draga úr geðrænum einkennum eða í auknum lífsgæðum, fer eftir hverjum og einum.

„Í raun hófst líf mitt eftir greiningu. Þá fór ég í sálfræðinám sem ég hafði mikinn áhuga á. Sjúkdómur minn er í dag viðráðanlegur. Ég passa upp á mig með réttu mataræði, hreyfingu og að hugsa vel um andlegu hliðina.“

Linda er einnig aðstandandi en faðir hennar barðist við geðhvörf eins og hún. „Sjúkdómurinn er eins og rauður þráður í minni fjölskyldu. Ég get því sagt að ég hafi reynslu til að byggja á í viðtölunum,“ segir hún og bendir á nauðsyn þess að aðstandendur leiti sér aðstoðar. Um þriðjungur þeirra sem koma í ráðgjöf til Lindu eru aðstandendur, sem oft eru sjálfir orðnir óvinnufærir af álagi og vanmætti gagnvart vanlíðan sinna nánustu.

„Ég hjálpa fólki að halda áfram að lifa sínu lífi og setja fókus á sig sjálft. Oft er fólk týnt í að hjálpa öðrum. Fólk getur hreinlega orðið lasið af gremju og meðvirkni. Oft er þetta mikil sorg og hjá foreldrum brotnir draumar.“

### Meðvirkni hjálpar ekki

Linda segir erfiðasta hópinn vera fólk með geðrænan vanda og í neyslu. Stærsti hópur aðstandenda sem leita til hennar er aftur á móti mæður fullorðinna karlmanna og þar er tölvufíkn áberandi. Hún segir alla þurfa að huga að því hversu miklum tíma þeir eyða fyrir framan skjáinn, ekki síst þá sem nota slíkt til að flýja raunveruleikann.

„Margir þessara manna búa enn heima og fara aldrei út úr herbergi sínu. Þeir eru í tölvunni að spila leiki eða flýja í sjónvarpsseríur. Á meðan eru foreldrarnir að farast úr áhyggjum. Mér finnst eðlilegt að gera þá kröfu á fullorðinn einstakling að vinna fyrir sér, fá læknishjálp eða fara í endurhæfingu, að öðrum kosti flytja út. Fólk heldur að það megi ekki setja mörk ef einhver er lasinn. Það er misskilningur, það er akkúrat það sem fólk þarf – að taka ábyrgð á lífi sínu – í einhverjum skrefum með góðum stuðningi.“

**erlabjorg@frettabladid.is**



**Linda byggir á eigin reynslu í starfi sínu, bæði sem notandi geðheilbrigðisþjónustunnar og aðstandandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Fólk er oft með viðmiðið að ef þeir komast í vinnuna þá sé ekkert að þeim. En svo er það með sjálfsvígshugsanir.**

**770**
**leituðu til Geðhjálpar á þessu ári.**

> **Ég þurfti að fara alla leið á botninn sem endaði með því að ég missti löngunina til að lifa.**


SveinBjörg

20% afsláttur

**Jólin nálgast. Dásamlegir dýrgripir í jólapakkann.**

20% afsláttur af öllum vörum frá Sveinbjörgu.



BOSCH BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090

www.bosch.is

Gildir til 24. desember eða á meðan birgðir endast.


# Ísland er í þriðja sæti þegar kemur að tækni

**TÆKNI** Ísland er í þriðja sæti á heimsvísu í fjarskiptum og upplýsingatækni samkvæmt nýrri skýrslu Alþjóðafjarskiptasambandsins. Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, segir þetta gleðitíðindi.

„Við getum verið mjög ánægð með þetta. Sérstaklega á svona stóru og dreifbýlu landi,“ segir Hrafnkell.

Ísland hefur aldrei komist ofar en í þriðja sæti á listanum en hefur vermt það sæti frá árinu 2010, þó með batnandi einkunn frá Alþjóðafjarskiptasambandinu ár frá ári. Inn í einkunnina reiknast meðal annars farsímaáskriftir og aðgangur að interneti.

„Þegar aðgengi að fjarskiptaþjónustu er orðið þetta gott hjá flestum verður aðstöðumunur þeirra sem ekki hafa jafngott aðgengi hrópandi mikill. Það er staðan sem við horfum á víða í dreifbýli og strjálbýli í dag. Aðgengi að háhraðaneti er þar mjög lélegt eða ekki til staðar. Á sama tíma gengur þjóðfélagið út á að allt sé á netinu, þjónusta, fjölmiðlar og afþreying. Þeir sem ekki eru á internetinu lenda þá út undan,“ segir hann.

Hrafnkell segir markaðsaðila á Íslandi hafa komið landinu á þann stað sem það er nú og haldið úti góðri þjónustu á svæðum þar sem markaðsaðstæður eru fyrir hendi. Hins vegar segir hann markaðsaðila ekki meta þær fyrir hendi í strjálbýli og þar verði stjórnvöld að koma inn í. Hrafnkell bendir á að í fjárlagafrumvarpi sem undanfarið hafi verið rætt á Alþingi sé lagt til að um 500 milljónum króna verði varið í það verkefni.

„Baráttan heldur áfram þó við séum í góðri stöðu. Við viljum halda henni og ekki síst klára dæmið gagnvart þeim sem ekki njóta háhraðaþjónustu,“ segir Hrafnkell V. Gíslason. – **þea**

> **Við getum verið mjög ánægð með þetta. Sérstaklega á svona stóru og dreifbýlu landi.**



Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri PFS

**Tíu stigahæstu löndin**

| | | |
|---|---|---|
| **1** | Suður-Kórea | **8,93** |
| **2** | Danmörk | **8,88** |
| **3** | Ísland | **8,86** |
| **4** | Bretland | **8,75** |
| **5** | Svíþjóð | **8,67** |
| **6** | Lúxemborg | **8,59** |
| **7** | Sviss | **8,56** |
| **8** | Holland | **8,53** |
| **9** | Hong Kong | **8,52** |
| **10** | Noregur | **8,49** |



Komdu og skoðaðu úrvalið!
Gekk ég yfir sjó og land
– á góðum skóm frá Ellingsen
Jólagjöfin fæst í Ellingsen
ZAMBERLAN NEW TRAIL GTX
KK og KVK
32.590 KR.
SOREL TIVOLI HIGH
29.990 KR.
VIKING ASCENT GTX
KK og KVK
27.990 KR.
SCARPA MOJITO
KK og KVK
24.690 KR.
SOREL TIVOLI II
26.990 KR.
VIKING KJENNING GTX
34.990 KR.
SOREL YOOT PACK NYLON BARNASKÓR
13.990 KR.
SOREL YOOT PACK TP BARNASKÓR
18.990 KR.
ZAMBERLAN VIOZ PLUS GTX
KK og KVK
49.390 KR.
COLUMBIA PEAKFREAK
19.990 KR.
ZAMBERLAN QUANTUM GTX BARNASKÓR
16.790 KR.
MUCK BOOT REIÐSKÓR
14.789 KR.
MUCK BOOT BARNASTÍGVÉL
Margir litir
9.890 KR.
SOREL CARIBOU HERRA
29.990 KR.
SOREL CARIBOU DÖMU
29.990 KR.
Munið gjafabréfin!
Gjafabréf Ellingsen
REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630
Afgreiðslutímar í desember
Fim. 17. des. 10–22
Fös. 18. des. 10–22
Lau. 19. des. 10–22
Sun. 20. des. 12–22
Mán. 21. des. 10–22
Þri. 22. des. 10–22
Þorláksmessa 10–23
Aðfangadagur 10–12
Jóladagur Lokað
Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA
Verð og stærðir birt með fyrirvara um prentvillur.
PIPAR\TBWA • SÍA



Það er bráðskemmtilegt fyrir þá sem yngri eru að skella sér með í verslunarleiðangur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Það getur verið gott að koma sér fyrir í versluninni til að pakka inn og vera búinn að því þegar maður er kominn heim. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Er líða fer að jólum

Í dag er vika þar til jólin verða hringd inn og margir farnir að hlakka til. Straumurinn í verslanir er farinn að aukast, eins og venja er fyrir jól. Margar verslananna eru opnar til klukkan tíu á kvöldin þessa dagana. Ljósmyndarar Fréttablaðsins, **Stefán Karlsson** og **Vilhelm Gunnarsson**, kíktu í Smáralind og miðbæinn í gær.



Það var dágóður fjöldi fólks sem var kominn í Smáralind, bæði til að skoða og til að kaupa, um miðjan dag í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Í miðbæ Reykjavíkur er boðið upp á ristaðar möndlur. Og margir freistast af ilminum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Jólatréð í Smáralind er allt hið glæsilegasta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




* 1–10 kg. Gildir 11.–21. desember 2015

ÍSLENSKA SIA.IS IFR 77329 12/15




NORDIPHOTOS/AFP

# Andskotanum erfiðara verkefni

Íslendingar hafa það sem til þarf til að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda, og það hratt. Án tæknibyltingar þýða markmið Parísarsamkomulagsins endi olíualdarinnar. Kolefnisjöfnuður gæti verið raunhæft markmið Íslands og ætti að vera keppikeflið.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Það er gerlegt að ná þeim markmiðum sem Parísarsamkomulagið rammar inn – minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda svo halda megi hlýnun lofthjúpsins innan við tvær gráður. En það verður andskotanum erfiðara. Nú þegar eru verkfærin handbær á Íslandi til að draga verulega úr losun og það hratt.

### Stórátak

„Til að setja 1,5 gráðu markið í samhengi er rétt að athuga að hlýnun jarðar er frá upphafi iðnbyltingar nú þegar nærri því að vera ein gráða. Ef öll losun yrði stöðvuð samstundis myndi jörðin samt halda áfram að hlýna næstu áratugi og hlýnunin að lokum verða 1,2-1,3 gráður, miðað við tímann fyrir iðnbyltingu. Það þarf því mjög mikið átak til þess að hlýnun fari ekki yfir 1,5 gráður,“ segir Halldór Björnsson, sérfræðingur á Veðurstofu Íslands, um eina meginniðurstöðu Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París sem lauk 12. desember.

Halldór segir það einnig vekja athygli að loforð Kaupmannahafnarfundarins frá 2009 um 100 milljarða dollara sjóð til að berjast við afleiðingar loftslagsbreytinga er aftur að finna í loftslagssamningnum, en erfiðlega hefur þó gengið að fjármagna þann sjóð frá þeim tíma. Þá sé í samkomulaginu grein [grein 4.1] sem segi að þátttakendur, eða þjóðirnar 195, muni reyna að sjá til þess að á hnattræna vísu nái losun gróðurhúsalofttegunda hámarki eins fljótt og auðið er, þó þróunarlöndin fái vissan slaka um að hámark losunar verði náð síðar en í þróuðum löndum.

### 4 sviðsmyndir

Í þessu samhengi rifjar Halldór það upp að þegar milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) gaf út matsskýrslu árið 2013 var lagt mat á fjórar ólíkar sviðsmyndir um þróun losunar á jörðinni á þessari öld. Hlýnun jarðar var reiknuð fyrir hverja sviðsmynd.

„Einungis í einni þeirra reyndust minna en 66% líkur á því að hlýnun færi yfir 1,5 gráður. Í öllum öðrum sviðsmyndum hlýnaði meira. Þessar sviðsmyndir eru auðvitað ekkert annað en „sögur“ um losun, mannfjöldaþróun, efnahagsþróun og svo framvegis – þær eru ekki spár í sama skilningi og til dæmis veðurspár. Þær eiga hins vegar ekki að vera óraunsæjar, og byggt á þeim forsendum má segja að það markmið að halda hlýnun innan við 1,5 til tvær gráður sé gerlegt – en það verður ekki auðvelt og samkomulagið leggur ekki miklar línur um hvernig markinu skuli náð. Parísarsamkomulaginu má því líkja við það að aðilar hafi samþykkt staðsetningu á korti sem skuli stefnt á, en ekki ákveðið hvaða leið eigi að fara,“ segir Halldór.

### Endir olíualdarinnar

Halldór telur ljóst að ef hið metnaðarfulla samkomulag gengur eftir, og ef ekki kemur til einhver mjög öflug tækni til þess að binda kolefni í andrúmslofti, þá marki Parísarsamkomulagið endi olíualdarinnar. Ekki þurfi annað en að vísa til fyrrnefndrar greinar 4.1 um að á hnattræna vísu nái losun gróðurhúsalofttegunda hámarki eins fljótt og auðið er.

„Til þess að losun nái hámarki þarf nefnilega að draga verulega úr bruna jarðefnaeldsneytis og þar með skipta yfir í aðra orkugjafa, sem sagt endurnýjanlega orku á formi vatns, vinds, jarðhita eða sólarljóss. Þó þetta þýði að horfið verði frá jarðefnaeldsneyti er mikilvægt að hafa í huga að umskiptin munu taka tíma. Þrátt fyrir að síðustu ár hafi mikill vöxtur einkennt bæði vindorku- og enn frekar sólarorkugeirann þá mun líklega taka áratugi fyrir endurnýjanlega orku að ná að leysa jarðefnaeldsneytið alfarið af hólmi.“

Eina afleiðingu þessa segir Halldór vera þá að óháð því hvort ný bindingartækni kemur fram, sé ljóst að til þess að tryggja að losun nái hámarki sem fyrst þurfi líklega strax að beita hefðbundnari aðferðum við að binda kolefni og farga því. Þekktar hefðbundnar aðferðir eru endurheimt jarðgæða með landgræðslu, stöðvun eyðimerkurmyndunar, ræktun og endurheimt skóga. Þessar aðferðir eru þekktar og reynslan sýnir að þær virka.

### Tækifæri fyrir Ísland

„Fyrir Ísland þá býður þessi samningur upp á ákveðin tækifæri. Losun okkar er að hluta í evrópsku viðskiptakerfi um losunarheimildir, og sérstaklega stóriðjan, en um 60% eru utan þess og þar ættum við fyrst að skoða samdrátt. Við höfum ýmsa kosti til að draga úr losun, t.d. með því að auka rafvæðingu í samgöngum, mikil tækifæri til þess að draga úr losun með endurheimt votlendis, með því að beita landgræðslu til þess að stöðva gróðureyðingu og endurheimta ræktarland, og með því að beita skógrækt markvisst. Ekkert af þessu er nýtt, skógrækt og landgræðsla hvíla á traustum grunni, (við rekum m.a. Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna) og rafvæðing bílaflotans er þegar komin á rekspöl,“ segir Halldór.

### Kolefnisjafnað Ísland

Halldór telur að með því að leggja aukinn kraft í þá kosti sem þegar eru fyrir hendi ætti að vera mögulegt fyrir Íslendinga að draga verulega úr losun hratt og hugsanlega ná að kolefnisjafna landið.

„Það væri ánægjulegt markmið að stefna á að verða fyrst þjóða til að ná kolefnisjöfnuði. Reynslan frá baráttunni við ósóneyðandi efni sýnir að sú þekking og lausnir sem fyrirtæki þróa til að mæta kröfum um takmarkanir á losun getur orðið söluvara á erlendri grund. Við gætum án efa leikið þann leik aftur og gert loftslagsvænar lausnir að útflutningsvöru, eins og má segja að fyrirtæki séu þegar farin að gera með jarðhitann.“

## Áhrif loftslagsbreytinga á Ísland án aðgerða

- Jöklar munu hopa enn frekar, og eftir öld eða tvær munu aðeins finnast hér fjallajöklar.
- Afrennsli jökuláa mun því breytast mikið og tækifæri til raforkuvinnslu aukast um 20% um tíma, ef raforkukerfi verða hönnuð til þess að nýta það vatn sem til fellur.
- Landið mun grænka með hlýnun; skógarmörk færast ofar og sjálfsprottnir skógar verða algengari.
- Afrakstur ræktarlands verður meiri.
- Samsetning flökkustofna fugla og fiska mun breytast hér á landi; fuglar leita til landsins á meðan aðrir víkja sem kjósa kaldara loftslag. Gengd síldar, loðnu og makríls er þekkt dæmi og breytingar halda áfram.
- Hækkun sjávarborðs og landris af völdum bráðnunar jökla eru stærðir sem verða staðreynd en erfitt að ráða í hvað munu þýða.

**2°C**

**þröskuldur sem mannkyn má ekki við að fara yfir**

> Parísarsamkomulaginu má því líkja við það að aðilar hafi samþykkt staðsetningu á korti sem skuli stefnt á, en ekki ákveðið hvaða leið eigi að fara.

> Það væri ánægjulegt markmið að stefna á að verða fyrst þjóða til að ná kolefnisjöfnuði.

Halldór Björnsson, sérfræðingur á Veðurstofu Íslands



# Gott fyrir heimilið

## Á MÚRBÚÐARVERÐI

Kaffivél með Thermo hitakönnu 10-12 bolla, 900w

**2.690**



**Spandy** heimilisryksugan
- 1600W
- mikill sogkraftur > 18KPA
- margnota poki

**6.990**





Öflugur djús/ávaxtablandari með 1,3 l glerkönnu

**3.942**



Spandy Cyclon ryksuga Model-LD-620N
- Pokalaus umhverfisvæn
- 1200W
- 2,5 lítrar
- Sía HEPA
- raf snúra 4,8 metrar

**11.990**

**Drive** ryksuga í bílskúrinn
- 1200W
- 20 lítra
- sogkraftur > 16KPA
- fjöldi fylgihluta

**7.590**





Spandy handryksuga LD627X

**6.990**

Spandy Cyclon ryksuga Model-LD627X
- Pokalaus umhverfisvæn
- 500W
- 0,5 lítrar
- Sía HEPA
- raf snúra 9 metrar

Rafmagnshitablásari 2Kw

**1.990**

**Góður í kuldanum**



**Hentugt til jólagjafa!**



Töfrasproti – Blandari

**1.867**

Meiri gæði

Lægra verð

MÚRBÚÐIN

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |

MÚRBÚÐIN

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

# Ástand heimsins










1. Skálað við vélmenni í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu, þar sem Nabi-listamiðstöðin sýndi vélmennið Drinki, sem er gætt þeim hæfileika að geta drukkið vökva. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

2. Búddamunkur með jólasveinahúfu gengur þarna fram hjá jólatré og fleiri ljósfígúrum í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu. NORDICPHOTOS/AFP

3. Blöðrusali býður varning sinn til sölu í Hannover í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

4. Yfirmaður í japanska hernum lagfærir kaskeitið á einum undirmanna sinna fyrir utan varnarmálaráðuneytið í Tókýó. Hermennirnir voru búnir að stilla sér upp til að standa heiðursvörð stuttu áður en Shinso Abe forsætisráðherra ók í hlað. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

5. Veitingahúsið Comptoir Voltaire var opnað á ný í gær, rúmum mánuði eftir að hryðjuverkamaður sprengdi sig þar í loft upp. NORDICPHOTOS/AFP






Starfsfólk
# Bókmenntaverðlaun 2015
Tilnefningar
bókaverslana

## Íslenskar skáldsögur:




1.

## Ævisögur:




2.-3.

## Handbækur / fræðibækur:




1.

## Íslenskar barnabækur:




1.-2.




3.

## Íslenskar ungmennabækur:




1.




2.




3.

## Ljóðabækur:



1.




3.-4.




3.-4.

## Þýddar skáldsögur:




2.

## Þýddar barnabækur:




2.

## Þýddar ungmennabækur:




3.

## Veita verðlaun fyrir jólapeysur

Fjáröflunarátaki Barnaheilla, Jólapeysunni, lýkur um áramótin. Dómnefnd kemur hins vegar saman á morgun, föstudag, og velur frumlegustu, ljótustu, fallegustu, vinsælustu og endurvinnslujólapeysuna. Verðlaun verða svo veitt á laugardaginn.

Áheitaféð mun renna til verkefna Barnaheilla sem snúa að móttöku og mannúðaraðstoð fyrir sýrlensk flóttabörn og fjölskyldur þeirra í móttökulöndunum við Sýrland. Nú þegar veturinn er brostinn á er þörfin fyrir aðstoð mikil.



Dansað með sveinka í Árbæjarsafni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Jólasýning í Árbæjarsafni

Á sunnudaginn gefst síðasta tækifærið til að rekast á jólasveina á vappi í Árbæjarsafni fyrir jól. Á vefsíðu safnsins segir að jólasveinarnir verði þar kl. 14 til 16 en dansað verður í kringum jólatréð á torginu kl. 15.

Í safninu verður hægt að fylgjast með undirbúningi jólanna eins og hann var í gamla daga. Börn og fullorðnir geta föndrað, búið til músastiga, jólapoka og sitthvað fleira.

Í Hábæ verður hangikjöt í potti og gestum boðið að bragða á nýsoðnu keti. Í Efstabæ er skatan komin í pottinn. Í hesthúsinu frá Garðastræti er sýnt hvernig fólk bjó til tólgarkerti og kóngakerti í gamla daga. Í Árbænum er laufabrauð skorið út.

Jólahald heldra fólks við upphaf 20. aldar er sýnt í Suðurgötu 7 og í krambúðinni verður til sölu jólavarningur, kramarhús og konfekt.

Aðgangseyrir er 1.400 k.r fyrir 18 ára og eldri. Frítt fyrir börn, eldri borgara (70+) og öryrkja.

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

# VINNINGASKRÁ

**Hausthappdrætti 2015. Dregið 14. desember 2015**

### 1. vinningur:
**Nýr Opel Insignia Cosmo disel Turbó, sjálfskiptur, Bílabúð Benna.**
**Verðmæti: 5.128.000 kr.**
Miði nr. 88838

### 2. vinningur:
**Nýr Opel Mokka Enjoy, Turbó, sjálfskiptur, Bílabúð Benna.**
**Verðmæti 4.690.000 kr.**
Miði nr. 115086

### 3. vinningur:
**Nýr Opel Corsa Enjoy, sjálfskiptur, Bílabúð Benna.**
**Verðmæti 2.890.000 kr.**
Miði nr. 2738

### 4. - 43. vinningur:
**Ferðavinningur að eigin vali með Heimsferðum.**
**Hver að verðmæti 500.000 kr.**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2799 | 25867 | 42646 | 57096 | 70346 | 91060 | 106733 | 134077 |
| 3814 | 27118 | 49388 | 61939 | 76550 | 96792 | 116579 | 136937 |
| 6964 | 28946 | 52336 | 62536 | 79556 | 98802 | 119748 | 139318 |
| 19028 | 30999 | 52960 | 62666 | 79627 | 99692 | 121103 | 149084 |
| 20996 | 34797 | 55470 | 70103 | 81213 | 102624 | 126831 | 156090 |

### 44. - 93. vinningur:
**Ferðavinningur að eigin vali með Heimsferðum.**
**Hver að verðmæti 300.000 kr.**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 699 | 11870 | 27321 | 39374 | 60876 | 83317 | 105809 | 122606 | 137785 |
| 5378 | 14774 | 32585 | 39740 | 64745 | 85359 | 111610 | 126794 | 138596 |
| 5386 | 18014 | 32697 | 40412 | 67205 | 91260 | 118367 | 127655 | 146413 |
| 6536 | 19909 | 36844 | 47856 | 71739 | 93640 | 118844 | 132126 | 152985 |
| 9543 | 24209 | 36907 | 52924 | 82097 | 93887 | 121715 | 135854 | |
| 10143 | 26046 | 37170 | 56987 | 83090 | 100370 | | | |

### 94. - 173. vinningur:
**Samsung Galaxy S6, snjallsími að verðmæti 124.900 kr.**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1382 | 14317 | 23477 | 36931 | 61814 | 77420 | 99060 | 125265 | 141878 |
| 4352 | 16101 | 27410 | 49008 | 65735 | 78773 | 103891 | 129711 | 143196 |
| 4956 | 16993 | 28452 | 50202 | 66176 | 80270 | 108669 | 131126 | 145073 |
| 7202 | 17024 | 29068 | 50573 | 68677 | 80378 | 108883 | 134503 | 148490 |
| 7947 | 17450 | 29757 | 50662 | 71902 | 86520 | 109178 | 135065 | 151891 |
| 8756 | 19539 | 30002 | 52489 | 75085 | 86577 | 111908 | 136468 | 152364 |
| 9528 | 21255 | 34522 | 52605 | 75578 | 90147 | 117388 | 137342 | 153544 |
| 11096 | 22828 | 35725 | 55363 | 75964 | 96081 | 120359 | 141336 | 154271 |
| 14105 | 23417 | 35877 | 58310 | 76689 | 98416 | 124585 | 141552 | |

### 174. - 293. vinningur:
**Samsung Tab S2 spjaldtölva að verðmæti 99.900 kr.**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 732 | 25093 | 38260 | 56039 | 76180 | 99576 | 120363 | 133639 |
| 1339 | 27700 | 38914 | 57227 | 81357 | 102857 | 123591 | 135340 |
| 2465 | 28356 | 39326 | 58298 | 82323 | 106022 | 124343 | 139677 |
| 2632 | 30505 | 40996 | 58407 | 83261 | 108004 | 125045 | 140005 |
| 7599 | 32316 | 42203 | 61411 | 84135 | 108535 | 125880 | 143163 |
| 8714 | 32423 | 48329 | 63022 | 85890 | 112184 | 126149 | 143570 |
| 11173 | 32455 | 48511 | 64767 | 86287 | 115823 | 127171 | 144118 |
| 20129 | 35614 | 51141 | 68134 | 94546 | 117041 | 127507 | 151989 |
| 21719 | 36885 | 51397 | 68572 | 96743 | 117520 | 131156 | 152817 |
| 23424 | 37829 | 52656 | 73998 | 98056 | 119617 | 133466 | 156029 |

*Vinninga ber að vitja innan árs á skrifstofu Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17. Upplýsingasími 525 0000. Birt án ábyrgðar.*



„Rannsóknir hafa leitt í ljós að því auðveldara sem það er að fá mat þeim mun meira borðum við. Þess vegna borðum við meira þegar stórar skeiðar eru á hlaðborðinu heldur en til dæmis tangir og við borðum mest af því sem er næst okkur," segir danskur sérfræðingur í hegðun neytenda. NORDICPHOTOS/GETTY

# Þess vegna borðum við meira í desember

**Danskur sérfræðingur í hegðun neytenda segir að við borðum 95 prósentum meira þegar við erum í stórri veislu heldur en þegar við erum ein.**

Við borðum meira þegar margir sitja og snæða saman. Þetta er ein af ástæðum þess að við erum svo mikið í desember að við erum við það að springa, hefur danska ríkisútvarpið eftir Morten Sehested Münster, sérfræðingi í hegðun neytenda.

Hann segir að við borðum 33 prósentum meira þegar við borðum með öðrum einstaklingi. Það kunni að skýra hluta af ástarskvapinu. Ef við erum í stórri veislu borðum við 95 prósentum meira heldur en þegar við erum ein. Sérfræðingurinn segir að einnig megi sjá þessa hegðun hjá dýrum. Um sé að ræða félagslegar væntingar tengdar því að borða í takt við aðra. Samtímis staðfestum við að maturinn sé ljúffengur.

„Rannsóknir hafa leitt í ljós að því auðveldara sem það er að fá mat þeim mun meira borðum við. Þess vegna borðum við meira þegar stórar skeiðar eru á hlaðborðinu heldur en til dæmis tangir og við borðum mest af því sem er næst okkur," segir Münster í viðtalinu.

**95%**

**meiri er neyslan þegar við neytum matar í stórri veislu heldur en þegar við borðum ein.**

Þegar hann ræðir um hefðina að borða eins mikið og maður getur á jólunum nefnir hann meðal annars það sem hann kallar „what the hell-áhrifin". Maður viti vel að maður hefur borðað of mikið en leiðir það hjá sér og hugsar sem svo að þar sem maður hafi borðað svona mikið sé alveg eins gott að halda áfram. Auk þess ætli sér margir að taka sig á á nýju ári og það hafi þau áhrif að þeir borði meira. Þegar maður viti að takmörkun á mat sé framundan verðlauni maður sig áður.

Niðurstöður nýrrar rannsóknar sýna að til að njóta sem mest bragðsins af matnum á maður að anda rólega meðan maður borðar. Á vísindavefnum forskning.no segir að gott bragð hafi ekki bara með bragðlaukana á tungunni og í gómnum að gera. Ilmefni sem flytjist úr munninum til lyktarfrumna í nefinu séu mikilvæg.

Vísindamenn við Yale- og Pen State-háskólana í Bandaríkjunum hafa nú slegið því föstu að ilmur frá bæði mat og drykk finni sér leið frá aftari hluta munnsins og upp í nefið vegna lofts sem maður andar rólega frá sér. Þetta uppgötvuðu vísindamennirnir þegar þeir gerðu tilraunir með þrívíddarmynd af hálsi, munni og nefi. Myndin gerði þeim kleift að rannsaka betur loftstraumana frá munninum í gegnum nefgöngin og inn í nefið. Greint er frá því að það hafi komið vísindamönnunum á óvart hversu flutningur ilmefnanna var miklu meiri þegar andað var rólega heldur en þegar andað var hratt. **ibs@frettabladid.is**






# Meiri tími í Miðborginni okkar

## LENGRI AFGREIÐSLUTÍMI FRAM AÐ JÓLUM

**Opið til kl. 22 í verslunum miðborgarinnar öll kvöld til jóla og til kl. 23 á Þorláksmessu.**

- Tuk Tuk vagnar ferja þig milli bílastæðahúsa á Hverfisgötu og Laugavegi frá fimmtudegi til sunnudags frá kl. 17–22.
- Jólakrás götumatarmarkaður á Fógetatorgi við hlið Ingólfstorgs laugardag og sunnudag.
- Jólamarkaður á Fógetatorgi 21.–23. desember.
- Jólatónleikar á viðburðasviði Ingólfstorgs, laugardag kl. 15.
- Jólasveinar, kórar og hljómsveitir um alla miðborg til jóla.

**NÆG BÍLASTÆÐI OG MUNIÐ BÍLASTÆÐAHÚSIN.**

BÍLASTÆÐASJÓÐUR ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ

**VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM AÐVENTUHJARTAÐ SLÆR**

— WWW.MIDBORGIN.IS —

MIÐBORGIN OKKAR

# VIÐSKIPTI

### Dæmi um hreinar sameiningar

- Háskóli Íslands
- Landbúnaðarháskóli Íslands
- Tilraunastöð Háskólans á Keldum
- Stofnun Árna Magnússonar

→ Háskóli Íslands

- Háskólinn á Akureyri
- Háskólinn á Hólum
- Náttúrurannsóknarst. v. Mývatn
- Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

→ Háskólinn á Akureyri

### Dæmi um samrekstur

- Listasafn Einars Jónssonar
- Náttúruminjasafn Íslands
- Listasafn Íslands
- Þjóðminjasafn Íslands
- Hljóðbókasafn Íslands
- Kvikmyndasafn Íslands
- Landsbókasafn Íslands
- Þjóðskjalasafn Íslands

→ Safnastofnun

### Hægt er að fækka ríkisstofnunum um alls 118

| Tegund | Fjöldi stofnana | Lýsing | Dæmi |
|---|---|---|---|
| Samrekstur | 68 | Stofnanir reknar í sameiningu án þess að starfsstöðvum fækki | Rekstrareiningum á framhaldsskólastigi verði fækkað |
| Fagleg sameining | 27 | Stofnanir sem starfa innan sama málaflokks sameinist | Umhverfis- og auðlindastjórnun ríkisins verði á einum stað |
| Hrein sameining | 18 | Stofnanir með skörun í starfsemi sameinist | Fjölmiðlan. og Póst- og fjarskiptastofnun sameinist Samk.eftirliti |
| Aflagning | 5 | Stofnanir með óþarfa starfsemi verði lagðar niður | Umboðsmaður skuldara verði lagður niður |
| Samtals | 118 | | |

Heimild: Viðskiptaráð Íslands

# Leggja til að fækka ríkisstofnunum úr 188 í 70

**Viðskiptaráð Íslands birtir í dag þrjátíu tillögur til að fækka ríkisstofnunum. Það er mat ráðsins að allt of margar stofnanir séu reknar á Íslandi í samanburði við önnur lönd. Viðskiptaráð vill leggja niður fimm ríkisstofnanir og breyta öðrum.**

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Ísland er örríki í alþjóðlegum samanburði. Kostnaður af því að halda úti stofnanakerfi sem jafnast á við mun fjölmennari þjóðir er gríðarlegur, því leggur Viðskiptaráð Íslands til að fækka ríkisstofnunum úr 188 í 70. Þetta kemur fram í nýrri skoðun Viðskiptaráðs, Sníðum stakk eftir vexti, 30 tillögur að fækkun ríkisstofnana.

„Það sem við erum að benda á er að í fámennari ríkjum er kostnaðurinn meiri við flókið stofnanakerfi,“ segir Björn Brynjúlfur Björnsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs.

„Við erum ekki að leggja til að kjarnastarfsemi þessara stofnana verði minnkuð, við erum að leggja til að draga úr kostnaði meðal annars vegna stjórnunarkostnaðar og stofnþjónustu. Sá kostnaður dregur úr getu þessara stofnana til að sinna hlutverkum sínum með fullnægjandi hætti,“ segir Björn Brynjúlfur.

Viðskiptaráð telur að engin efnisleg rök standi í vegi fyrir einföldun stofnanakerfisins, reynsla af sameiningum hafi verið jákvæð. Eftir sameiningu lögregluembætta í upphafi árs 2007 hafi þjónustan batnað; hlutfall upplýstra mála jókst um 29 prósent, eignaspjöllum fækkaði um 40 prósent og ánægja með störf lögreglunnar jókst um fimm prósent.

> **Margir hafa talað fyrir því að fækka stofnunum og við viljum vekja athygli á þessu til að því verði fylgt eftir.**
>
> Björn Brynjúlfur Björnsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs

Hinar þrjátíu tillögur Viðskiptaráðsins skiptast í fjórar tegundir fækkana: samrekstur, faglega sameiningu, hreina sameiningu og aflagningu starfsemi. Fækka mætti um 68 stofnanir með samrekstri, þá væru stofnanir reknar í sameiningu án þess að starfsstöðvum fækkaði. Ráðið bendir til dæmis á að hægt væri að reka öll söfn á vegum hins opinbera undir safnastofnun.

Björn Brynjúlfur telur að tvímælalaust sé vilji til að fækka stofnunum. „Margir hafa talað fyrir því að fækka stofnunum og við viljum vekja athygli á þessu til að því verði fylgt eftir. Viljinn er ekki nóg, það þurfa aðgerðir að fylgja.“

Viðskiptaráð leggur til aflagningu fimm ríkisstofnana, Íbúðalánasjóðs, Umboðsmanns skuldara, ÁTVR, Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og Bankasýslu ríkisins. Að mati ráðsins eru stofnanirnar óþarfar. Verkefni þeirra ætti ýmist að leggja niður alfarið eða færa til annarra stofnana eða einkaaðila.

Björn Brynjúlfur telur að ekki sé of djúpt tekið í árinni með þessum tillögum, þær byggi flestallar á ítarlegum greiningum sem hafa verið unnar áður. „Við teljum að þær séu raunhæfar. Við teljum að Ísland sem ríki ætti að leitast við að reka sem allra fæstar stofnanir. Vegna kostnaðar og smæðar. Örstofnanir eru illa til þess fallnar að sinna hlutverkum sínum með fullnægjandi hætti.“

Ráðið telur einnig að af nægu sé að taka þegar kemur að sameiningum á sveitarstjórnarstiginu. Það séu meðal annars tækifæri til samrekstrar þegar kemur að leik- og grunnskólakerfinu. „Mikilvægast af öllu er að fækka sveitarfélögunum sjálfum. Þau eru núna 74 og það er í algjöru ósamræmi við önnur Norðurlönd og það sem við þekkjum í öðrum ríkjum, og það er afar óhagkvæmt fyrirkomulag. Sveitarfélögum fækkaði umtalsvert í kringum síðustu aldamót, en undanfarin ár hefur mjög hægt á þeirri þróun. Þess vegna hvetjum við til þess að lagasetningu sé beitt til að tryggja frekari sameiningar, til dæmis með ákvæði um lágmarksfjölda íbúa í sveitarfélagi,“ segir Björn Brynjúlfur.




Meðal stofnana sem Viðskiptaráð Íslands vill leggja niður er Íbúðalánasjóður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þróunin í Kína hræðir

Samkvæmt greiningaraðilum Economist Intelligence Unit (EIU) er minni hagvöxtur í Kína stærsta ógnin sem alþjóðahagkerfið horfir á móti á nýju ári.

Í nýrri skýrslu EIU segir að kínverska hagkerfið sjái fram á mikla erfiðleika á næsta ári, bæði vegna sveiflna á innlendum hlutabréfamarkaði, minni útflutnings og minna fjármagnsútstreymis.

Slæm efnahagsskilyrði í Kína á árinu 2015 höfðu gríðarleg áhrif á alþjóðamarkaði. Hrun varð á kínverskum hlutabréfamarkaði um miðjan júní. Þriðjungur af virði A-hlutabréfa á Shanghai-hlutabréfamarkaðnum hvarf á einum mánuði í kjölfarið. Mikil eftirköst urðu 27. júlí og 24. ágúst.

> **4,9%**
> gæti orðið samdráttur hagvaxtar í Kína í ár.

Dow Jones-vísitalan í Bandaríkjunum hrundi um þúsund stig þann 24. ágúst sem er stærsta hrun í sögu vísitölunnar.

Hagvöxtur í Kína hefur dregist saman frá árinu 2011, eftir að hafa mælst 10,6 prósent árið 2010. Spáð er að hann muni mælast 6,9 prósent í lok þessa árs. Í skýrslunni er því spáð að hagvöxtur í Kína gæti lækkað í 4,9 prósent í lok áratugarins. – sg

# Fáfnir Offshore tapar 50 milljónum

Olíuvinnslufyrirtækið Fáfnir Offshore tapaði 3,5 milljónum norskra króna á síðasta ári, jafnvirði 50 milljóna íslenskra króna miðað við núverandi gengi.

Í ársreikningnum kemur fram að síðasta ár hafi verið fyrsta rekstrarár Fáfnis sem hafi hafið rekstur í maí. Um haustið fékk félagið afhent dýrasta skip Íslandssögunnar, þjónustuskipið Polarsyssel, sem bókfært er á 334 milljónir norskra króna, um 5 milljarða íslenskra króna. Verkefnum fyrir olíuvinnsluskip hefur fækkað verulega frá því að olíuverð tók að falla í fyrrasumar. Verð á tunnu af Brent-hráolíu stendur nú í 38 dollurum á tunnu en var ríflega 110 sumarið 2014, um það leyti sem Fáfnir hóf rekstur.



Polarsyssel er í útleigu hjá sýslumanninum á Svalbarða níu mánuði á ári.

Fáfni tókst engu að síður að tryggja að Polarsyssel fengi viðbótarsamning við sýslumanninn á Svalbarða. Skipið mun nú þjónusta sýslumannsembættið níu mánuði á ári í stað sex mánaða áður. Með viðbótinni er áætlað að tekjur Fáfnis af leigu Polarsyssel nemi um 840 milljónum íslenskra króna á ári. Tekjur Fáfnis á síðasta ári námu hálfum milljarði króna.

Fáfnir er með annað enn stærra og dýrara olíuþjónustuskip í smíðum en afhendingu þess hefur verið frestað nokkrum sinnum vegna erfiðra markaðsaðstæðna, nú síðast fram til ársins 2017.

Eignir Fáfnis voru bókfærðar á tæpa 5,8 milljarða króna um síðustu áramót, skuldir á 2,9 milljarða. Þá hafa hluthafar Fáfnis lagt 2,9 milljarða króna af eigin fé inn í félagið. – ih

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

## Jóladagatal

## Nýtt jólatilboð

*GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Aðeins í dag fimmtudag



50% afsláttur

**499** kr. kg

Verð áður ~~999~~ kr. kg

Vínber, græn, rauð og blá

*Gildir 17. desember 2015




**1969** kr. kg

Sambands hangiframpartur, úrbeinaður



Gildir til föstudagsins 18. desember




**1399** kr. pk.

Verð áður ~~1559~~ kr. pk.

Danskar kjúklingabringur, 900 g

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is


SAMSUNG
SETRIÐ


STÍLL


FASTUS


VEIÐIHORNIÐ


bíum bíum


MINNUM Á VINSÆLU
AFSLÁTTARKORTIN OKKAR!
Linda
hársnyrtistofa


KJARAN


Milwaukee
VERKFÆRA
SALAN







# Velkomin í Síðumúla

Gerðu jólainnkaupin hjá okkur í Síðumúlanum.
Fjölbreytt úrval verslanna & næg bílastæði.









# Trúir þú á álfasögur?



**Fanney Birna Jónsdóttir**
fanney@frettabladid.is

Meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dró í gær til baka þá tillögu að fella niður 59 prósenta toll á innfluttu kartöflusnakki. Í yfirlýsingu frá Félagi atvinnurekenda segir að ástæðan sé þrýstingur frá innlendum snakkframleiðendum.

Í yfirlýsingunni segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri félagsins, að ofurtollurinn hafi verið réttlættur með því að hann sé hluti af tollvernd fyrir landbúnaðinn. „Staðreyndin er hins vegar sú að engar íslenskar kartöflur eru notaðar í framleiðslu tveggja iðnfyrirtækja, sem framleiða snakk. Þau framleiða úr innfluttu hráefni, sem ber litla sem enga tolla. Snakktollurinn er þannig verndartollur fyrir iðnað, dulbúinn sem tollvernd fyrir landbúnað," segir Ólafur.

Ríkisstjórnin hefur lyft grettistaki í þessum efnum. Um síðustu áramót voru vörugjöld afnumin og bil á milli virðisaukaskattþrepa minnkað. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefur auk þess kynnt áform um að afnema einhliða tolla af fötum og skóm um áramót og tolla af öðrum vörum, að matvöru undanskilinni, fyrir árið 2017.

Ráðherra skipaði starfshóp til að fjalla um endurskoðun tollskrárinnar. Þar kom meðal annars fram að viðskipti milli þjóða hafa almennt áhrif á heildarábata þeirra. Við aukinn innflutning eykst neytendaábati þar sem innlent vöruúrval verður meira og verðlag lækkar í ljósi aukinnar samkeppni. „Tollar hafa hamlandi áhrif á viðskipti og draga úr alþjóðaviðskiptum þegar á heildina er litið. Þegar tollur er lagður á innflutta vöru hækkar verðið sem innlendir neytendur þurfa að greiða fyrir vöruna sem aftur minnkar eftirspurn eftir henni," segir í skýrslu starfshópsins.

Í athugun Félags atvinnurekenda kemur fram að niðurfelling ofurtollsins á kartöflusnakk myndi spara neytendum 162 milljónir króna á ári, miðað við innflutningstölur frá nóvember 2014 til október 2015.

Í viðtali á Bylgjunni fyrir skömmu upplýsti þingmaður Framsóknar, Willum Þór Þórsson, sem á sæti í efnahags- og viðskiptanefnd, að nefndin hefði fengið mikil viðbrögð frá innlendum snakkframleiðendum, sem flyttu inn hráefni í framleiðslu sína sem bæru tolla. Nefndin þyrfti því að skoða „víðtækari hagsmuni". Alls starfa 20 manns við snakkframleiðslu á Íslandi.

Fallast má á að hægt sé að rökstyðja þörf á því að halda verndarhendi yfir ákveðnum hluta íslenskrar landbúnaðarframleiðslu, þó það sé sannarlega ekki óumdeilt. Hins vegar er erfitt að koma auga á að nokkur rök séu fyrir því að leggja háa verndartolla á afurðir sem ekki eru framleiddar hér nema í litlu magni.

Miðað við orð þingmannsins verður ekki annað séð en þeir víðtæku hagsmunir sem taka á tillit til með því að leggja áfram tæplega 60 prósenta toll á kartöflusnakk séu hagsmunir örfárra og geti seint talist víðtækir. Burtséð frá því hversu lítið mál í stóra samhenginu tollar á kartöflusnakk er, þá verður að spyrja hvort framkvæmdin sé fagleg. Þetta hljómar mun frekar sem einhver álfasaga.

**Hins vegar er erfitt að koma auga á að nokkur rök séu fyrir því að leggja háa verndartolla á afurðir sem ekki eru framleiddar hér á landi nema í litlu magni.**








## Halldór





## Frá degi til dags

**Hús í stað holu**

**Stjórnarandstæðingar fóru mikinn í annarri umræðu um fjárlög næsta árs. Þar fór fremst í flokki Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingmaður VG, sem lét gamminn geisa í tæpa fimm klukkutíma. Bjarkey var þó ekki eini þingmaðurinn úr VG sem sagði stjórnarmeirihlutanum til syndanna. Það gerði leiðtogi lífs hennar, Katrín Jakobsdóttir, líka þegar hún hvatti stjórnarmeirihlutann til að heimila Happdrætti Háskóla Íslands að fjármagna Hús íslenskra fræða. Hætt var við byggingu hússins í hruninu, fyrir sjö árum, eftir að grunnurinn hafði verið grafinn. Sagðist Katrín í gær vera orðin langeyg eftir því að sjá þar Hús íslenskra fræða í stað Holu íslenskra fræða.**

**Píratar og einkavæðingin**

**Eftir að tilkynnt var að íslenska ríkið myndi taka yfir Íslandsbanka af kröfuhöfum Glitnis varð ljóst að einkavæða þarf bankana. Með ríkið sem eiganda að Landsbanka og Íslandsbanka blasir við fákeppni á markaðnum. Könnun Gallup fyrir Pírata bendir hins vegar til þess að almenningur treysti ekki Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum við einkavæðinguna. Enda hræða sporin frá árunum 2002-2003. Það myndi gleðja frjálslynd hjörtu að sjá Pírata króna yfirburðastöðu sína á meðal almennings, með því að leggja fram trúverðuga áætlun um sölu bankanna.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Dætur Pílatusar



**Kristinn H. Gunnarsson**
fv. alþingismaður

Svo ber til um þessar mundir á Íslandi að veikum börnum fátæks fólks er vísað úr landi. En þess ber að geta að börnin eru útlendingar. Útlendingastofnun hafnaði beiðni um dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Í lögum um útlendinga segir í grein 12f að heimilt sé að veita útlendingi dvalarleyfi ef rík mannúðarsjónarmið standa til þess. Heilbrigðisástæður falla undir það skv. lagagreininni og sérstaklega ef börn eiga í hlut. Segir þá að hafa skuli það að leiðarljósi sem barni er fyrir bestu.

Til viðbótar er barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna orðinn að sérstökum lögum á Íslandi. Í 22. grein samningsins er mælt fyrir um að stjórnvöld tryggi barni sem leitað hefur eftir aðstoð sem flóttamaður viðeigandi vernd og mannúðlega aðstoð og í 24. grein viðurkenna stjórnvöld skyldu sína til þess að tryggja barni bestu aðstöðu til læknisþjónustu. Aðstæður þarf að meta og Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar, gerði það og sagði svo nei, ég get ekki annað. Líklega ná þessi lög ekki til Albana. Undanfarin tvö ár hafa fjölmargir Albanar sótt um hæli en enginn fengið.

Ráðherra Ólöf Nordal fer með yfirstjórn mála samkvæmt útlendingalögum. Hún getur sett nánari reglur um heimild útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér á landi, þar á meðal um frekari skilyrði fyrir dvalar- og búsetuleyfi. Eftir þessum reglum vinnur kærunefnd úrskurðarmála. Þangað geta hælisleitendur skotið máli sínu ef Útlendingastofnun synjar erindi þeirra. Ráðherra ræður því hverjir sitja í úrskurðarnefndinni. Ráðherra ræður líka miklu um þær forsendur og reglur sem nefndin hefur í sínu starfi.

Innanríkisráðherra Ólöf Nordal sagði, með sting í hjarta, um mál albönsku barnanna og fjölskyldna þeirra: Ég hef ekkert vald í málinu.

Pílatus þvoði hendur sínar líka.

„Nú sér Pílatus, að hann fær ekki að gjört, en ólætin aukast. Hann tók vatn, þvoði hendur sínar frammi fyrir fólkinu og mælti: „Sýkn er ég af blóði þessa manns!""

**Ávinningurinn af því að moka ofan í kílómetra langan skurð eru 25 hektarar votlendis.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Samtöl við sjálfstæðismenn


Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor


Ég hitti gamlan félaga minn á förnum vegi, sjálfstæðismann af gamla skólanum, og hann tók þá upp úr þurru að mæra Ísland og allt sem íslenzkt er eins og hann héldi að ég ætlaði að gera hið gagnstæða að fyrra bragði. En mér bjó ekkert slíkt í hug. Ísland er hrekklaust samfélag, sagði hann. Ekki finnst þeim það sem misstu allt sitt í hruninu, sagði ég, heimili sín eða ævisparnað eða hvort tveggja. Þetta er verra í útlöndum, sagði hann. Já, sagði ég, að því leyti að þar hafa þeir sem tæmdu bankana sloppið við dóma, en hér eru fangelsisárin vegna hrunsins komin yfir 30, bætti ég við.

Síðan eru liðnir nokkrir mánuðir. Nú er talan komin upp í 54 ár sem dreifast á 22 einstaklinga og á trúlega eftir að hækka þar eð Hæstiréttur á enn eftir að fjalla um ýmis hrunmál. Þetta gerir um 2,5 ár á mann að meðaltali. Útlendingar taka eftir þessu, t.d. framkvæmdastjóri AGS sem hældi Íslandi fyrir þetta í ræðu um daginn.

### Embættismaðurinn

Í einkasamkvæmi ekki alls fyrir löngu hitti ég annan gamlan kunningja, hátt settan embættismann. Ég var á fundi í Valhöll, sagði hann, og þegar varaformaður flokksins sté í ræðustól risu fundarmenn hljóðlega úr sætum sínum, hvílík stemning. Mér varð hugsað til Rúmeníu þar sem þau Nikolaí Sjáseskú og Elena kona hans fengu þessar móttökur hvar sem þau komu, en ég sagði ekkert.

Kunningi minn hélt áfram: Ísland vantar aga. Já, sagði ég, þess vegna m.a. samþykktu kjósendur nýja stjórnarskrá í þjóðaratkvæðagreiðslu 2012, stjórnarskrá sem kveður á um skýr valdmörk og



mótvægi, jafnt vægi atkvæða, auðlindir í þjóðareigu o.fl. og bíður nú staðfestingar Alþingis. Nei, biddu fyrir þér, sagði hann, þátttakan í þjóðaratkvæðagreiðslunni var ekki nógu mikil. Lögin gera enga kröfu um tiltekna þátttöku í þjóðaratkvæðagreiðslum, sagði ég. Stjórnlagaráðið var ólöglegt skv. ákvörðun Hæstaréttar, sagði hann þá. Þið skirrizt ekki við að skýla ykkur bak við lögleysur, sagði ég. Þegar Hæstiréttur vísaði frá kæru vegna meintra tæknigalla á framkvæmd sveitarstjórnakosninganna 2012, viðurkenndi rétturinn þar með í reynd að ógilding stjórnlagaþingskosningarinnar 2010 vegna meintra tæknigalla var lögleysa, sagði ég, eins og margir menn hafa sýnt og sannað á prenti. Enda hvarf forsprakkinn í ógildingarmálinu skömmu síðar burt úr Hæstarétti.

### Listamaðurinn

Í garðveizlu í hjarta Reykjavíkur vék sér að mér gamall kunningi, listamaður, vel tengdur, svo vel tengdur að hann þurfti um skeið ekki að gera boð á undan sér þegar hann átti erindi í stjórnarráðið heldur gekk hann bara beint inn á kontór

> Það er ekki of seint fyrir sjálfstæðismenn að sjá sig um hönd. Sá sem fer í útreiðartúr á tígrisdýri og situr enn á dýrinu getur stokkið af baki. Hann getur a.m.k. reynt það og – hver veit? – kannski sloppið með skrekkinn.

ráðherrans án þess að banka. Þetta var vorið 2012. Sjálfstæðismenn á Alþingi höfðu þá brugðið fæti fyrir tillögu ríkisstjórnarinnar um að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um nýju stjórnarskrána samhliða forsetakjöri í júní 2012 til að spara fé og tryggja góða þátttöku.

Ég stend með ykkur í stjórnarskrármálinu, sagði kunningi minn, en þú skalt gera þér grein fyrir því, Þorvaldur minn, bætti hann við, að það verður engin þjóðaratkvæðagreiðsla haldin um málið. Mér datt sem snöggvast í hug að hann væri e.t.v. að flytja mér boð eða bergmál úr efstu lögum flokksins. Hafi svo verið mistókst ráðagerðin þar eð þjóðaratkvæðagreiðslan var haldin 20. október þá um haustið.

### Forstjórinn

Í samkvæmi vorið áður, það var 2011, hafði enn annar gamall kunningi minn, forstjóri, spurt mig hvort við værum viss um að við þekktum þjóðina, við í stjórnlagaráði sem höfðum þá, komin að verkinu hvert úr sinni áttinni, nýlega samþykkt frumvarp að nýrri stjórnarskrá einum rómi með 25 atkvæðum gegn engu og afhent Alþingi. Já, ég held við þekkjum þjóðina, a.m.k. það sem hún vill og óskar sér, svaraði ég, enda er nýja stjórnarskráin í öllum aðalatriðum í samræmi við niðurstöðu þjóðfundarins 2010. Vilji þjóðarinnar lá fyrir.

### Útreiðartúr á tígrisdýri

Í þessum samtölum var það embættismaðurinn einn sem hampaði lögleysu Hæstaréttar og gerði lítið úr þjóðaratkvæðagreiðslunni og þá um leið úr lýðræðinu. Sjálfstæðismenn á Alþingi ættu að hugsa sig vandlega um áður en þeir stimpla sig inn í Íslandssöguna sem óvinir lýðræðisins. Þeim var fengið gullvægt tækifæri eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna til að segja við útvegsmenn: 83% kjósenda hafa lýst stuðningi við auðlindir í þjóðareigu og við verðum að fylgja þeim frekar en ykkur. Það er ekki of seint fyrir sjálfstæðismenn að sjá sig um hönd. Sá sem fer í útreiðartúr á tígrisdýri og situr enn á dýrinu getur stokkið af baki. Hann getur a.m.k. reynt það og – hver veit? – kannski sloppið með skrekkinn.


KIA | Ábyrgð fylgir!

Allt að 7 ára ábyrgð fylgir notuðum Kia**




Kia Sportage EX
Árgerð 2014, ekinn 105 þús. km, dísil, 136 hö, sjálfskiptur.
4.490.000 kr.




Kia Rio LX 1.1
Árgerð 2014, ekinn 30 þús. km, dísil, 75 hö, beinskiptur.
2.190.000 kr.
28.777 kr. á mánuði*




Kia Carens EX 1.7
Árgerð 2014, ekinn 67 þús. km, dísil, 136 hö, sjálfskiptur.
3.890.000 kr.
50.777 kr. á mánuði*




Kia cee'd EX 1.6
Árgerð 2014, ekinn 12 þús. km, dísil, 128 hö, sjálfskiptur.
3.950.000 kr.
51.777 kr. á mánuði*




Kia Sorento Classic
Árgerð 2014, ekinn 43 þús. km, dísil, 198 hö, sjálfskiptur.
5.990.000 kr.
78.777 kr. á mánuði*

*Mánaðargreiðsla m.v. 70% bílalán í 72 mánuði. Vextir 9,25% og árleg hlutfallstala kostnaðar er 11%.
**Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar.

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR
www.notadir.is

Kletthálsi 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartími:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16

# Friður í Jerúsalem á aðventu



Hjörtur Magni Jóhannsson
guðfræðingur og prestur/forstöðumaður Fríkirkjunnar við Tjörnina

Það eru forréttindi að vera boðið að taka þátt í friðarráðstefnu á aðventu í borginni helgu. Saman voru komnir trúarleiðtogar innan gyðingdóms, kristni og íslam.

Borgin stendur 800 metrum yfir sjávarmáli í Júdeuhæðum. Í vestur er stutt niður á Miðjarðarhafsströndina. Í austur liggur leiðin rúma þúsund metra bratt niður á við. Þar í Jórdandalnum 250 metrum undir sjávarmáli er að finna Jeríkó, elstu borg á jörðu.

**Borg Friðar**
Á hebresku er orðið Jerúsalem dregið af sömu rót og orðið friður „Shalom“ og „Salam“ á arabísku. Miklar aðventu-friðarvonir eru bundnar borginni bæði innan gyðingdóms sem kristni. Þó hefur líklegast ekki verið eins mikið tekist á og barist um neina borg og þessa borg friðarins sem á sér um fjögur þúsund ára sögu.

Jerúsalem er helgasta borg á jörðu í hugum gyðinga og kristinna manna og íslam gerir einnig tilkall til hennar. Borgin er skurðpunktur þrennra stóru eingyðistrúarbragða heimsins.

**Bræðurnir þrír**
Gamla testamentið er bakgrunnur eingyðistrúarhefðanna þriggja. Guðinn er aðeins einn þó svo að trúarritin eða túlkunargleraugun; Talmúd, Nýja testamentið og Kóraninn séu ólík. Trúarritin hafa orðið til á afar ólíkum tímum og við gjörólíkar aðstæður og eru því ekki samhljóma. Hver siðurinn fyrir sig hefur reynt að eigna sér almættið og sníða það að eigin sérþörfum. Með einstrengingshætti, afbrýðisemi og bókstafstrú hafa bræðurnir gert guð að vopni. Trúin, hefðin, siðurinn hefur verið notaður til að upphefja ættina, ættbálkinn, héraðið, landsvæðið, þjóðina, ríkið. Og með sama hætti útiloka aðra, refsa, skapa ótta og jafnvel fremja níðingsleg hryðjuverk. Krossfarirnar á miðöldum, helför gyðinga í hinu kristna Þýskalandi, hlutskipti Palestínumanna á Vesturbakkanum og Gaza undir herstjórn Ísraelsmanna, sem og hryðjuverkin í París fyrir skömmu, tala sínu máli.

**Tilvistaröryggi**
En trúarhefðunum þrem var og er ekki ætlað að boða þrjá ólíka Guði. Það sem tengir saman er margfalt fleira og mikilvægara en það sem sundrar. Þar ber hæst áhersluna á samhygð, náungakærleika og samhjálp. Þann grunn er að finna í sjálfu Gamla testamentinu.

Kjarni trúarbragðanna er ekki hin eina sanna opinberun í okkar helgiritum, eða boð og bönn til að greina okkur frá hinum. Nei. Kjarni trúarbragðanna er að veita okkur öllum tilvistaröryggi. Trúarþörf fólks er yfirleitt leit að tilvistaröryggi. Að við fáum tilfinningu fyrir því hvaðan við komum, hver við erum, hvert við stefnum og að við séum hluti af stærri heild. En trúarstofnanir og misvitrir trúarleiðtogar hafa gert út á þessa eðlisþörf okkar og snúið göfugum gildum á hvolf.

**Er trúin vandinn eða lausnin?**
Þegar fulltrúar trúarhefðanna setjast niður og tala saman þá verða allir að gefa aðeins eftir. Hluti vandans liggur hjá trúarleiðtogum og í því hvernig þeir skilja sitt hlutverk. Margir leggja alla áherslu á sína einu réttu trúarhefð og fornu rit sem Guð einn talar í gegnum og engum öðrum er gefinn. Leiðtogarnir; rabbínar, ímamar eða prestar geta einir túlkað Guðs eina heilaga orð. Það gefur þeim völd og áhrif. Það getur verið erfitt fyrir áhrifamikla og volduga trúarleiðtoga að viðurkenna þetta.



**Trúarbrögðunum er ekki einum um að kenna. En þau þurfa að kannast við sína ábyrgð. Hvernig þau hafa vissulega verið notuð til að reisa aðskilnaðarmúra í stað þess að byggja friðarbrýr.**

**Lausn – ný viðmið**
Trúarlegir leiðtogar þurfa að temja sér ný viðmið og læra að hugsa út fyrir kassalagaðar hefðir. Mikilvægt er að forðast allt tal um algildan sannleika eða endanlegar opinberanir. Aðeins Guð einn er óbreytanlegur. Allt annað er breytingum háð. Meira að segja hugmyndir okkar um Guð, þær eiga að breytast því að Guð er stöðugt að og okkur er ætlað að læra nýja hluti. Þannig uppgötvum við ný sannindi um okkur sjálf, um náungann og um Guð í gegnum samskipti okkar við náungann. Því þar er jú Guð að finna samkvæmt orðum Jesú frá Nazaret.

**Að brjóta niður aðskilnaðarmúrinn**
Trúarbrögðunum er ekki einum um að kenna. En þau þurfa að kannast við sína ábyrgð. Hvernig þau hafa vissulega verið notuð til að reisa aðskilnaðarmúra í stað þess að byggja friðarbrýr. Við eigum að draga lærdóm af biturri átakasögu.

Þegar helgar ritningar eru misnotaðar þá þurfum við að leita Guðs handan ritninganna. Við leitum Guðs handan útilokandi trúarjátninga, handan einstrengingslegra hefða, handan þröngsýnnar bókstafshyggju og jafnvel handan trúarbragða þegar þau eru misnotuð. Við þurfum að opna friðarvoninni leið í gegnum múrinn. Við þurfum að brjóta niður múra haturs og tortryggni. Skapa aðventu eftirvæntingar um sátt og samlyndi milli hefðanna þriggja.

# Varasamt að hreykja sér



Orri Vigfússon
form. NASF, verndarstofnunar villtra laxastofna

Raforkustefna Íslendinga hefur hingað til miðast við að lágmarka neikvæð áhrif af stíflum og öðrum raforkumannvirkjum. Kappkostað hefur verið að virkja eins ofarlega í ánum og mögulegt er, helst í jökulám á borð við Þjórsá, Blöndu og Jökulsá á Dal, og takmarka þannig áhrif á gönguleiðir fiska. Eigi áfram að framleiða græna og endurnýjanlega orku á Íslandi þarf að fara varlega og ganga ekki of nærri óspilltri náttúru, sem er okkar verðmætasta auðlind.

Á loftslagsráðstefnunni í París komu fram nýjar upplýsingar um þann skaða sem vatnsaflsstíflur valda á lífríkinu. Þar bar hæst tjón á fiskstofnum vegna búsvæðamissis, rennslisbreytinga og setefnisflutninga. Sagt var frá því að rennslisbreytingar af manna völdum hafi haft mun alvarlegri áhrif en áður var talið. Í París var því lögð höfuðáhersla á að lífríkið yrði undantekningalaust kannað í þaula og umhverfisáhrif metin áður en verkfræðingar fengju að hlutast til um mannvirkjagerð í straumvötnum.

Þótt okkur finnist að bærilega hafi til tekist í raforkumálum Íslendinga til þessa er vafasamt að hreykja sér um of af árangrinum og leggja til að slakað verði á umhverfiskröfum á næstu árum og áratugum. Mikilvægara er að huga betur að þeim vísbendingum sem komið hafa fram að undanförnu um að hin varkára stefna fyrri áratuga gagnvart lífríkinu hafi jafnvel ekki dugað til að koma í veg fyrir alvarleg umhverfisspjöll. Mögulega hefur stíflun jökulfljóta til dæmis spillt lífríki sjávar og þar með hrygningarstöðvum nytjafiska sem njóta góðs af framburði fljótanna – sem nú safnast fyrir í uppistöðulónum.

**Á loftslagsráðstefnunni í París komu fram nýjar upplýsingar um þann skaða sem vatnsaflsstíflur valda á lífríkinu. Þar bar hæst tjón á fiskstofnum vegna búsvæðamissis, rennslisbreytinga og setefnisflutninga.**

Þau rök eru léttvæg að við mengum aðeins minna en mestu umhverfissóðar heimsins, sem verma botnsætin þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda. Okkur ber engin siðferðisleg skylda til að setjast sjálf í botnsætið til þess eins að losa aðra við að sitja þar. Höfuðmarkmið okkar í umhverfismálum á Íslandi á að vera að vernda náttúruna. Þar vegur þyngst að ganga ekki á sjálfbæra fiskstofna, stilla orkuframleiðslu í hóf eftir þörfum þjóðarinnar og hugsa í því tilliti til komandi kynslóða með því að standa vörð um græna og umhverfisvæna ímynd landsins. Aðeins þannig getum við orðið öðrum góð fyrirmynd um þá ábyrgu afstöðu í loftslagsmálum sem heimsbyggðin kallar nú eftir.

# Hin árlega atlaga



Árni Heimir Ingólfsson
listrænn ráðgjafi Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Þær eru æði margar, hefðirnar sem lífga upp á tilveruna ár hvert þegar líða fer að jólum. Jólasveinar koma til byggða hver á eftir öðrum, daglegt líf tekur að hverfast um jólatónleika og kökubakstur, jólageit IKEA tortímist með dularfullum hætti. Um svipað leyti fer af stað, ár eftir ár, sérkennileg umræða um tilgang og tilkostnað Ríkisútvarpsins, knúin áfram af pólitískum öflum sem eru sneydd skilningi á því sem vera má menningu þjóðarinnar til heilla og framfara. Um leið er þetta skólabókardæmi um niðurrifsaðferð sem hægrimenn hafa tamið sér.

Framlag til ríkisstofnunar er skert svo mjög að hún getur ekki uppfyllt skyldur sínar; þetta veldur „slakri frammistöðu“ sem svo má nota til að rökstyðja enn grimmari niðurskurð að ári. Þannig má jafnvel leggja í rúst hin mestu þarfaþing á skömmum tíma.

Margt hefur undanfarna mánuði verið ritað um tilgang Ríkisútvarpsins og óþarfi að tíunda það hér. RÚV er einn af hornsteinum samfélags okkar, hefur ákveðna sérstöðu (og lagalegar skyldur) þegar kemur að menningu, listum, sögu – öllu því sem við tökum okkur fyrir hendur sem ekki hefur þegar verið ofurselt innantómri markaðshyggju. Ríkisútvarpinu ber að miðla okkur fróðleik, efna til umræðu, varðveita og dreifa til okkar á nýjan leik því efni sem þar hefur safnast saman á 85 ára sögu þess. RÚV er akkeri okkar í ólgusjó.




**Maður veltir því óneitanlega fyrir sér hver sé orsök þess að við Íslendingar þurfum ár hvert að horfa upp á atlögu að þjóðarfjölmiðli landsins á meðan sambærilegir miðlar í nágrannalöndum okkar fá frið til þess að sinna störfum sínum og skyldum.**

Ef ekki væri fyrir dagskrána þar væri til dæmis fátt sem benti til þess í íslenskri ljósvakamiðlun að Ísland er eitt Norðurlandanna, að við erum þjóð í Evrópu en ekki smábær í Texas, að saga okkar nær lengra aftur en til dagsins í gær, að hér er iðkuð margs konar menning, ritaðar margs konar bækur, spiluð og sungin og samin margs konar tónlist. Að hér býr margs konar fólk.

**Hin nýja sýn**
Nú berast ill tíðindi af málefnum RÚV. Útvarpsstjóri hefur lýst því yfir að verði útvarpsgjaldið lækkað, eins og boðað hafði verið, þurfi enn eina ferðina að ráðast í blóðugan niðurskurð. Um er að ræða heilar 1.400 krónur á ári, eða þrjár krónur og 83 aura á dag. Menntamálaráðherra hefur lýst sig fylgjandi því að útvarpsgjald haldist óbreytt, en hefur takmarkaðan stuðning enda telur flokkur hans sjálfs sig hafa fundið hina einu sönnu lausn á málum Ríkisútvarpsins: Samkvæmt ályktun á landsfundi Sjálfstæðisflokksins nú í haust ber að leggja stofnunina niður.

Maður veltir því óneitanlega fyrir sér hver sé orsök þess að við Íslendingar þurfum ár hvert að horfa upp á atlögu að þjóðarfjölmiðli landsins á meðan sambærilegir miðlar í nágrannalöndum okkar fá frið til þess að sinna störfum sínum og skyldum. Er hér kannski komin útrásarhugmynd fyrir postula einkaframtaksins?

Væri ekki tilvalið að formenn ríkisstjórnarflokkanna kölluðu á sinn fund sendiherra Bretlands, Norðurlandanna, Frakklands og Þýskalands (svo aðeins nokkur lönd séu nefnd) og skýrðu fyrir þeim þann sparnað sem fælist í því að leggja niður á einu bretti BBC, DR, NRK, YLE, Radio France og þar fram eftir götunum? Heldur einhver að slíkum málatilbúningi yrði mætt með öðru en hlátrasköllum? Og hver er þá ástæða þess að við, örþjóð á hjara veraldar sem hefur meiri þörf en aðrar stærri fyrir þá gróðrarstöð andans sem þjóðarfjölmiðill er, þurfum að láta okkur þetta lynda, ár eftir ár?

★★★★½

Reynir Traustason / Stundin




★★★★½

„Saga Egils er frábær lesning …“

Reynir Traustason / Stundin

„… vönduð skrif og lýsa tíðaranda lands og þjóðar á tímamótum … Gullið finnst síðan í smáatriðunum.“

Jón Knútur Ásmundsson / Herðubreið

„Alveg stórskemmtileg bók.“

Gísli Marteinn Baldursson / RÚV

„Skörp mynd af miklum listamanni í bók sem jafnframt fangar býsna vel tíðaranda minnar kynslóðar …“

Ólafur Þ. Harðarson

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*




# Gjaldtaka fyrir bílastæði á fjölsóttum ferðamannastöðum



Árni Davíðsson
líffræðingur

**Ferðamenn eru vanir að borga nánast raunverð fyrir bílastæði í sínum heimalöndum. Þeim finnst einfaldlega eðlilegt að borga fyrir veitta þjónustu hvort sem það eru bílastæði eða pulsur.**

Ögmundur Jónasson skrifaði grein í Fréttablaðið 14. júlí þar sem hann fjallaði um gjaldtöku fyrir bílastæði á fjölsóttum ferðamannastöðum [1]. Tilefnið var að það á að rukka fyrir bílastæði í Þjóðgarðinum á Þingvöllum. Í greininni komu fram þessi ummæli: „Almennir skattar dreifast eftir efnum og ástæðum þeirra sem borga. Það gera notendagjöld hins vegar ekki. Almennt eru notendagjöld ranglátir skattar.“ Í þessu er ég ekki sammála Ögmundi. Gjald fyrir bílastæði er auðvitað ekki skattur heldur gjald fyrir afnot af veittri þjónustu. Upphæð gjalds fyrir bílastæði er auk þess það lágt að það er klink fyrir bílstjórann þótt hann sé efnalítill því útgerð bílsins að öðru leyti er svo miklu dýrari en stæðið.

Ef ein milljón ferðamanna kemur til Þingvalla árlega eins og stefnir í, gefur augaleið að það þarf að byggja bílastæði. Ef við myndum ekki gera það myndi umhverfi Þingvalla eyðileggjast. Það þarf því að byggja bílastæði og þau þarf meira að segja að útbúa sérstaklega vel vegna mengunarhættu af olíu og afrennsli sem getur mengað og skaðað Þingvallavatn. Hver á að borga fyrir þau bílastæði? Á almenningur að nota skattana sína til að niðurgreiða straum ferðamanna til Þingvalla með ókeypis bílastæðum? Nei segi ég. Ferðamennirnir sem streyma á Þingvöll og aðra fjölsótta ferðamannastaði eiga auðvitað að borga fyrir sig sjálfir.

## Finnst eðlilegt að borga

Mun Ísland hrekja ferðamenn frá sér ef tekið verður gjald fyrir bílastæði á fjölsóttum ferðamannastöðum? Það held ég ekki. Ferðamenn eru vanir að borga nánast raunverð fyrir bílastæði í sínum heimalöndum. Þeim finnst einfaldlega eðlilegt að borga fyrir veitta þjónustu hvort sem það eru bílastæði eða pulsur. Það eru fæst vestræn lönd með frí bílastæði eins og tíðkast hér á landi. Þetta sjá Íslendingar líka sem ferðamenn í útlöndum. Til dæmis var frítt í bílastæðin við Dettifoss síðast þegar ég var þar. Þar var búið að byggja nýtt bílastæði sem var fullt af bílum og rútum og mörg hundruð ferðamenn að skoða fossinn. Partíið var í boði íslenskra skattgreiðenda.

Í sumar fór ég síðan til Frakklands og heimsótti ferðamannastaðinn Mont St Michel klaustrið á Bretagneskaga, sem stendur á lítilli eyju [2]. Þar koma um þrjár milljónir ferðamanna á ári og nota nýtt stórt bílastæði. Frakkar voru þó ekki að senda reikninginn fyrir þessa þjónustu við ferðamenn á sína skattgreiðendur. Bílastæði fyrir fólksbíl kostaði 900 kr. fyrir tvo tíma og 1.800 kr. fyrir 24 tíma en innifalin var strætóferð út í eyna. Síðan var auðvitað hærra verð fyrir rútur.

Það er engin goðgá að láta ferðamenn greiða fyrir bílastæðið sitt á Íslandi frekar en í öðrum löndum. Látum ferðamenn standa undir þessum kostnaði á fjölsóttum ferðamannastöðum. Það gerir okkur kleift að nýta takmarkað fjármagn úr ríkissjóði fyrir þá staði þar sem ferðamenn eru færri og gjaldtaka fyrir bílastæði er óraunhæf af ýmsum ástæðum.

[1] http://ogmundur.is/annad/nr/7579/
[2] http://www.bienvenueaumontsaintmichel.com/en

# Við verslum ekki með mannréttindi



Björgvin G. Sigurðsson
varaþingmaður Samfylkingarinnar og fv. ráðherra

**Grundvallaratriðið er að með því að gera landið að einu kjördæmi og öll atkvæði kosningarbærra landsmanna jafn þung er stigið stórt skref í mannréttindum á Íslandi.**

Jafn atkvæðisréttur er mannréttindi, og með þau verslum við ekki,“ sagði Héðinn Valdimarsson, fyrrverandi þingmaður Alþýðuflokksins og fyrsti flutningsmaður frumvarps til laga um að landið allt yrði eitt kjördæmi árið 1927. Þar með yrðu þau grundvallarmannréttindi tryggð að atkvæði hvers okkar hefði sömu þyngd og annars. Síðan hefur slíkt þingmál verið flutt nokkrum sinnum, meðal annars af Alþýðuflokksformönnunum Jóni Baldvini Hannibalssyni og Guðmundi Árna Stefánssyni.

Nýverið lögðum við nokkrir þingmenn fram frumvarp þess efnis að landið verði eitt kjördæmi og atkvæði allra landsmanna vegi jafn þungt. Ég flutti slíkt mál áður fyrir fimm árum í þinginu sem fékk mikinn stuðning úr öllum flokkum.

Í huga Héðins var jafn kosningarréttur mannréttindamál og gerði hann engan greinarmun á útilokun frá kosningarrétti og misvægi atkvæða. Hvort tveggja er brot á þeim mannréttindahugmyndum sem lýðræðisleg stjórnskipun byggir á. Á þessari meginreglu byggir frumvarp okkar nú enda mannréttindi algild en ekki mannasetningar sem verslað er með.

## Kostirnir við eitt kjördæmi

Kostir þess að landið verði eitt kjördæmi eru fjölmargir, þó að augljóslega verði að huga að nokkrum þáttum máls og ekkert fyrirkomulag sé hafið yfir rökræður og gagnrýni. Hér eru nokkrir nefndir:

1. Fullkominn jöfnuður næst milli kjósenda og misvægi atkvæða er ekki lengur til staðar.
2. Stjórnmálaflokkar fá þann þingmannafjölda sem atkvæði þeim greidd segja til um.
3. Þingmenn hafa heildarhagsmuni að leiðarljósi í störfum sínum en ekki þröng kjördæmasjónarmið.
4. Kosningakerfið er einfalt og auðskilið.

Þeir gallar sem nefndir hafa verið á því að landið verði eitt kjördæmi eru þeir helstir að þingmenn verði of fjarri kjósendum sínum samfara minnkandi áhrifum dreifbýlisins hvað fjölda þingmanna varðar. Einnig er nefnt að flokksræði gæti aukist þar sem fyrir liggur að hjá stærri stjórnmálaflokkum yrði um nokkurs konar sjálfkjör að ræða hjá efstu frambjóðendum þeirra á landslistum. Flutningsmenn frumvarpsins benda hins vegar á að vilji stjórnmálaflokkar sækja kjörfylgi vítt og breitt um landið leggja þeir framboðslista sína vitaskuld fram á þann veg að þar verði góð breidd fulltrúa þéttbýlis og dreifbýlis.

## Persónukjör og bein röðun kjósenda

Til að tryggja virkt lýðræði við val fulltrúa flokkanna á framboðslistum kemur einnig til álita að í kosningalög yrðu fest ákvæði í þá veru. Má þar nefna ákvæði um persónukjör, auknar heimildir kjósenda við endurröðun frambjóðenda á framboðslistum og að vægi þeirra breytinga yrði aukið umtalsvert, hugsanlegt frelsi kjósenda til að velja einstaklinga á fleiri en einum framboðslista og fleiri skyld atriði. Grundvallaratriðið er að með því að gera landið að einu kjördæmi og öll atkvæði kosningarbærra landsmanna jafn þung er stigið stórt skref í mannréttindum á Íslandi. Engin haldbær rök eru fyrir því að vægi atkvæða sé misjafnt eftir búsetu fólks. Aðrar leiðir en kosningakerfið eru miklu eðlilegri til þess að bæta stöðu einstakra byggða til búsetu í þeim. Því teljum við flutningsmenn málsins tímabært og áríðandi að ráðast í þessar breytingar á stjórnarskrá landsins þannig að breytingar þessar taki gildi sem fyrst.

# Aðventuheimsóknir? Áskorun til trú- og lífsskoðunarfélaga




Arna Sigurðardóttir
prestur

Guðrún Karls Helgudóttir
prestur

**Því viljum við hér með hvetja öll trú- og lífsskoðunarfélög til þess að bjóða grunnskólabörnum í heimsókn í sínar kirkjur, moskur, hof eða samkomusali á hátíðum er tengjast þeirra trú- eða lífsskoðun og kynna börnin fyrir sínum hugmyndum eða trú.**

Þann 11. desember birtist grein eftir Halldór Auðar Svansson undir nafninu „Píratar og kirkjuheimsóknir“. Þetta var málefnaleg grein og langar okkur til þess að bregðast við henni og halda áfram að velta fyrir okkur þessu heita máli sem heimsóknir skólabarna í kirkju á aðventu eru fyrir nokkrum hópum í samfélaginu.

Til að byrja með viljum við ítreka það að staðan er þannig í dag að kirkjurnar í Reykjavík líta á þessar heimsóknir sem fræðsluheimsóknir en oft eru þetta í raun aðventuskemmtanir skólanna en ekki kirkjunnar. Áður en hópar koma í kirkjuna er haft samráð við stjórnendur um fyrirkomulagið og hlutverk prestsins er yfirleitt að leiða samkomuna og oftar en ekki að segja fallega sögu með góðum boðskap tengdum jólum. Að öðru leyti ákveða skólarnir dagskrána og stýra henni, t.d. er algengt að börn komi fram og spili á hljóðfæri, syngi o.s.frv.

Við viljum halda því fram að kirkjunnar fólk í Reykjavík vandi sig mjög við að fylgja ströngum reglum Reykjavíkurborgar sem gilda um þessar heimsóknir.

Við erum sammála Halldóri um það að ekki eigi að setja börn í þá stöðu að þurfa að útskýra trúar- eða lífsskoðanir sínar. Við lítum svo á að í dag séu þessar heimsóknir þess eðlis að ekkert barn eigi að þurfa að sitja eftir þegar farið er í slíkar heimsóknir. Ekki frekar en að barn velur hvort það hlusti á suma rithöfunda kynna bækur sínar í skólunum fyrir jólin eða ekki eða hvort börn á frístundaheimilum fari í heimsókn á Domino's að baka pitsur.

Við erum sammála Halldóri um þá tvo möguleika sem hann telur vera raunhæfa, þ.e. annars vegar að kirkjur hætti að taka á móti heimsóknum grunnskólanna á aðventunni og bjóði sjálfar upp á aðventustundir t.d. í samvinnu við foreldrafélögin eða að opna skólastarfið alveg fyrir því að öll trú- og lífsskoðunarfélög bjóði skólabörnum í heimsókn á hátíðum tengdum sínum trúar- eða lífsskoðunum. Staðan eins og hún er í dag er óviðunandi og við upplifum að umræðan um trú og trúariðkun sé að verða eins og umræðan um kynlíf var í kringum 1950, þ.e. feimnismál og mikið gert úr því að trú hvers og eins sé hans eða hennar einkamál.

## Í góðum tengslum við nærumhverfið

Í stefnu Reykjavíkurborgar í fræðslumálum frá árinu 2005 (það var eina formlega stefnan sem við fundum á vef Reykjavíkurborgar) kemur fram að skólinn eigi að vera í góðum tengslum við nærumhverfi sitt og að skólastarf hafi í auknum mæli færst út fyrir skólabygginguna til að stuðla enn frekar að góðum árangri og þroska nemenda. Þar kemur einnig fram að nemendur vinni verkefni úti í náttúrunni og fari í fyrirtæki og stofnanir til kynningar og starfa.

Því viljum við hér með hvetja öll trú- og lífsskoðunarfélög til þess að bjóða grunnskólabörnum í heimsókn í sínar kirkjur, moskur, hof eða samkomusali á hátíðum er tengjast þeirra trú- eða lífsskoðun og kynna börnin fyrir sínum hugmyndum eða trú. Þar með fá börn foreldrar þurfa að láta börnin sín sitja virkilega möguleika til að að kynna sér ólík trúarbrögð og lífsskoðanir. Það er nefnilega ekki nóg að segja að barnið eigi að fá að velja sjálft sína lífsskoðun þegar þar að kemur en kynna það síðan ekki fyrir öðru en því sem foreldrarnir aðhyllast, enda teljum við það ekki í anda umburðarlyndis og víðsýni.

Við viljum að samfélag okkar sé opið og gefi öllu fólki rými til að tjá lífs- og trúarskoðun sína óáreitt. Við höfum ekki áhuga á að lifa í samfélagi þar sem foreldrar þurfa að láta börnin sín sitja á bókasafninu á meðan flestir bekkjarfélagarnir fara að kynna sér blót ásatrúarfólks eða jól kristinna enda sé um fræðslu að ræða sem fellur undir aðalnámsskrá. Trú og trúariðkun er órjúfanlegur hluti af lífsflórunni og þegar upp er staðið eru það foreldrarnir sem hafa ríkustu áhrifin á barnið.

Við endurtökum því hvatningu okkar og skorum á öll trú- og lífsskoðunarfélög að bjóða grunnskólabörnum í heimsókn á hátíðum og kynna fyrir þeim starfsemi sína.

## Bókmenntaverðlaun starfsfólks bókaverslana 2015

# Verðlaunabækur frá Bókafélaginu




1.sæti
þýddar barnabækur




3.sæti
þýddar barnabækur



Starfsfólk bókaverslana veit hvað það syngur og það kann að meta barnabækur David Walliams sem eru fyrir börn á aldrinum 8 til 12 ára (og fullorðna).




3.sæti
handbækur / ævisögur

Önnur prentun væntanleg

Starfsfólk
Bókmenntaverðlaun
2015
bókaverslana

GLEÐILEGT UPPELDI
– góðir foreldrar –



BÓKAFÉLAGIÐ

# Ólæsi og pólitík



Stefán Jökulsson
lektor við HÍ

**Þessari hlið lesskilningsins, þessari hápólitísku hlið „ólæsisins“, þarf að gefa gaum vegna þess að ef til vill er einna vænlegast að efla læsi og lesskilning meðal skólanemenda á Íslandi með því að berjast gegn fátækt og auka jöfnuð meðal landsmanna.**

Læsi snýst um ritun og lestur. Þótt fólk hafi náð tökum á því að færa orð í letur getur það þó ekki skrifað um hvað sem er. Ritunin krefst til dæmis þekkingar á umfjöllunarefninu eða reynslu sem tengist því. Svipað gildir um lesturinn. Þeir sem kunna að lesa, geta breytt prentmáli í orð og setningar þegar þeir lesa upphátt eða í hljóði. En þótt þeir séu læsir í þessum skilningi er ekki víst að þeir skilji vel það sem þeir lesa og eitt er víst: Þeir geta ekki lesið sér til gagns um hvað sem er.

Hvers vegna ekki? Ástæðan er sú að orðin flytja ekki fullskapaða merkingu til lesenda; þeir verða að skapa hana á grunni orðanna. Þótt segja megi að samkomulag ríki um merkingu orða í tungumáli, komumst við ekki hjá því að leggja okkar merkingu í þau, ekki síst með hliðsjón af reynslu okkar og þekkingu. Og við getum alls ekki skilið sumt af því sem er talað eða skrifað vegna þess að okkur vantar þann bakgrunn og það samhengi sem er forsenda skilningsins.

„Hittumst undir Jóni Sigurðssyni klukkan þrjú“ stóð á miða á eldhúsborðinu. Ég las orðin og kveikti strax á perunni enda vissi ég að nafnið vísaði til styttu af ákveðnum manni á tilteknum stað. Ég skildi textann vegna þess að ég þekkti til mannsins og staðarins. Annars hefði ég ekki áttað mig á skilaboðunum þótt ég gæti lesið orðin.

Oft sköpum við umræðugrundvöll og nauðsynlegt samhengi með því að tala við aðra, máta okkar skilning við skilning þeirra, njóta þeirrar samlegðar sem verður til þegar fleiri en einn eða jafnvel margir, hver á sínum sjónarhóli, hver með sína reynslu, hjálpast að við að skilja eitthvað sem hefur verið sagt eða ritað.

„Áttu þá við að …?“, „Ég held að við séum ekki að tala um það sama.“, „Hver finnst þér þá vera kjarni málsins?“, „Ég skil! Ég hef alltaf haldið að …“, „Þetta er bara lopi, hefur enga merkingu!“. Slíkt samtal um viðeigandi skilning og túlkun heldur áfram endalaust, sem betur fer. Dómarar ræða hvernig beri að skilja og túlka bókstaf laganna miðað við tilteknar aðstæður, nemandi spyr kennara hvort hann geti nefnt dæmi til skýringar, almenningur veltir því fyrir sér, og talar saman um það, hvernig beri að skilja eitthvað sem forsetinn sagði í ræðu.

### Snýst einnig um samskipti

Þessi dæmi, og fjölmörg önnur, benda til þess að sköpun merkingar, túlkun og skilningur snúist ekki aðeins um hugsun einstaklinga heldur einnig um samskipti fólks. Þetta á einnig við þá merkingarsköpun sem ritun og lestur snúast um. Sé eitthvað til í því að við skiljum tæpast nokkuð ein má spyrja hversu skynsamlegt sé að reyna mæla lesskilning einstaklinga og fá út tölur eins og raunin er þegar við mælum blóðþrýsting eða púls.

Sú þekking sem börn búa yfir þegar þau byrja í skóla ræður miklu um hve vel þeim gengur að læra að lesa og skrifa. En næringarríkt veganesti að þessu leyti er háð uppeldisaðstæðum. Foreldrar vilja víkka og auðga reynsluheim barna sinna en margir hafa hvorki efni á því né tíma til þess. Þeir hafa ekki efni á að fara í leikhús með börnin, á tónleika eða í ferðalög, og þá skortir tíma og orku til að skoða með þeim fugla eða hraun ellegar tala við þau um landsins gagn og nauðsynjar. Þessari hlið lesskilningsins, þessari hápólitísku hlið „ólæsisins“, þarf að gefa gaum vegna þess að ef til vill er einna vænlegast að efla læsi og lesskilning meðal skólanemenda á Íslandi með því að berjast gegn fátækt og auka jöfnuð meðal landsmanna.




# Deilan um keisarans skegg



Sigurður Bárðarson
Avatarmeistari – Vitki

Undanfarna daga, eins og svo oft áður, hefur spunnist umræða hér í Fréttablaðinu um það hvort Guð sé til eða ekki til. Og sýnist sitt hverjum.

Frá mínu sjónarhorni er mikill munur á andlegri og huglægri trú.

Við getum spurt hvort veröldin og tilveran með öllum sínum undrum sé raunveruleg eða bara blekking.

Ef við svörum því játandi að hún sé raunveruleg, getum við kallað það Guð og þar með trúað á Guð. Við getum líka svarað spurningunni játandi og sagt að það sem við upplifum sé raunverulegt en að það sé ekki Guð. Svo er endalaust hægt að takast á um það hvort Guð sé til eða ekki.

Ég var eitt sinn spurður hvort ég væri trúaður. Ég svaraði því til að það væri eiginlega ekki hægt að svara þessari spurningu vegna þess að spyrjandinn hefði ákveðnar hugmyndir um hvað það væri að vera trúaður og ef ég svaraði spurningunni játandi þá sæi hann fyrir sér að ég væri trúaður á þann hátt sem ég væri kannski ekki.

Frá mínu sjónarhorni er „Guð“, við getum kallað það alheimsorku, æðri mátt, streymi lífsins eða hvað sem við viljum, eitthvað óafmarkanlegt og óskilgreinanlegt. Og þar komum við að kjarna þessarar endalausu deilu. „Trúleysinginn“ þarf fyrst að skilgreina Guð fyrir sjálfum sér áður en hann segist ekki trúa á hann. Sem sagt, fyrst skilgreinir hann Guð og trúir svo ekki á skilgreiningu sína. Það sama á við um hinn „trúaða“. Hann trúir á sína eigin skilgreiningu á Guði.

### Átakaþættirnir

Átakaþættirnir í deilu bókstafstrúar og bókstafsvantrúar eru sinn hvor endinn á sömu spýtunni (trúarbragðaspýtunni).

Hrein „trú“ er, að mínu mati, andleg upplifun og afar frábrugðin þeirri huglægu skilgreiningu sem trúarbrögðin eða „trúleysið“ eru svo rækilega flækt í. Að trúa á huglæga afmörkun er innræting sem takmarkar vitund einstaklingsins og hindrar upplifun andans. Andinn stendur utan við átök og rökræðu.

Trúarbrögð hafa að miklu leyti þróast yfir í huglægrar skilgreiningar á boðskap andlegra leiðtoga. Kristur var ekki kristinnar trúar, Búdda var ekki Búddatrúar og Múhameð ekki Múhameðstrúar. Vandamálið við trúarbrögðin er að þau hafa að miklu leyti færst frá andlegri vakningu meistaranna yfir í huglæga túlkun á boðskap þeirra.

**Sönn upplifun á kærleika, lotningu og þakklæti er andleg og hefur ekkert með hugsun, skilgreiningu eða trúarbrögð að gera.**

Ástæða þess að fólk laðast að boðskap andlegra meistara er að því líður vel með hann. Ekki huglægt heldur andlega og þar er mikill munur á. Sönn upplifun á kærleika, lotningu og þakklæti er andleg og hefur ekkert með hugsun, skilgreiningu eða trúarbrögð að gera. Hún færir fólki vellíðan og þarf ekki að heita neitt.

Um þessar mundir á sér stað mikil andleg vakning. Fólk stígur nú í auknum mæli út fyrir takmarkanir trúarbragða, afmarkanir þeirra og veraldlegar fyrirskipanir og upplifir milliliðalaust, vegna hugleiðslu, yoga eða annarrar árangursríkrar andlegrar iðkunar, kærleika, einingu og fögnuð sem hvorki þarf að afmarka, skilgreina eða gefa nafn.

„Leitið og þér munuð finna.“

# Höndin – vel útrétt hönd



Garðar Baldvinsson
meðlimur í Höndinni



Þegar maður lendir í áföllum eða erfiðleikum í lífinu þarf maður einhvern til að styðja við sig. Ég varð þeirrar heppni aðnjótandi síðastliðið vor að komast í kynni við samtökin Höndina sem veita einmitt sálrænan stuðning, m.a. meðww vikulegum fundum þar sem fólk deilir líðan sinni og baráttu við lífið og það sem það hefur upp á að bjóða.

Höndin er mannræktarsamtök sem stofnuð voru fyrir tíu árum og eru alhliða mannúðar- og mannræktarsamtök. Leitast samtökin við að skapa fólki vettvang til sjálfstyrkingar og samhjálpar. Höndin aðstoðar og liðsinnir hinum þurfandi og styður þá sem til samtakanna leita. Margir eiga erfitt uppdráttar eftir áföll og hjálpar Höndin fólki í slíkum aðstæðum og er farvegur fólks í átt til þátttöku í samfélaginu, bæði hvað varðar félagslega færni og atvinnuþátttöku. Kjörorð Handarinnar er: Hver og einn skiptir máli – allir með.

Samtökin bjóða upp á heimsóknir til eldra fólks og þeirra sem eru einmana. Höndin býður upp á fjárhagsstuðning, einstaklingsviðtöl, símaþjónustu, heimsóknir, kynningar á geðheilbrigði, ráðgjöf, málþing og margt fleira. Félagið starfar einnig í sérstökum hópum, þar sem fólk tekur höndum saman, bæði gefur og þiggur til að byggja sig upp og styrkja aðra.

Einn liður í því starfi er að samtökin halda vikulega fundi í Áskirkju með það fyrir augum að styrkja fólk til sjálfstæðis og þátttöku í samfélaginu. Fundirnir eru fyrir alla sem vilja leita sér aðstoðar og vinna í sínum málum, styrkja sig og sitt eigið sjálf – fyrir þá sem eiga eða hafa átt við geðraskanir að etja, svo sem þunglyndi, kvíða og geðhvörf. Einnig er þetta vettvangur fyrir þá sem eru einmana, eru að kljást við sorg eða missi. Síðast en ekki síst fyrir þá sem vilja láta gott af sér leiða og hjálpa öðrum í vanda.

**Markmiðið er alltaf að hjálpa fólki að greina vanda sinn og finna eigin styrk og getu. Enda eru hlustun, samúð, hlýja og virðing grundvöllur starfsins.**

### Ná árangri

Einu sinni í viku hittast síðan nokkrir félagar og ganga hressilega um Elliðaárdalinn og er þátttaka yfirleitt mjög góð. Markmiðið er alltaf að hjálpa fólki að greina vanda sinn og finna eigin styrk og getu. Enda eru hlustun, samúð, hlýja og virðing grundvöllur starfsins.

Hafa samtökin m.a. valið fyrirtæki ársins sem styðja við markmiðið um styrkingu og sjálfseflingu en einnig einstaklinga ársins. Einnig standa samtökin fyrir málþingum og hafa nokkur verið haldin. Er þá völdum gestum boðið að halda erindi um starf sitt eða líf með áherslu á sjálfsstyrkingu og árangursríka baráttu við áföll. Hefur ennfremur verið fjallað um tiltekin vandamál eins og kvíða, sem og starf annarra að mannrækt einkum hér á höfuðborgarsvæðinu og hefur aðsókn stundum verið mjög mikil.

Bæði notendur þeirrar þjónustu sem Höndin veitir og fólk sem sjálft sinnir geðmálum hafa hrósað starfi Handarinnar fyrir að ná árangri þegar öll sund virtust lokuð hjá þeim sem kljást við áföll eða þurfa af öðrum ástæðum á hjálp að halda við að rísa aftur til sjálfstæðs lífs, má sem dæmi nefna fulltrúa notenda geðsviðs Landspítalans og aðra skjólstæðinga en þessu fólki ber saman um að þjónustan sé til fyrirmyndar og að heimsóknir til hinna þurfandi og einmana gegni gríðarmiklu hlutverki í lífi þeirra.

Ég er afar feginn að hafa komist í kynni við Höndina sem á ríkan þátt í að hjálpa mér að ná andlegu jafnvægi á ný og hlakka ég til að geta endurgoldið það með því að gefa af mér á þeim vettvangi. Nánari upplýsingar um samtökin er að finna á vefslóðinni www.hondin.is

# GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS




# 20% AFSLÁTTUR AF BÚSÁHÖLDUM

**GILDIR 17.–20. DESEMBER**




**KRUKKUGLAS** áður 790,- **NÚ 632,-**

**BRAUDKASSI** áður 9.990,- **NÚ 7.992,-**

**BOLLAR FRÁ 472,-** m.afslætti

**TEKASSAR FRÁ 2.392,-** m.afslætti

**KÖKUDISKAR FRÁ 1.592,-** m.afslætti

**KRUKKUR FRÁ 1.272,-** m.afslætti

# 50% AFSLÁTTUR AF JÓLAVÖRU




the PIER

## JÓLAOPNUN VERSLANA

| SMÁRATORG | | KORPUTORG | | GLERÁRTORG | |
|---|---|---|---|---|---|
| 17. DES | 11.00–22.00 | 17. DES | 11.00–22.00 | 17. DES | 11.00–22.00 |
| 18. DES | 11.00–22.00 | 18. DES | 11.00–22.00 | 18. DES | 11.00–22.00 |
| 19. DES | 11.00–22.00 | 19. DES | 11.00–22.00 | 19. DES | 11.00–22.00 |
| 20. DES | 11.00–22.00 | 20. DES | 11.00–23.00 | 20. DES | 11.00–22.00 |
| 21. DES | 11.00–22.00 | 21. DES | 11.00–22.00 | 21. DES | 11.00–22.00 |
| 22. DES | 11.00–22.00 | 22. DES | 11.00–22.00 | 22. DES | 11.00–22.00 |
| 23. DES | 11.00–23.00 | 23. DES | 11.00–22.00 | 23. DES | 11.00–23.00 |
| 24. DES | 09.00–13.00 | 24. DES | 09.00–12.00 | 24. DES | 10.00–12.00 |

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • www.pier.is

# Gerum betur í samgöngumálum



Helgi Kjartansson
oddviti Bláskógabyggðar

Mannanna verk standa ekki öll um aldur og ævi. Sum endast vel og lengi og skila hlutverki sínu eins og til var ætlast en önnur þarfnast viðhalds og lagfæringar fljótlega eftir að þau eru tekin í gagnið. Allt fer það eftir því hvernig staðið var að framkvæmdum í upphafi og hvaða hlutverki verkið átti að þjóna þegar það var undirbúið. Margt getur breyst á stuttum tíma sem getur haft áhrif á endingu.

Á sínum tíma var vegakerfið í uppsveitum Árnessýslu hannað og byggt upp til að þjóna íbúum, frístundabyggðinni og þeim ferðamönnum sem þá lögðu leið sína um sveitirnar. En á síðustu árum hefur álag á kerfið margfaldast vegna aukins fjölda ferðamanna um svæðið. Það gefur augaleið að eitthvað gefur þá eftir. Vegakerfið á þessu svæði þarf að bera um 80-90% af umferð þeirra erlendu ferðamanna sem leggja leið sína til landsins. Á þessu ári má því gera ráð fyrir að a.m.k. 800.000-900.000 erlendir ferðamenn fari um þessa vegi til viðbótar við íbúa og innlendu ferðamennina sem gætu verið um 200.000. Þegar fjöldi erlendra ferðamanna verður kominn upp í tvær milljónir eftir nokkur ár, eins og spár gera ráð fyrir, og sama hlutfall leggur leið sína í uppsveitirnar, má gera ráð fyrir að 1,6 til 1,8 milljónir erlendra ferðamanna fari um vegina það árið.

Helstu náttúruperlur og vinsælustu ferðamannastaðir landsins eru í Bláskógabyggð og þar af leiðandi er þar eitt landsins mesta álag á vegi. Þingvallavegur, Biskupstungnabraut, Laugarvatnsvegur, Reykjavegur, Kjalvegur, vegurinn um Eystri-Tunguna og vegurinn frá Brúarhlöðum að Biskupstungnabraut eru vegir í Bláskógabyggð sem þarfnast gífurlega viðhalds. Það er ekki hægt að bíða lengur með að byggja þá upp og búa þannig um hnútana að þeir beri alla þá umferð sem um þá fer dags daglega. Samkvæmt úttekt sem viðurkenndir aðilar hafa gert er hluti af þessum vegum sem að ofan eru taldir meðal hættulegustu vega á landinu af horft er til tíðni umferðaslysa.



**Mikilvægt að dreifa álaginu**

Það er gríðar mikilvægt að hægt verði að dreifa álagi á þessa vegi sem mest um aðrar leiðir. Dæmi um slíka leið er Reykjavegur (355), sem liggur á milli Laugarvatnsvegar og Biskupstungnabrautar. Reykjavegurinn hefur verið á samgönguáætlun í mörg ár en alltaf þegar á að fara í framkvæmdir hefur verkinu verið frestað og hafa ýmsar ástæður verið nefndar í gegnum tíðina. Reykjavegurinn skiptir miklu máli fyrir okkur íbúa í sameinuðu sveitarfélagi þar sem hann tengir saman þéttbýlisstaðina Laugarvatn og Reykholt. Vegurinn er hættulegur á köflum og um hann fer mikil umferð. Til stóð að bjóða Reykjaveginn út í haust og hefja framkvæmdir árið 2016. En samkvæmt nýjum fjárlögum er framkvæmdum enn frestað um óákveðinn tíma þar sem Vegagerðin fær ekki nægilegt fjármagn til að getað farið í þessa nauðsynlegu framkvæmd.

> **Það væri ekki gott fyrir ferðaþjónustuna ef það orð fer að fara af Íslandi að vegakerfið sé hrunið og beinlínis hættulegt sé að ferðast um landið.**

Slysum á þjóðvegum landsins fjölgar, margar ástæður eru þar að baki, m.a. viðhald vega. Í Bláskógabyggð er ástand sumra vega þannig að slysahætta er veruleg. Vegaxlir eru víða farnar að gefa sig, vegir eru slitnir og regnvatn safnast í polla og rásir með þeirri hættu sem slíkt getur haft í för með sér. Mikil umferð langferðabíla fer eftir öllum þessum vegum og margir telja að þess sé ekki langt að bíða að stórt rútuslys verði. Það væri ekki gott fyrir ferðaþjónustuna ef það orð fer að fara af Íslandi að vegakerfið sé hrunið og beinlínis hættulegt sé að ferðast um landið. Ekki viljum við að sú staða komi upp.

Ríkisvaldið þarf nauðsynlega að setja meira fjármagn í samgöngumál, það þarf að gera þarf meira og betur en gert er ráð fyrir í næstu fjárlögum. Ég trúi ekki öðru en að samstaða sé um það mál því það er mikið í húfi að strax sé farið í að byggja vegakerfið upp áður en ferðamönnum fjölgar eins og spár gera ráð fyrir. Það hefur aldrei þótt gott að láta taka sig í bólinu eins og ráðherra ferðamála hefur bent á.

# Birta jóla inn í skugga sorgar





Sigrún Óskarsdóttir
prestur

Óskar Hafsteinn Óskarsson
prestur

Stundum gefum við okkur að aðventa og jól geti ekki verið annað en gleðiríkir dagar hjá fólki. En þau eru mörg sem eiga um sárt að binda. Ástæðurnar geta verið margvíslegar, missir, sorg, kvíði, áhyggjur, streita. Jólin og aðventan eru viðkvæmur tími. Þá er snert við okkur alveg með sérstökum hætti. Við leitum í minningarnar, jólin þegar við vorum börn. Atferli, ilmur, jólaskraut, siðir eða ákveðnar persónur. Þess vegna er líka viss tregi yfir jólunum, vegna þess sem var en við kannski finnum ekki aftur.

Stundum náum við að nálgast það í gegnum börnin. Við leitum í þetta einfalda og saklausa, þannig eru jólin. Þau snúast ekki síst um nánd. Jólin eru því þungbær þeim sem hafa misst einhvern sér nákominn. Tilfinningar sem fylgja ástvinamissi eru samofnar tilfinningum jólanna.

**Aðventan er tími vonar**

Enn á ný er aðventa gengin í garð og hátíðin nálgast. Jólin koma, hverjar sem aðstæður þínar kunna að vera. Í sporum gleðinnar og líka í skugga sorgarinnar. Aðventan vekur hjá okkur eftirvæntingu og von. Þörfin kviknar fyrir það sem er heilagt, við viljum fanga það inn í líf okkar.

Það er snert við tilfinningum, samkennd og samhugur eiga greiða leið að okkur. Hlýtt viðmót, faðmlag og orð sem miðla umhyggju.

**Nokkur hagnýt atriði**

Fyrir þau sem glíma við sorgina er mikilvægt að huga að eftirfarandi:

- tjáðu þig um líðan þína við einhvern sem þú treystir, finndu rými til að tala um upplifun þína.
- börnin mega aldrei gleymast í sorginni, leyfðu barninu að tala og tjá líðan sína að vild. Sýndu barninu þínar tilfinningar. Forðastu ekki að tala um dauðann við barnið.

**Hvað getum við gert fyrir vini í sorg?**

- heimsækjum vin í sorg, það er mikilvægt. Hvað á að segja? Stundum þarf ekkert að segja. Heimsóknin snýst einfaldlega um að vera til staðar, oft er faðmlag eða samtal án orða besta hjálpin. Í sorg er svo mikilvægt að finna fyrir hlýju og trausti, samhygð. Og við þurfum að skilja að gjarnan hefst nýtt sorgarferli hjá fólki í aðdraganda jóla.

**Að ná sáttum**

Reiðin er einn angi sorgarinnar, reiði sem getur beinst að fólki eða Guði, við þurfum að gefa rými til þess að fá útrás fyrir reiðina, losa um hana, tala út, gráta út. Alveg sama hvort þessi reiði á við rök að styðjast eða ekki. Hér er ekki spurt um rök, heldur tilfinningar og við þurfum að sýna þeim alúð, viðurkenna og vinna með þær.

Frægasta glíma manns og Guðs er skráð í Jobsbók. Hann vildi hafa hendur í hári þess gamla þarna uppi, segja honum hve ósanngjarn hann er, gagnrýna Guð og benda á aðrar leiðir.

Job kemst að lokum að niðurstöðu, nær sáttum við Guð, sem að mörgu leyti má segja að sé lokatakmark sorgarferils – að ná sáttum. Við nefnum þetta vegna þess að jólatíminn getur líka einkennst af reiði, biturð, það fer eftir því hvar við erum stödd. En hér koma jólin með boðskap sinn líka, sem vert er að staldra við.

**Birta og von jólanna**

Jólin vekja von um betri tíð en vekja líka til umhugsunar. Hvernig getur himinninn sem opnast mótað líf okkar? Ljósin og jólasöngurinn færa okkur nær. Tölum um líðan okkar, það er í lagi að gráta og finna til, en deilum því með þeim sem hefur eyra að hlusta.

> **Kannski verða jólin ekki eins og þú væntir, kannski er eitthvað sem vantar en þú vildir hafa, en samt koma þau til þín, með birtu og von og segja þér: Vertu óhrædd, vertu óhræddur, þetta verður í lagi.**

Kannski verða jólin ekki eins og þú væntir, kannski er eitthvað sem vantar en þú vildir hafa, en samt koma þau til þín, með birtu og von og segja þér: Vertu óhrædd, vertu óhræddur, þetta verður í lagi.

# Aðgengi og afleiðingar



Sigurður Jónsson
framkvæmdastjóri

Hvernig stendur á því að mér dettur stundum í hug hugtakið „einveldi" þegar ég les blaðagreinar þeirra manna sem berja sig utan með orðum í vandlætingu á frumvarpi um það skilyrta verslunarfrelsi varðandi sölu á áfengi sem nú liggur fyrir Alþingi? Megin röksemd þeirra er jafnan tilvísun í stundum óljósar, en líka ákveðnar skýrslur eða rannsóknir, sem sýni og sanni að aukið aðgengi að áfengi valdi stóraukinni neyslu þess með ótal vandamálum sem því fylgi. Nú efast ég ekki um það eitt augnablik að slíkar skýrslur séu til enda með ólíkindum hvílík ógrynni ritmáls renna undan rifjum þeirra stofnana sem til þess eru kjörnar að vinna að ákveðnum málefnum, t.d. heilbrigðismálum.

Gott og vel – gefum okkur að þetta sé reyndin og vissulega er ekki deilt um það, að áfengi getur valdið einstaklingum og fjölskyldum þeirra skaða þó að flestir umgangist það án þeirra afleiðinga. Samfélagið ber í þessum tilfellum vissulega skaða umfram þann hagnað sem kaup þessara aðila á áfengi færa ríkissjóði eins og í tilfelli Íslendinga. En það er að sjálfsögðu alveg galin nálgun að miða stefnumörkun um áfengisverslun við lægsta samnefnara því flestir neytendur áfengis njóta þess með eðlilegum hætti og valda ekki umræddum skaða sér eða öðrum.

> **Ég held stundum að verið sé að óska eftir áðurnefndu einveldi en ekki lýðræðisþróun þegar hæst lætur vaðallinn um hættu á aðgengi að áfengi.**

**Þreytandi síbylja**

Þessi síbylja um aðgengi = áfengisböl er þreytandi og ekki sæmandi sæmilega viti bornum einstaklingum sem þó viðhafa hana stundum. Allt aðgengi almennings hefur sömu annmarka ef grannt er skoðað. Lágur þröskuldur við öflun ökuréttinda, auðveld bifreiðakaup að ekki sé minnst á reiðhjól og aðrar rennitíkur veldur auðvitað fjölda slysa með eftirfylgjandi skaða fyrir samfélagið. Aðgengi að skotvopnum og skotfærum getur á sama hátt átt þátt í skaða á fólki og kostnaði fyrir samfélagið. Minnumst ekki á íþróttirnar. Það er stórhættulegt að ferðast – ekki síst nú um stundir – til ákveðinna landa eða svæða þar sem órói ríkir og vissulega veldur aðgengi almennings að slíkum ferðum stundum skaða. Ef við ætlum að koma í veg fyrir allt slíkt þurfum við að vefja fólk inn í bómull – að koma í veg fyrir aðgengi.

Ég held stundum að verið sé að óska eftir áðurnefndu einveldi en ekki lýðræðisþróun þegar hæst lætur vaðallinn um hættu á aðgengi að áfengi. Að einhver einvaldur, en ekki fólkið í landinu eigi að ákveða hvað sé gott og rétt fyrir almenning.

En þegar vandlega er farið yfir allt þetta aðgengi og þann skaða sem það veldur einstaklingum og samfélagi þá er niðurstaðan sem betur fer ætíð sú, að þar sé um að ræða mikinn minnihluta almennings. Sanngjarnt fólk getur ekki samsinnt því að rétt sé að miða aðgengi við þennan fámenna hóp en hirða ekki um meirihlutann og aðgengi hans að lögmætri verslunarvöru.

Ber ég von í brjósti um upplýstari umræðu og aukna mannvirðingu? Vissulega – en þó skil ég betur nú en þegar ég las ungur í skóla orð Prússakeisara um ást hans á rakkanum umfram mennina.



Jólin þín
byrja í IKEA
TILBOÐ
1.590,-/38 í setti
VINTER 2015 skraut 2.650,-
TILBOÐ
295,-
VINTER 2015
skrautstandur 595,-
Nú höfum
við lækkað verð
á allri jólavöru
í versluninni.
Kíktu við og
gerðu enn
betri kaup.
JAFNLAUNA-
VOTTUN VR
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
IKEA®
© Inter IKEA Systems B.V. 2015




# Landsbankastjóri illa upplýstur



Vilhelm Jónsson
fjárfestir

> **Margt bendir til þess að þúsundir heimila eigi enn og aftur eftir að ganga í gegnum aðra holskeflu, þó svo bankarnir séu með sitt á hreinu.**

Bankastjóri Landsbankans er ekki mjög trúverðugur eftir drottningarviðtal á Eyjunni þar sem hann sá ekkert annað en glóandi gull og að efnahagskerfi landsins hafi sjaldan verið betra, nema þá helst fyrir þrjátíu árum. Hann hélt því fram að góðæristímar hafi átt sér stað þegar hann byrjaði bankaferil sinn árið 1984 og síðan upp úr 1990 hafi tekið við kreppa. Það skyldi ekki vera að bankastjóri fari villur vegar og blandi kvótavæðingu sjávarauðlinda (1983) við bætta afkomu bankanna frekar en almennings, sem gekk í gegnum erfiðustu verðbólguhrinu sem átt hefur sér stað á áttunda og níunda áratug.

Bankastjóra til upprifjunar var verðbólgan komin í 84,3% á tólf mánaða tímabili. Í kjölfar þessa var gripið til aðgerða sem fólu í sér gengisfellingu, bann við vísitölubindingu launa og í framhaldinu var tekin upp fastgengisstefna. Með þeim aðgerðum hjaðnaði verðbólgan og fór í tæp 30% árið 1984. Áhrif aðgerðanna 1983 höfðu gífurleg áhrif á lífskjör og kaupmátt launa sem skertist vegna afnáms verðtryggingarinnar. Verðbólga var í kringum 30% árin 1984 og 85 en svo rúmlega 20% að meðaltali næstu fjögur ár á eftir.

Tæplega er boðlegt að bankastjóri ríkisbanka sé ekki betur að sér og fari með villandi málflutning, ekki síst þar sem áratuga óðaverðbólga og miklir efnahagserfiðleikar steðjuðu að almenningi á þessum árum sem hann vitnar í sem góðæristíma. Bankastjóri sem talar með slíkum hætti getur vart talist mjög trúverðugur frekar en í öðrum málflutningi sem hann viðhafði, t.a.m. þegar hann hélt því fram að efnahagskerfið og önnur uppbygging væru með traustum og markvissum hætti, ásamt mikilli hagsæld og að heimili væru tiltölulega skuldlítil.

Eflaust er blússandi hagvöxtur hjá bönkunum, ekki síst þar sem búið er að stýra fasteignaverði upp í hæstu hæðir að hluta til fyrir tilverknað fjármálastofnana, sem áttu nánast aðra hverja eign sem hefur verið seld eftir hrun, þar sem skammtaðar voru eignir inn á fasteignamarkaðinn til að hífa upp söluverð. Eðlilega munu fasteignasalar ekki staðfesta þessa forgangsröðun, að minnsta kosti ekki þeir sem maka krókinn.

Því er þveröfugt farið hjá nýrri kynslóð, ásamt þeim sem hafa misst eignir sínar og fleiri, að geta keypt húsnæði á uppsprengdu verði. Eflaust er skuldsetning og eignastaða betri hjá mörgum eftir að fasteignaverð skrúfaðist upp en nokkuð ljóst er að tugþúsundir heimila deila ekki þeirri skoðun bankastjórans að skuldir séu óverulegar, sé tekið mið af kaup- og greiðslugetu þar sem skuldir heimila hafa vaxið enn frekar.

### Einhverjir verða að borga brúsann

Fasteignaeigendur á höfuðborgarsvæðinu geta eflaust glaðst yfir þessari þróun, en einhverjir verða samt að borga brúsann. Bankastjórar geta líka brosað þar sem veðsetningarhlutfall útlána er mjög gott og má líkja við að þeir hafi bæði belti og axlabönd á skuldugum fyrirtækjum og heimilum.

Bankastjórn Landsbankans þarf að gera sér ljóst, ásamt fleirum, að það er óásættanlegt að stæra sig af góðri afkomu bankans sem látin er stýrast af vaxtaokri og eignum sem voru hirtar á brunaútsölum. Einnig að átta sig á að meginþorri er ekki að lifa góða tíma svo orðum bankastjóra sé stýrt með öfugum formerkjum. Háttvirtur bankastjóri var ekki spar á að vitna í ábyrgðarkennd sem endurspeglaðist tæplega með því að mergsjúga skuldug heimili og stæra sig af milljarða gróða Landsbankans.

Efnahagstjórn landsins er ekki eins góð og háttvirtur bankastjóri lætur liggja að og vitnar í hagvöxt sem er meira og minna dreginn áfram af neyslu og óraunhæfri skuldsetningu heimila sem fyrr, ásamt ómældu braski. Það hefur ekkert með það að gera að hagstjórn sé í góðu lagi þó svo ferðamannastraumur sé að stóraukast og sé nánast líflína þjóðarinnar. Margt bendir til þess að þúsundir heimila eigi enn og aftur eftir að ganga í gegnum aðra holskeflu, þó svo að bankarnir séu með sitt á hreinu. Lætur þar hæst óraunhæf skuldbinding og sveiflukennt efnahagsástand.

**visir.is** Lengri útgáfa af greininni er á Vísi

# Fóstureyðingar, femínismi og mæðrahyggja!



Jakob Ingi Jakobsson
mannréttindalögfræðingur

> **Konur verða að hafa í huga að þær njóta ýmissa sérréttinda nú þegar umfram karla, sem of langt mál væri að telja upp hér, innan skamms munu þær t.d. fá sérstaka íhlutun vegna þeirrar staðreyndar að þær hafa á klæðum en karlar ekki.**

Hér eru reifuð málefnaleg sjónarmið um það hvort rétt sé að konur geti tekið einhliða ákvarðanir um eyðingu fósturs sem er afleiðing getnaðar við það sem við köllum „eðlilegar“ aðstæður!

Nú á tímum jafnréttis er umræða fjölmiðla um fóstureyðingar enn einhliða og femínísk. Eingöngu virðist rætt við konur og afstaða karla er sniðgengin.

Fóstureyðing er aldrei, né getur verið, einkamál konu. Enda verður barn ekki getið nema með aðkomu karlmanns. Konur verða að axla ábyrgð á eigin kynlífi alveg eins og karlmenn!

Kona sem getur einhliða tekið ákvörðun um fóstureyðingu getur með því sniðgengið afleiðingar kynlífs síns. Hins vegar ræður karlinn engu um það hvort konan eigi barn eða deyði barnið. Ef konan vill fæða barnið þarf karlinn/ríkið að greiða með barninu til 18 ára aldurs. Þá kann karlinn að þurfa að klífa endalausar brekkur til að fá lágmarksumgengni við barn sitt. Þá eiga börn einstæðra foreldra lögheimili hjá mæðrum sínum í yfir 90% tilvika. Það er ekki vegna þess að feður kjósi svo, heldur vegna undirliggjandi mæðrahyggju er þrúgar íslenskt samfélag og kemur í veg fyrir að börn geti umgengist feður sína með eðlilegum hætti. Ekkert af þessu hefur neitt með jafnan rétt kynjanna að gera nema síður sé. Allt tal um fóstureyðingar snýst fyrst og síðast um enn meiri og aukinn rétt kvenna, með áframhaldandi skerðingu á réttindum feðra til að hafa eitthvað að segja til um ófætt/fætt barn sitt, þar með talið uppeldi eða umgengni við það!

Það þarf að gæta að réttindum feðranna og barnanna sjálfra, en ekki einblína eingöngu á skoðanir kvennanna sem vilja ekki fæða né ala upp börnin sem þær hafa þó getið! Þessar konur virðast þó vera einráðar og geta sniðgengið rétt annarra.

Réttur karlsins skiptir máli þar sem fóstur er ekki eingetið, kannski vill viðkomandi faðir ala barnið upp einn eftir fæðingu þess? Og það á að vera sjálfsagt mál nú á tímum jafnréttis.

Þá þarf hafa í huga rétt barnsins sjálfs til lífs. Einnig þarf að skoða siðferðislegu hliðina á þessu gagnvart feðrum og barni! Það má ekki einblína á hlið konunnar.

Ég heyri að konur sem rætt er við klifa á rétti sínum yfir eigin líkama. Það er rétt að undirstrika það að kona hefur vald yfir eigin líkama þó henni sé gert að axla ábyrgð og afleiðingar á eigin kynlífi!

Þá er afar óviðeigandi að heyra konur bera á karlastéttina í fjölmiðlum nýverið að hún ali á einhvers konar órétti í þeirra garð þó konan geti ekki nýtt fóstureyðingar einhliða og án skýringa. Slík framsetning eykur líkur á að litið sé svo á að konur vilji geta notað fóstureyðingar sem einhvers konar getnaðarvörn!

### Ekki einkamál konu

Það er í mínum huga afar mikilvægt að maðurinn hafi eitthvað um það að segja hvort eyða megi fóstri. Kannski vill hann eiga barnið og ala það upp? Alveg eins og konan getur í dag einhliða ákveðið að gera. Á slíkt ekki að ganga jafnt í báðar áttir? Þetta má ekki vera og er ekki einkamál konu.

Konur eru svo uppteknar af réttindabaráttu sinni, að þær virðast því miður alveg hafa sniðgengið hagsmuni karla eða barna þeirra til jafns réttar. Öll umfjöllun um rétt kvennanna á þessu sviði er á femínískum nótum sem er óæskilegt.

Gleymum ekki heimssögunni og afleiðingum öfgafullra „isma“ – stefna er leitt hafa til mikils óréttar eins og fasisma, rasisma og nasisma. Konur verða að gæta hófs í baráttu sinni. Því skerðing á umgengni og svona einhliða ákvarðanir eru til þess fallnar að skerða rétt og vinna gegn hagsmunum ekki bara karla, heldur framtíð barnanna sjálfra!

Réttarbóta kann að vera þörf en taka þarf umfram allt annað mið af rétti barnsins og feðranna sbr. framangreint. Það er í mörg horn og lagakróka að líta við svona ákvarðanir!

Konur verða að hafa í huga að þær njóta ýmissa sérréttinda nú þegar umfram karla, sem of langt mál væri að telja upp hér, innan skamms munu þær t.d. fá sérstaka íhlutun vegna þeirrar staðreyndar að þær hafa á klæðum en karlar ekki. Þessi munur á kynjunum verður því að ganga í báðar áttir. Karl getur jú ekki gengið með barn sem hann getur með konu, rétt eins og hann getur ekki haft á klæðum! Það þarf að skoða hlutina í þessu ljósi.

Niðurstaða: Tillit skal ekki einvörðungu lúta að sérstöðu kvenna, heldur þurfa réttindi að lúta að sérstöðu karla líka! Það er ekki svo í dag!

Breytum þessu og stuðlum að „raunverulegum“ jöfnum rétti!

# Í tilefni af 200 ára afmæli Hins íslenzka Biblíufélags



Ásmundur Magnússon
læknir

> **Ég hvet þig sem lest þessi orð mín að gefa Lúkasi kollega mínum tækifæri á að segja þér frá lífi og starfi Jesú. Síðan er upplagt að lesa aðra bók eftir sama höfund, sem er Postulasagan.**

Það er gott að vera meðlimur í félagi sem starfað hefur óslitið í 200 ár! Sérstaklega þar sem starf félagsins snýst um bók bókanna, Biblíuna. Mér er sú bók kær og get tekið undir með sálmaskáldinu sem segir: „Þitt orð er lampi fóta minna og ljós á vegum mínum“ (Sálmur 119, 105).

Biblían, eða a.m.k. Nýja testamentið (N.t.) er til á flestum íslenzkum heimilum, enda með söluhæstu bókum. Hún er oft keypt í gjafir, t.d. skírnar- og fermingargjafir, en hafnar því miður oft í bókahillum til að safna ryki. Reyndar hafa fulltrúar Gídeonfélagsins í gegnum árin afhent grunnskólabörnum Nýja testamentið. Mér þykir miður að sú hefð hafi verið lögð niður af borgaryfirvöldum í Reykjavík.

Þegar ég dvaldi sem ungur drengur í Vatnaskógi vorum við hvattir til að lesa í N.t. og varð Lúkasarguðspjall fyrir valinu. Ég man að þegar ég kom heim úr Skóginum, 10 ára, sagði ég við mömmu mína að þetta hefði verið skemmtilegasta vika sem ég hefði lifað. Ég hvet þig sem lest þessi orð mín að gefa Lúkasi kollega mínum tækifæri á að segja þér frá lífi og starfi Jesú. Síðan er upplagt að lesa aðra bók eftir sama höfund, sem er Postulasagan.

Biblían er samsett úr 66 ritum sem eru ákaflega fjölbreytt. Sagnfræði, spádómsbækur, ljóðasafn, fagurbókmenntir, safn sendibréfa o.s.frv. Nýja testamentið byggist á Gamla testamentinu (G.t.) og finna má spádóma um Messías, Jesú, í flestum ritum G.t.

Sagnfræðingar nota, að mér skilst, einkum tvennt til að meta áreiðanleika heimilda. Í fyrsta lagi hvað elztu handrit sem varðveitzt hafa eru nálægt þeim atburðum sem þau segja frá. Og í öðru lagi hve mörg handritin eru sem hafa varðveitzt. Á þennan mælikvarða eru frásagnir af lífi og starfi Jesú mun áreiðanlegri en annað frá þessum tíma í mannkynssögunni.

Í fyrstu tveimur köflum Mósebókanna er að finna ljóðræna frásögn af sköpuninni. Hvort sem hún gerðist á lengri eða skemmri tíma er það sannfæring mín, að Guð skapaði veröldina. Því meira sem ég kanna mannslíkamann og náttúruna yfirleitt, styrkist trú mín og ég fyllist lotningu. Ég hef löngum undrast hve trú þess fólks er mikil, sem trúir því að veröldin hafi orðið til fyrir tilviljun! Og jafnvel enn stærri er „trú“ þeirra sem álíta að ekkert líf sé að þessu jarðneska lífi loknu. Við getum táknað eilífðina sem eina endalausa línu. Þá er líf okkar eins og örlítill punktur á þeirri línu. Síðan ekkert meir?

Við fögnum nú á jólum því að Guð sendi okkur frelsara til að gefa okkur eilíft líf með sér. Leitum ekki langt yfir skammt. Jesús sagði í Matt. 4, 4: „Eigi lifir maðurinn á einu saman brauði heldur á hverju því orði sem fram gengur af Guðs munni.“

Að lokum hvet ég fólk að gerast meðlimir í H.Í.B. sem nú fagnar 200 ára afmæli – Árgjaldið er einungis 2.000 kr.



**KJÓLADAGATAL**
**Hulda Jónsdóttir ákvað 1. desember að klæðast nýjum kjól á hverjum degi til jóla.**
**Bls. 4**




# DÁSAMLEGT Í KÖKUR OG EFTIRRÉTTI

**KÓLUS KYNNIR** *Kókosbollur og Þristur eru ekki aðeins gott sælgæti eitt og sér heldur er tilvalið að nota hvort tveggja í bakstur, eftirrétti og fleira.*

Kókosbollur hafa verið afskaplega vinsælt sælgæti frá því elstu menn muna og þá sérstaklega Völukókosbollurnar, að sögn Kolbrúnar Karlsdóttur, eins eigenda sælgætisgerðarinnar Kólus. Hún segir þær til margs annars nytsamlegar en bara til að borða þær eintómar sem sælgæti því þær nýtast í svo marga rétti. „Kókosbollurnar eru úr ekta eggjahvítum, þær eru þeyttar upp með sykri þannig að úr verður marengs. Kókosbollurnar er hægt að frysta og því hægt að nota þær eftir hendinni."

Kolbrún lumar á mörgum góðum uppskriftum sem innihalda kókosbollur og gefur lesendum hér nokkrar gómsætar en einfaldar uppskriftir, bæði að eftirréttum og að gómsæti með kaffinu.

**KAFFIMEÐLÆTI**
**4 Jonagold epli, afhýdd og söxuð niður**
**Smjörklípa**
**1 dl matarolía**
**16-18 TUC kexkökur eða annað sambærilegt**
**Kókosbollur til að þekja yfirborð mótsins**
**1-2 bollar dökkt súkkulaði, saxað**

*Smávegis smjör og matarolía er sett á pönnu. Söxuð eplin eru sett varlega á pönnuna og þeim leyft að mýkjast aðeins. Þau eru svo sett í eldfast mót. Kexið er mulið og dreift yfir eplin. Súkkulaðinu er einnig dreift yfir. Kókosbollur eru skornar eftir endilöngu og þeim raðað í mótið með eggjahvítuna upp. Mótið er svo sett inn í heitan ofn og látið vera þar til marengsinn er orðinn ljósbrúnn. Dásamlegt með kaffinu með þeyttum rjóma eða ís.*

Auðvelt er að breyta þessum rétti í eftirrétt en þá er sama uppskrift notuð nema kexinu er sleppt og fleiri ávextir eru settir í staðinn, til dæmis bláber og jarðarber. „Það er fínt að nota klementínur um jólin og á sumrin nota ég að sjálfsögðu eigin bláber," segir Kolbrún.



**GÓMSÆTT** Kókosbollur og þrist er tilvalið að nota í bæði eftirrétti og bakstur.

**EFTIRRÉTTUR**
*„Þennan eftirrétt er afskaplega auðvelt og fljótlegt að gera en hann er afskaplega góður og fallegur útlits."*

**Kókosbollur (hálf á mann)**
**Rjómi, þeyttur**
**Ávextir og ber að eigin vali**
**Súkkulaðistangir**

*Kókosbollurnar eru skornar í tvennt. Þeytta rjómanum er sprautað í hring ofan á marengsinn þannig að hreiður myndist. Ávextir og ber eru sett ofan í hreiðrið og súkkulaðistöngunum stungið í kókosbolluna.*

**ÞRISTUR Á KÖKUR OG ÍS**
Þristur er framleiddur af Kólus eins og kókosbollurnar og er hann í uppáhaldi hjá mörgum. „Það er sniðugt að eiga alltaf Þrist í skápnum – ef það er þá ekki búið að borða hann," segir Kolbrún og hlær. „Hann er svo svakalega góður í bakstur, til dæmis er gott að setja hann í hina vinsælu lakkrístoppa í staðinn fyrir lakkrísinn. Svo er auðvelt að gera bestu íssósu í heimi eða krem ofan á kökur með því að bræða Þrist með smá rjómalögg í potti og hella yfir kökuna eða ísinn."






# LÆTUR SÉR EKKI VERÐA KALT

**POPPAR UPP MEÐ VARALIT** *Leikkonan Katrín Halldóra Sigurðardóttir leggur mest upp úr hlýjum og þægilegum fatnaði. Hún er mikið í svörtu en velur glit og glans við sparilegri tilefni. Mest notaða flíkin í fataskápnum er gallabuxur sem hún fékk í Top Shop. Þær eru svo rifnar að fólk spyr hvort hún hafi lent í slagsmálum eða hnífabardaga.*

Katrín Halldóra Sigurðardóttir útskrifaðist frá leiklistardeild Listaháskóla Íslands í sumar og hefur leikið í Í hjarta Hróa hattar í Þjóðleikhúsinu fyrir fullu húsi síðan. „Sýningar halda áfram eftir áramót en auk þess er ég að æfa „Um það bil“ sem er nýtt sænskt verk í leikstjórn Unu Þorleifsdóttur. Það verður frumsýnt 29. desember svo við erum á lokasprettinum. Eftir áramótin verð ég svo að syngja og leika í Djöflaeyjunni hjá Baltasar Kormáki. Verkefnin eru því fjölbreytt og hvert öðru skemmtilegra og það er alltaf gaman að mæta í vinnuna,“ segir Katrín Halldóra og bendir á að gjafabréf í Þjóðleikhúsið sé gráupplögð jólagjöf.

Blaðamaður forvitnaðist aðeins um fatastíl Katrínar og komst að því að hún kærir sig ekki um að láta sér verða kalt.

**Hvaða flík er í uppáhaldi?** Það eru án efa Timberland-kuldastígvélin sem ég fékk í jólagjöf frá kærastanum mínum fyrir tveimur árum. Þau hafa komið sér rosalega vel og ekki er verra hvað þau eru nú falleg.

**Hvernig klæðir þú þig annars hversdags?** Ég er oftast í gallabuxum og toppa þær með þægilegum bol og hlýrri peysu. Ég er mikið í svörtu svo það væri skandall að nefna það ekki hér.

**Hvernig klæðir þú þig spari?** Þá færi ég mig meira yfir í eitthvað sem glitrar og glansar og er mikið fyrir silki og leður.

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?** Ég get nú ekki sagt að ég sé með neinn sérstakan fatastíl. Ég gekk auðvitað í gegnum ýmis tímabil þegar ég var unglingur og var útlitið alls konar, misvandræðalegt. Núna kaupi ég aðallega það sem mér finnst fallegt og þægilegt og legg ríka áherslu á að það sé jafnauðvelt að fara í og úr.

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Ég kaupi mjög sjaldan föt en þegar ég tek mig til fer ég oftast í Zöru, Top Shop og 66°N.

**Eyðir þú miklu í föt?** Já. Þó ég fari sjaldan að versla þá kaupi ég stundum dýrar flíkur sem endast lengur en tvo þvotta.

**Bestu kaupin?** Án efa 66°N kuldaúlpan mín. Hún kostaði hálfan handlegg á sínum tíma en ég er líka reiðubúin út í hvaða storm sem er.

**Verstu kaupin?** Það var forláta risastór sombreróhattur sem ég keypti á Spáni um árið. Ég dröslaði honum í flugvélina og ætlaði svoleiðis að nota hann hérna heima á sólríkum dögum. Strax á Keflavíkurflugvelli var hann næstum því fokinn af mér og rifnaði. Hann hefur verið í geymslu alla tíð síðan.

**Hvers konar fylgihluti notar þú?** Ég er ekki mikið með skartgripi hversdags enda allt of mikið vesen að taka þá af fyrir æfingar í leikhúsinu og muna svo eftir þeim. Ég er hins vegar alltaf með MK-töskuna sem mamma gaf mér. Hún er algjör bomba og ég geymi allt í henni. Svo má ekki vanmeta gildi góðs varalitar. Hann getur poppað upp skammdegið. Ég á nóg af varalitum.

**Hver er nýjasta flíkin í skápunum?** Ég keypti mér voða fína hlýja kápu í Zöru um daginn. Mig vantaði eitthvað á móti 66°N úlpunni sem væri líka hlýtt en aðeins fínna.

**Hvaða flík notar þú mest?** Það eru gallabuxur úr Top Shop. Þær eru reyndar orðnar mjög rifnar að framan og ég hef oft verið spurð hvort ég hafi lent í slagsmálum eða hnífabardaga. En þær eru bara svo rosalega þægilegar að ég er í þeim nánast daglega. vera@365.is



**RIFNAR EN ÞÆGILEGAR**
Timberland-kuldastígvélin frá kærastanum eru í miklu uppáhaldi hjá Katrínu. Sömuleiðis svartar gallabuxur úr Top Shop. Þær eru í stöðugri notkun og orðnar svo rifnar að fólk spyr Katrínu hvort hún hafi lent í hnífabardaga.
MYND/GVA





Veldu rétt

HVERNIG HANGIKJÖT VILTU UM JÓLIN?

Taðreykt hangikjöt
ÞAÐ BRAGÐMIKLA
SS býður nýja vöru, taðreykt hangikjöt. Kjötið er verkað eftir gömlum íslenskum aðferðum sem hafa verið notaðar um aldir í sveitum landsins. Kjötmeistarar velja kjötið af kostgæfni, það er pækilsaltað og reykt við tað þar til réttum lit, bragði og áferð er náð.
Þeir sem vilja gamaldags þjóðlegt hangikjöt með miklu bragði ættu að velja Taðreykta hangikjötið frá SS.

Tindfjallahangikjet
ÞAÐ LJÚFFENGA
Þessi gullverðlaunavara er tvíreykt, þurrkuð og söltuð með sjávarsalti. Verkunartíminn getur verið allt upp í 3 mánuðir en lærið heldur áfram að verkast og batna með tímanum, ársgamalt er úrvals. Tindfjallahangikjetinu er pakkað í lofttæmdar umbúðir og sett í sérsaumaðan strigapoka og er sælgæti sem borðað er hrátt.
Hentar sérstaklega vel sem forréttur eða smáréttur og er tilvalið í jólapakkann eða til þess að hafa uppi við á aðventu og bjóða gestum og gangandi jólabita.

Birkieykt hangikjöt
HIÐ BRAGÐMILDA
Birkireykta hangikjötið frá SS er sígilt og löngu landsþekkt. Það er aðeins framleitt úr fyrsta flokks hráefni. Við reykingu er notað íslenskt birki.
Þeir sem vilja mjúkt, safaríkt og bragðmilt hangikjöt ættu að velja Birkireykta hangikjötið frá SS.

SJÁIÐ JÓLAÚRVALIÐ INNÁ HEIMASÍÐU SS, SS.IS



## HÁIR HÆLAR SKEKKJA EKKI TÆRNAR

■ Gott mál
Hælaháir skór skekkja ekki stórutá samkvæmt nýrri norskri rannsókn. Þetta hljóta að vera góðar fréttir í desember þegar jólaveislur eru á hverju strái. Því hefur oft verið haldið fram að tærnar verði vanskapaðar gangi konur mikið á háum hælum. „Það hefur engin rannsókn staðfest þetta,“ segir Grethe Borchgrevink sem hefur rannsakað konur og fætur síðastliðin þrjú ár í samstarfi við St. Olavs sjúkrahúsið. „Ég hélt að ég gæti staðfest að háir hælar afmynduðu tærnar. Allt annað kom í ljós í þessari rannsókn,“ segir Grethe sem rannsakaði fætur 197 kvenna.

Niðurstaðan er sú að langvarandi notkun hárra hæla skekkir ekki tærnar. Konurnar sem þátt tóku í rannsókninni voru 40 og upp í 66 ára. Helmingur kvennanna hafði gengið á háum hælum daglega í vinnunni í meira en fimm ár. Margar kvennanna höfðu gengið á háum hælum daglega í 20 ár. Hinn helmingurinn hafði aldrei gengið á hælum.

Það eina sem kom fram í rannsókninni er að konur sem hafa gengið mjög lengi á háum hælum fá frekar sigg á hælana eða harða húð en hinar sem ganga á sléttbotna skóm.



## FLOTTIR SOKKAR

Nýjasta Stjörnustríðsmyndin er frumsýnd um allan heima þessa dagana. Myndirnar hafa löngum haft mikil áhrif á tísku og dægurmenningu og er nýjasta myndin engin undantekning.

Bandaríski sokkaframleiðandinn Stance, sem undanfarin ár hefur vakið mikla athygli fyrir litfagra og ögrandi sokka, setti nýlega Star Wars-sokkalínu sína á markað.

Hún inniheldur myndir af tólf þekktum persónum myndarinnar, þar á meðal Loga geimgengil, R2-D2, Lilju prinsessu, Jóda og auðvitað sjálfan Svarthöfða.

Hægt er að kaupa sokkana í barna- og fullorðins stærðum á www.stance.com/starwars.

Öll barnapörin kosta 16 dollara en 20 dollara í fullorðinsstærðum utan sokka með Stormsveitarmönnum sem kosta 25 dollara.



BESTU ÞÆTTIR ÁRSINS

## GAME OF THRONES EFST Á LISTA YFIR BESTU SJÓNVARPSÞÆTTI ÁRSINS SAMKVÆMT VEFSÍÐU E!

■ Sjónvarp
Árið 2015 var gott ár fyrir þá sem eru hrifnir af því að horfa á sjónvarp. Fjöldi nýrra (og eldri), spennandi þátta birtist á skjánum og erfitt var að fylgjast með öllu þrátt fyrir góðan vilja. Þeir sem geta ekki horft á allt og vilja velja úr það besta til að sjá geta farið eftir lista vefsíðunnar E! um bestu sjónvarpsþætti ársins.

Þar tróna efstir á lista hinir stórgóðu þættir Game of Thrones sem flestir þekkja en fimmta serían var sýnd á árinu og er sú sjötta væntanleg í apríl. Listinn í heild fer hér á eftir.

1. Game of Thrones
2. Outlander
3. Mr. Robot
4. Fargo
5. How to Get Away with Murder
6. You're the Worst
7. The Affair
8. The Flash
9. Empire
10. Inside Amy Schumer















# KJÓLADAGATALIÐ 2015

**JÓLAKJÓLAR** *Hulda Jónsdóttir ákvað að klæðast nýjum kjól á hverjum degi til jóla. Hún segir það bæði áskorun og skemmtun, fínir kjólar eigi hreint ekki að hanga óhreyfðir inni í skáp.*

Þetta er gott tækifæri til þess að nota kjólana mína en ég á yfir þrjátíu kjóla í skápnum. Ég verð aldrei í sama kjólnum fram að jólum,“ segir Hulda Jónsdóttir en hún ákvað að klæðast nýjum kjól á hverjum degi frá 1. desember og fram að jólum. Gjörninginn skrásetur hún á Instagram undir #kjóladagatalið2015.

„Ég fékk innblástur úr ýmsum áttum. Með þessu fer ég líka út fyrir þægindarammann, ég fer í alls konar kjóla sem ég hef kannski ekki notað í mörg ár og stundum er áskorun að troða sér í þá,“ segir hún hlæjandi en viðurkennir að vera mikið fyrir að klæða sig upp.

„Ég er mikil kjólakona og dressa mig alveg upp þó það sé ekkert tilefni. Enda á maður að lifa í núinu og ekki að geyma sér eitthvað þar til eitthvert sérstakt tilefni verður til að nota það. Ég er mikið kamelljón og erfitt að staðsetja minn stíl einhvers staðar. Ég er litaglöð en á líka svarta kjóla. Marga hef ég saumað sjálf eða keypt notaða og jafnvel breytt þeim. Ég kaupi oft íslenska hönnun og nota netið talsvert til að versla. Sendi svo systur mína í búðirnar í Reykjavík til að máta,“ segir Hulda en hún býr á Akureyri og vinnur hjá Menningarráði Eyþings.

Dætur hennar tvær voru klæddar upp fyrsta dag kjóladagatalsins en Hulda segir þær þó misáhugasamar og fljótlega hafi sú hugmynd að þær yrðu með dottið upp fyrir.

„Strax á degi tvö neitaði sú eldri að vera með svo þetta hefur bara þróast. Ég píndi hana þó til að vera með mér á mynd á afmælinu hennar, þá var hún í prinsessukjól og ég í kjól sem mér þykir vænt um. Þær eru misáhugasamar um kjóladagatalið frá degi til dags en sú eldri kallaði mig reyndar „litla kjólabarn“ um daginn,“ segir Hulda. „Mér finnst þetta bara skemmtilegt og hef gaman af því að vera klædd í kjól við alls konar hversdagslegar athafnir, eins og að baka eða við að moka snjó. Samstarfsfólk mitt er margt mjög áhugasamt og fylgist vel með hvort ég sé nokkuð að svindla.“

Ertu búin að ákveða jólakjólinn?

„Eiginlega, nýjasta viðbótin í safninu fær líklega að njóta sín en það gæti breyst á síðustu stundu. Ég á reyndar þrjá síðkjóla en þeir verða ekki með í kjóladagatalinu. Einn þeirra er brúðarkjólinn minn og annar er bara of glyðrulegur,“ segir Hulda og skellir upp úr. „En ég er alls ekkert hætt að kaupa mér kjóla. Maður getur alltaf á sig kjólum bætt.“

**ÞARF EKKI TILEFNI** „Ég er mikil kjólakona og dressa mig alveg upp þó það sé ekkert tilefni. Enda á maður að lifa í núinu.“


**1. DESEMBER** Mæðgurnar uppdressaðar fyrsta dag kjóladagatalsins.


**2. DESEMBER** Sú yngri ánægð með kjólinn sinn.


**10. DESEMBER** Bakstursdagur. Hulda segir skemmtilegt að vera klædd í kjól við hinar og þessar hversdagslegar athafnir.


**11. DESEMBER** „Ég er mikil kjólakona og dressa mig alveg upp þó það sé ekkert tilefni. Enda á maður að lifa í núinu.“


**15. DESEMBER** Svarti kjóllinn er í sérstöku uppáhaldi. Hann gengur við allt og á við öll tilefni.


**12. DESEMBER** Sú stutta í afmælisprinsessukjól og fékkst til að vera með á mynd.


RIMMELLONDON.COM
BYLTING Í VARALIT
NÝTT
THE ONLY 1 VARALITUR
Engin spurning ALLT Í EINUM varalit.
Endingargóður litur, þægilegur og rakagefandi.
Ný tímamót, lengi lifi THE ONLY 1!
Georgia May Jagger notar #510 Best of the Best
RIMMEL
RIMMEL
GET THE LONDON LOOK
Rimmel fæst í völdum verslunum hjá Hagkaup, Apótekaranum, Lyf og Heilsu og Urðarapóteki

SKÖTUHLAÐBORÐ FRAM AÐ JÓLUM



Skötuhlaðborðið vinsæla er á Sjávarbarnum við Grandagarð alla daga fram að jólum, jafnt í hádeginu sem á kvöldin og allan daginn á Þorláksmessu og dagana á undan.

**SKÖTUHLAÐBORÐ SJÁVARBARSINS**
Missterk skata – Saltfiskur – Siginn fiskur – Skötustappa – Plokkfiskur – Fiskibollur – Síldarréttir – Sviðasulta – Fjölbreytt meðlæti **2.900 KR. Á MANN**

SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT

Allt um skötuhlaðborðið á sjavarbarinn.is og á Facebook

**AFSLÁTTAR-MIÐI**



*900 kr. afsláttur af skötuhlaðborðinu 9.-20. desember, aðeins 2.000 kr. á mann.*

*Klipptu miðann út og hafðu hann með þér.*

*Gildir ekki 21-22. des. og á Þorláksmessu.*

Sjávarbarinn • Grandagarði 9
sjavarbarinn.is • 517 3131





**SVÖRT YFIRLITUM** Svarthöfði er alltaf svartklæddur frá toppi til táar eins og þetta módel sem kom fram á sýningu Yohji Yamamoto.

# INNBLÁSTUR ÚR HIMINGEIMNUM

**STJÖRNUTÍSKA** *Hönnuðir sækja innblástur sinn víða. Af þessum flíkum að dæma mætti halda að þeir væru í beinu sambandi við persónur í Stjörnustríðsmyndunum.*

Logi geimgengill, Leia prinsessa, Svarthöfði, vélmennið C3PO og jafnvel Yoda sjálfur virðast hafa haft áhrif á hina ýmsu hönnuði að undanförnu. Flíkur sem líkjast búningum leikara og persóna í Stjörnustríðsmyndunum hafa sést á tískupöllunum og vakið athygli en nýjasta myndin, Star Wars: The Force Awakens verður frumsýnd hér á landi í kvöld.



Flott leðurstígvél, fyrir breiða kálfa

Skóstærð 37-43

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is





**HETTUKLÆDD** Þetta hettuklædda módel kom fram á sýningu Yohji Yamamoto og þykir klæðnaði hennar svipa til útlits hins illa Darth Sidious.





**GEIMGENGLAR** Þetta módel sýndi vetrartísku Ricks Owen en myndi líka sóma sér vel við hlið Loga geimgengils í senu í Stjörnustríði.

**Flottir toppar**



**Toppur með blúndukraga á 6.900 kr.**
2 litir: einlitt svart og kremhvítt með sv. líningu.
Str. 36 - 46/48



**Peysa á 8.900 kr.**
Einn litur
Str. 36 - 46/48

Athugið breyttan opnunartíma:
Opið virka daga kl. 11 - 20
Opið laugard. kl. 11 - 17
Opið sunnud. 12 - 16

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook





**TÖLVUVÆTT PILS** Fyrirsætan Jessica Stam tekur sig vel út í gylltu pilsi með rafleiðslum frá Mugler. Með góðum vilja er jafnvel hægt að trúa að hún sé fjarskyld frænka vélmennisins C3PO.





**EINS OG MEISTARINN** Þessi klæddist fatnaði frá merkinu Baja East og minnir svolítið á meistara Yoda.


TRI
Suðurlandsbraut 32
Hjólreiðar
Hlaup
Sund
TRI VERSLUN býður viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við BORGUN
BORGUN
*Gjafabréf frá TRI VERSLUN er tilvalin jólagjöf!
Hjólaskór frá Louis Garneau frá 19.990kr
MTB
WINTER
RACE
Louis Garneau
Louis Garneau
Mavic Aksium Disc
*Shimano Ultegra
Tacx
#Cyclocross
CROSS RACE SL
359.990kr
#cube_your_life
ZWIFT
CROSS RACE PRO
279.990kr
CROSS RACE
239.990kr
SL ROAD RACE
229.990kr
*Schwalbe Marathon Winter
Louis Garneau
Stage - Winter
9.990kr
100% waterproof breathable hipora membrane
Louis Garneau
Super Shield - Winter
10.990kr
SHIMANO
WWW.TRI.IS
SHIMANO
ParkTool
- Opnunartími @ TRI VERSLUN -
Alla virka daga kl. 11:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00
ParkTool




SIGURBOGINN
SNYRTI- OG TÍSKUVÖRUVERSLUN
LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS





8 rétta hlaðborð í hádeginu
TILBOÐ
KR. 1.790.-
OPIÐ KL. 11:00-14:00
Hlaðborðið er alla virka daga, ekki um helgar.

Kinahofid
NÝBÝLAVEGI 20 SÍMI 554-5022
kinahofid.is


# ROKKUÐ EN ÓSKÖP ÓPRAKTÍSK

**SPURT&SVARAÐ** *Grafíski hönnuðurinn Krista Hall heldur upp á rifnar gallabuxur, hlébarðapels, rúskinnsjakka og þykkar aðhaldssokkabuxur sem ná upp í handarkrika. Hún segist sérlega ópraktísk í fatavali og vinni í því að koma sér upp þægilegri spariflíkum. Það gangi þó fremur illa.*

**Spáir þú mikið í tísku?** Já, já, ég elti samt ekkert alla tískustrauma og sumt skil ég ekki og þá líður mér smá vandræðalega. Til dæmis skil ég ekki þessa blessuðu normcore-tísku, af hverju ætti ég að vilja klæða mig eins og George Costanza í Seinfeld?

**Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?** Hann er síbreytilegur en alltaf smá rokkaður og mjög ópraktískur. Ég finn sérstaklega fyrir þessu ópraktíska núna með átta vikna dóttir mína á brjósti. Hef oftar en einu sinni áttað mig á því í margmenni, t.d. í veislu eða á kaffihúsi að eina leiðin til að ná að vippa út brjóstinu og gefa barninu sé hreinlega að fara alveg úr kjólnum mínum og sitja þannig eftir á upp-háum aðhaldssokkabuxum og ólekkerum gjafahaldara einum klæða.

**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Rifnar svartar gallabuxur eru staðalbúnaður þessa dagana, biker-jakki, flennistór trefill og í mesta slabbinu reyni ég að skilja hælaskóna eftir heima (er að reyna að hætta að vera svona ópraktísk, sko) og klæðist töffaralegum gúmmístígvélum úr Ilse Jacobsen.

**Hvernig klæðir þú þig spari?** Númer eitt, tvö og þrjú eru aðhaldssokkabuxur, helst sem ná upp að handarkrika. Svo kjóll sem hentar illa til brjóstagjafa eða pallíettujakki sem flækist í hárinu á dóttur minni. Ég er í alvörunni að reyna að vinna í að eignast praktískari spariföt!

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Ætli 90% af fataskápnum mínum séu ekki vintage-föt úr Spúútnik eða Nostalgíu þar sem ég starfaði í fjölda ára í bland við flíkur úr Zöru og Topshop.

**Eyðir þú miklu í föt?** Sko. Ég er vandræðalega nísk á að kaupa mér dýrar flíkur en viðurkenni fúslega að vera ekki partur af hinum mínímalíska lífsstíl þó ég glöð myndi vilja og á það því miður til að kaupa mér frekar nokkrar ódýrari flíkur heldur en eina dýra og klassíska.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Rifnu gallabuxurnar, 80 den aðhaldssokkabuxurnar, hlébarðapelsinn minn úr Nostalgíu og fringe-rúskinnsjakkinn úr Spúútnik slást um þann titil.

**Uppáhaldshönnuður?** Vivienne Westwood – alltaf.

**Bestu kaupin?** Flennistóri Zörutrefillinn minn sem knúsar mig í desemberkuldanum.

**Verstu kaupin?** Sjitt. Ég held ég sé búin að gera svo oft slæm kaup svona klukkan korter í sex á laugardegi þegar mér hefur fundist mig bráðvanta nýja flík fyrir partí kvöldsins að ég er búin að blokkera minninguna um þau allra verstu.

**Hverju verður bætt við fataskápinn næst?** Praktískri hnepptri skyrtu sem hentar vel til brjóstagjafa. Djók. Það verður pottþétt einhver ópraktískur hátíðarsamfestingur með tólf tölum í bakið sem ég þarf aðstoð við að komast í og úr til að pissa.

**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** Yfirhafnir og þá aðallega flottir leðurjakkar.

**Notar þú fylgihluti?** Já, alveg grimmt. Sérstaklega Stellu McCartney sólgleraugun með styrkleika svo ég sjái lengra en metra fram fyrir mig. Langar að vera með þau alltaf. Allan daginn. Líka á nóttinni.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Ég meina það svo innilega þegar ég segi mamma mín, Svala Ólafsdóttir og pabbi minn, Sigurður Hall. Þau eru alltaf smart og kúl og ég vona að ég verði jafn kúl og þau eftir þrjátíu ár!

**Getur þú sagt mér dálítið um sjálfa þig og hvað er fram undan hjá þér?** Ég er þessa dagana spennt að njóta jólanna í fæðingarorlofi með Mekkín dóttur minni og Árna manninum mínum en þess á milli starfa ég sem listrænn stjórnandi og teikna skrímsli, furðuverur og hljóðfæri fyrir Mussiland, tónlistar- og ævintýratölvuleik fyrir börn sem kemur út í byrjun næsta árs. Þeir sem vilja kynna sér leikinn betur geta farið inn á mussiland.com.



**TÖFF MAMMA** Krista með dóttur sína Mekkín. MYND/ANTON BRINK

### ER EKKI MINIMALÍSK

„Ég viðurkenni fúslega að vera ekki partur af hinum mínímalíska lífsstíl þó ég glöð myndi vilja og á það því miður til að kaupa mér frekar nokkrar ódýrari flíkur heldur en eina dýra og klassíska."

# JÓLAGJÖFIN HENNAR

## Kápurnar komnar



**Slá**
**24.900 kr**

**Kápa**
**49.900 kr**
stærðir 38 - 46

COSMO
Kringlunni

*Léttgreiðslur í boði*

# RAUTT OG HVÍTT

**HANNAR FLEIRA EN TÖSKUR** *Michael Kors hannar ekki bara vinsælar handtöskur. Hann er líka vinsæll fatahönnuður og vekur jafnan athygli. Þegar hann sýndi vor- og sumartísku 2016 voru margir sem töluðu um kvenlegan og elegant stíl.*

Michael Kors er sagður með frábæran sköpunarkraft sem kemur vel fram í frjálslegum og glæsilegum stíl hans. Á kjólana eru saumuð blóm, þeir eru léttir og þægilegir. Draga fram kvenlegan glæsileika, segja tískulöggur. Rauður litur var áberandi á sýningunni og hvítur. Hvítu fötin eru sérstaklega rómantísk úr mjúku efni sem hæfir vel sumarhita. Sjálfur segist Kors hafa verið að leita að þessum eiginleikum, mýkt og kvenleika en samt nútímalegri hönnun. „Fötin eiga að vera létt og þægileg,“ segir hann.

Sumir segja að þetta hafi ekki verið auðvelt ár fyrir Kors. Fjöldaframleiðsla á Kors handtöskum hefur verið harðlega gagnrýnd. Hlutabréf í fyrirtæki hans hafa fallið í framhaldinu. Hann segist þó ekki vera hræddur við það. Tískan sé fljót að breytast. Samkeppnin hefur harðnað mikið í tískubransanum.

Meðal gesta þegar hann sýndi vor- og sumartískuna 2016 voru Naomi Watts, Olivia Wilde og Kendall Jenner.








KAREN MILLEN
KRINGLUNNI / SMÁRALIND

jura



Stiftung Warentest

test 1

GUT (2,1)
TEST WINNER

Tested:
14 espresso machines

Quality rating:
8 good, 6 satisfactory

Issue 12/2012

www.test.de

# Fyrir alla sem elska kaffi

Verðlaunakaffivél frá Jura. Hægt að velja um kaffi, espresso, latte macchiato, cappuccino eða heitt vatn í te með því að þrýsta á einn hnapp.

*Líttu við hjá Eirvík og við bjóðum þér í kaffi.*

**Jólatilboð 124.900 kr.**

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | **www.eirvik.is**



ALLIR MEÐ „Það er alls ekki einn aldursflokkur sem kaupir slaufurnar okkar þótt vissulega sjáum við mynstur meðal ólíkra aldurshópa," segir Hulda Dröfn Atladóttir, annar eigenda Leynibúðarinnar. MYNDIR/GVA

# LITFAGRAR SLAUFUR

**SKEMMTILEG BLANDA** *Slaufan nýtur sífellt meiri vinsælda meðal karlmanna á öllum aldri. Fleiri þora nú að vera með litfagrar og skrautlegar slaufur.*

Notkun slaufunnar hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár meðal íslenskra karlmanna en þær fást nú í ágætu úrvali hér á landi. Nokkrir íslenskir hönnuðir hafa hannað og selt eigin slaufur með góðum árangri, þar á meðal Leynibúðin sem stendur við Laugaveg í Reykjavík.

Það eru hönnuðirnir Hulda Dröfn Atladóttir og Linda Ósk Guðmundsdóttir sem eiga verslunina en þar selja þær m.a. slaufur sínar undir merkinu Deathflower. Hulda Dröfn segir viðbrögð viðskiptavina undanfarin ár hafa verið góð og hvatt þær enn frekar til að auka úrval og fjölbreytni slaufanna í verslun sinni.



„Það er alls ekki einn aldursflokkur sem kaupir slaufurnar okkar. Vissulega sjáum við mynstur meðal ólíkra aldurshópa. Þannig velja litlu strákarnir oftast Spiderman-, Minecraft- eða Hulkslaufur en fullorðnir velja alla flóruna. Það fer þó mikið eftir týpum hvers konar slaufur eru valdar. Afarnir eru þó aðeins íhaldssamari og kaupa yfirleitt klassískara útlit og tónlistarslaufur með myndum af Bítlunum og Elvis."

## NOTUÐ OFTAR EN ÁÐUR

Sem fyrr eru slaufur aðallega notaðar við skyrtur og jakkaföt. Það sem hefur þó breyst að sögn Huldu Drafnar er að ungir menn eru óformlegri varðandi notkun hennar en áður. „Í dag er slaufan ekki bara notuð við hátíðleg tilefni heldur notuð meira dags daglega. Svo sjáum við mikla aukingu hjá stelpum sem kaupa sér slaufur við skyrtukjóla. Auk þess setjum við einnig slaufur á keðjur og gerum slaufumen."

Linda Ósk hóf að hanna eigin slaufur árið 2009 sem voru skreyttar hauskúpum og vöktu nokkra athygli. „Í kjölfarið jókst úrvalið hjá henni en árið 2012 ákváðum við að hanna slaufurnar saman. Þá byrjuðum við að nota ýmsar teiknimynda- og kvikmyndafígúrur og í raun eru engin takmörk á því hvað getur prýtt slaufurnar. Okkur fannst skemmtilegt hvað við vorum ólíkar, ég er mjög litaglöð en Linda Ósk er meira í dekkri hönnun og hauskúpum. Útkoman getur því verið mjög skemmtileg þegar tveir ólíkir aðilar vinna saman."



Þótt þær telji sig hafa eitt besta úrval landsins af slaufum eru viðskiptavinir að sögn Huldu stöðugt að óska eftir sérstöku þema á slaufurnar sem ekki er til. „Auðvitað reynum við bara að græja það enda skemmtilegt að geta boðið viðskiptavinum að panta eigin slaufur. Við höfum mjög marga fastakúnna sem safna slaufum frá okkur enda þora sífellt fleiri að bera áberandi slaufur en áður. Vinsælustu slaufur okkar um þessar mundir eru Star Wars slaufurnar en við bjóðum upp á átta mismunandi týpur af þeim."

## MEIRA FRAM UNDAN

Þær Linda Ósk og Hulda Dröfn hanna þó margt annað en slaufur og í vetur verður meiri áhersla lögð á flíkur og ýmislegt skart. „Slaufuframleiðslan fylgir þó alltaf með enda seljast þær vel. Við reynum líka að halda verðinu sanngjörnu svo fólk geti komið og keypt gjafir. Svo fórum við nýlega í samstarf með Ásgeiri Þór Jónssyni teiknara varðandi hönnun bola og Daníel Oddssyni með hönnun vasaklúta. Við erum alltaf að gera eitthvað nýtt og erum stöðugt að. Því plönum við aldrei of langt fram í tímann og tökum bara á hlutunum þegar þeir koma. Okkur finnst það skemmtilegast þannig og það fyrirkomulag hentar okkur vel."

Leynibúðin er til húsa á Laugavegi 55 í Reykjavík. Slaufurnar má skoða á Facebook undir Leynibúðin og á Instagram (@leynibudin_store).

**VINSÆLI**

„Í dag er slaufan ekki bara notuð við hátíðleg tilefni heldur notuð meira dags daglega. Svo sjáum við mikla aukingu hjá stelpum sem kaupa sér slaufur við skyrtukjóla," segir Hulda Dröfn hjá Leynibúðinni.








































MARAÞON

Taktu maraþon af **Sopranos** eða **Mad Men.**
Á Stöð 2 Maraþon finnur þú meira en 500 þætti af íslenskum og erlendum seríum.













**GJÖF TIL ÁSKRIFENDA**
Áskrifendur fá tveggja mánaða áskrift að **Tónlist.is** og nýútkomna plötu **Bubba Morthens, 18 konur.***

ENDALAUST TAL
1 GB Í GSM*
**1.990 kr.**

## Skemmtipakkinn

# FRÁBÆR DAGSKRÁ FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

365

Þeir sem eru áskrifendur að Skemmtipakkanum geta notið frábærrar dagskrár okkar á aðventunni og um hátíðarnar. Nýjar og sígildar kvikmyndir, erlendir spennu- og grínþættir, vönduð íslensk dagskrá og fjörugt talsett barnaefni. **Njóttu Skemmtipakkans í desember.**




**365.is**
**Sími 1817**

**9.290 kr.**
Aðeins 310 kr. á dag

2 3 Krakkastöðin 2 HEIMILI HBO BRAVO Vild 2 MARAÞON

HBO® and related service marks are the property of Home Box Office, Inc.

*Fylgir öllum tilboðspökkum 365.

# BÍLAR & FARARTÆKI

Stofnað 1974
Bílamarkaðurinn



LAND ROVER Discovery 3. Árgerð 2008, ekinn 70 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. tilboð 5.190.000. ásett verð 5.490.000 kr Rnr.232648. Bílamarkaðurinn S567-1800. Bilamarkadurinn.is



TOYOTA Prius hybrid. Árgerð 2011, ekinn 42 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.290.000.tilboð 2.990.000 stg Rnr.232769. Bílamarkaðurinn S567-1800. Bilamarkadurinn.is



TOYOTA Corolla s/d terra. Árgerð 2008, ekinn 160 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.190.000. Ný heilsárdekk-Rnr.232779. Bílamarkaðurinn S567-1800. Bilamarkadurinn.is



100 % Vísa HONDA Cr-v stw 4wd advance 147h.ö.. Árgerð 2002, ekinn 158 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 850.000. Rnr.108054.



100 % vísa SUBARU Forester. Árgerð 2003, ekinn 254 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 590.000. Rnr.108093.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**






hjól.is
bestir í hjólum..



**ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA !**

POLARIS SPORTSMAN 800 EFI 6X6 árg. 2008 ek. 8 Þkm, 27" dekk, Götuskráð - Rúða - Dráttarbeisli - Töskur - Sérsmíðaður Kassi - Bensínbrúsar - Grind- Spil, möguleiki á 100% vísaláni, tilboðsverð 1290 Þús !! gsm 894-5332

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2013, ekinn 56 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.790.000. Rnr.280113.



HYUNDAI I10 comfort. Árgerð 2014, ekinn 70 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.790.000. Rnr.991531.



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2015, ekinn 32 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.280122. 7 ára verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ B 220 CDI blueefficiency. Árgerð 2014, ekinn 55 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.690.000. Rnr.270201.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bíll.is
bestir í bílum...



MERCEDES-BENZ Ml 350 bluetec 4matic . Árgerð 2014, ekinn 14 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 13.900.000. Rnr.147329.

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

bílasala 100bilar.is



Land Rover Range Rover V8 Disel, 1/2007, ek 97 þús km, Ný dekk , Mjög gott eintak, ásett verð 6990 þús, tilboðsverð 5990 þús, er á staðnum raðnr 152015.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



WV póló árg. '97 ek. 115 þús beinsk 3- dyra nýsk. vetrardekk. Verð 215 þús. Uppl 8927852



Mazda 6. Árgerð 2013, ekinn 55 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.690.000 kr. Sími 6608248

## 250-499 þús.



**MJÖG EYÐSLUGRANNUR BÍL**

Citroen C3. árg '05. ek aðeins 136þús km. bsk. 5dyra. sk '16. lýtur mjög vel út. góð heilsársdekk. flottur og sparneytinn bíll. Ásett v: 690þús. Tilboðsverð aðeins 490þús. 100% vísalán í boði. s:659-9696



**TILBOÐ 490 ÞÚS - VÍSALÁN Í BOÐI**

VW BORA 1,6 HIGHLINE árg'02 ek. aðeins 130 þús nýleg tímareim, vetrardekk, sk.16 , topplúga, álfelgur ofl ásett verð 690 þús TILBOÐ 490 ÞÚS möguleii á 100% vísaláni i 36 mán s.841 8955

## 500-999 þús.



**EINN EIGANDI FRÁ UPPHAFI**

Peugeot 407. árg '05. ek aðeins 100þús km. ný tímareim. sk '16. sjálfskiptur. einn eigandi frá upphafi. álfelgur. ný vetrardekk. kastarar. Ásett v:990þús. Tilboðsverð aðeins 790þús stgr. 100% vísalán í boði. s:659-9696



**TILBOÐ 590 ÞÚS - 100% VISALÁN Í BOÐI**

SKODA OCTAVIA AMBIENTE árg '04 ek.140 þús, bsk, sk.16 búið að skipta um tímareim, snyrtilegur bíll sem eyðir litlu, ásett verð 790 þús TILBOÐ 590 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955



**GÓÐUR SPARIBAUKUR Á 550 ÞÚS**

SKODA FABIA COMFORT árg 2003 ek.138 þús, 5 dyra beinskiptur, heilsársdekk sk.16 Toppbíll sem eyðir mjög litlu, verð 550 þús möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**

Má þarfnast lagfæringa.

**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar

**ÉG ER MEÐ TVO 4 ÖXLA, 2 DRIFA VÖRUBÍLA AF GERÐINNI MERCEDES BENS ACTROS 3346 OG 3344 ÁRGERÐ 2006 OG 2008.**

Bílarnir eru báðir nýlega skoðaðir og eru í toppstandi á nýjum vetrardekkjum. Eldri bílinn er með festingum og öllum búnaði fyrir snjótönn, og sá nýrri er með Sörling grjót palli. Bílarnir eru staðsettir í Noregi og afhendast í Hirtshals eða höfn Eimskips í Fredrikstad, eins og kaupandi óskar.

Endilega hafið samband og ég sendi ykkur myndir og meiri upplýsingar. Netfangið mitt er cattnord@gmail.com Og sími +4794006911 Arnar.

## Vélsleðar




## Kerrur




## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**INNIMÁLUN**

Get bætt við mig verkum innandyra í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254

## Nudd

Glæsileg nuddstofa í 101 opið alla daga s. 787-7481

## Spádómar

**ÖRLAGALÍNAN 908-1800**

Spáum í spil og ráðum drauma, andleg hjálp og ráðgjöf. Opið frá 20 -23 öll kvöld.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu







Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16

**VASAPÉSI PARTÝLJÓNSINS**
Ódýr viðbót í pakkann. Sendum heim. flokiforlag@internet.is

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**
129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**TRÖNUHRAUN 10, HFJ.**
Herb. með húsgögnum sér baðherb., neti, tv, aðgengi að sameiginlegu eldhúsi og þvottahúsi til leigu til 01. maí. Uppl. í s. 899 7004 og bh@vigri.is

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-10 fm. Tilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**LEBOWSKI BAR**
óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.
**Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**ÍSLENDINGAR.EU**
Nýr samskiptavefur - og við bjóðum frjálslyndar konur sérstaklega velkomnar. Líttu við!

**ÍSLENDINGAR.EU**
Nýr og frjálslyndur íslenskur samskiptavefur: "live" spjall, stefnumót, blogg,. o.fl. Líttu við!


STÖÐ 3 +ENDALAUST TAL +1 GB Í GSM 1.990 kr. til 31. desember*
3 FÁÐU STÖÐ 3 Á BETRA VERÐI Í VETUR
Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is 365
*Gildir fyrir eina áskrift. Viðskiptavinir sem taka þessu tilboði fyrir 31. desember halda þessum kjörum í eitt ár.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
INHOPE insafe
SAFT


# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

XPRENT - hönnun og merkingar
LJÓSMYNDA- OG STRIGAPRENTUN
Hágæðaprentun með ljósmyndaendingu
PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS
Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is

EYJALIND JLG
Skotbómulyftarar og vinnulyftur
- Sala, ný og notuð tæki
- Varahlutir
- Þjónusta
Vertu vinur okkar á Facebook
S: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is


HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

• Jarðvegsvinna
• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Húsarif
• Öll almenn verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN • BORUN • BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
brotafl@simnet.is

Iveco
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

VARAHLUTIR
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík

JÓLA JÓLA JÓLA!
Hringdu og pantaðu pláss fyrir þitt fyrirtæki.
Sími 512 5407
Þjónustuauglýsingar alla fimmtudaga í Fréttablaðinu

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist Parketlagnir og viðhald

BLIKK
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting
Heildsala • Smásala
íshúsið ehf
Smiðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000


**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## fasteignir




Efri hæð að stærð 110,3 m²
auk bílskúrs 22,8 m²
Einstaklings íbúð á forstofugangi, herbergi, snyrting og forstofa
Endurnýjað eldhús og baðherbergi
Rúmgóðar fallegar stofur
Útgengt á austursvalir úr hjónaherbergi



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **49,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -


# Seldu bílinn á sjálfsalinn.is

Nýr auglýsingamiðill fyrir farartæki þar sem kaupendur
Og seljendur ganga frá viðskiptum milliliðalaust

Skráðu bílinn frítt í
**nóvember**
ENGIN SÖLULAUN



SJÁLFSALINN.IS


# LANDMARK
FASTEIGNASALA

**Sími 512 4900**
**landmark.is**

**Bolholt 4, 105 Reykjavík**



| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Magnús Einarsson** Löggiltur fasteignasali Sími 897 8266 | **Sigurður Samúelsson** Löggiltur fasteignasali Sími 896 2312 | **Sveinn Eyland** Löggiltur fasteignasali Sími 690 0820 | **Íris Hall** Löggiltur fasteignasali Sími 695 4500 | **Þórarinn Thorarensen** Sölustjóri Aðstoðarmaður fasteignasala Sími 770 0309 | **Eggert Maríuson** Aðstoðarmaður fasteignasala Sími 690 1472 | **Guðrún Diljá Lúðvíksdóttir** skjalagerð | **Benedikt Ólafsson** Aðstoðarmaður fasteignasala Sími 661 7788 | **Nadia Katrín** Aðstoðarmaður fasteignasala Sími 692 5002 | **Kristján Ólafsson** Hrl og Lögg. Fast. | **Helga Snorradóttir** Skjalavinnsla |

## Landmark leiðir þig heim!




## BAKKASTAÐIR – 112 RVK
**BÓKIÐ SKOÐUN !**

- Frábærlega staðsett 231 fm einbýli
- Prjú svefnherbergi, tvö baðherbergi, stofa / borðstofa.Tvöfaldur rúmgóður bílskúr
- Óhindrað útsýni í átt að Geldingarnesi / Esju
- Stutt er í skóla/leikskóla/þjónustu og útisvæði
- Nánast viðhaldsfrítt hús og lóð
- **AFHENDING 3-4 mánuðir**
- **V. 79,9 millj.**

**Hafðu samband**
**SIGURÐUR R. SAMÚELSSON**
Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312






## ALMANNAKÓR 9 – 203 KÓP
**BÓKIÐ SKOÐUN !**

- Glæsilegt og vandað 286,6 fm einbýlishús á útsýnisstað í Kópavogi.
- Fjögur til fimm svefnherbergi. Baðherbergi á báðum hæðum. Möguleiki á aukaíbúð.
- Hús hannað af Guðmundi Gunnlaugssyni og að innan af Thelmu Guðmundsdóttur.
- Lúmex lýsing, aukin lofthæð með niðurteknum loftum.
- Mjög góð hljóðvist.
- **V. 105 millj**

**Hafðu samband**
**SIGURÐUR R. SAMÚELSSON**
Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312



## FJÁRFESTINGARTÆKIFÆRI!



Drög að íbúðum
á jarðhæð

## HAFNARBRAUT 2 – 200 KÓP

- 368 fm. atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum.
- Húsnæðið er jarðhæð og kjallari. Samtals 368 fm.
- BÚIÐ ER AÐ TEIKNA SEM 3 ÍBÚÐIR.
- Vel byggt og mikið endurnýjað hús í afar vaxandi hverfi.
- Tveir inngangar. Á efri hæð hússins er í dag samþykkt íbúð.
- Í dag eru 2 baðherbergi, bæði með sturtu í eigninni.
- Góð Lofthæð.
- **V. 59 millj.**

**Hafðu samband**
**ÞÓRARINN THORARENSEN**
sölustjóri. Sími 770 0309




# Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum
og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.
**Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

# GLAMOUR

# *í jólapakkann?*

SÉRSTAKT **TILBOÐ**
FYRIR **NÝJA ÁSKRIFENDUR**
Í DESEMBER

GEFÐU ÁSKRIFT AF GLAMOUR OG FÁÐU
**PAKKA MEÐ ÖLLUM 8 TÖLUBLÖÐUM**
GLAMOUR FRÍTT MEÐ.

PAKKI AÐ VERÐMÆTI **15.920 KR.**




skráðu þig á
glamour@glamour.is
eða í síma 512-5550

# SPORT




Riyad Mahrez og Jamie Vardy eru lykilmennirnir á bak við ótrúlegt gengi Leicester í ensku úrvalsdeildinni á þessari leiktíð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Safna stigum eins og meistaralið

**Leicester City er í efsta sæti ensku úrvalsdeildarinnar þegar 16 umferðum er lokið. Refirnir unnu Englandsmeistarana til að koma sér aftur á toppinn. Með tvo af heitustu framherjum Evrópu í stuði safnar liðið stigum í sarpinn eins og meistaralið gera.**

Tómas Þór Þórðarson
tomas@frettabladid.is



**FÓTBOLTI** Leicester City situr í toppsæti ensku úrvalsdeildarinnar þegar 16 umferðum er lokið. Fótboltaáhugamenn og spekingar úti um allan heim bíða eftir því að Refirnir taki hina víðfrægu dýfu niður á við en hún virðist ekkert á leiðinni. Leicester er heldur ekkert bara að spila vel á þessu tímabili heldur hófst uppgangurinn í apríl þegar liðið bjargaði sér frá falli á síðustu leiktíð.

Leicester átti að falla í fyrra og var ekki spáð góðu gengi þegar farandverkamaðurinn Claudio Ranieri var ráðinn til starfa fyrir Nigel Pearson í sumar. Ítalinn hefur byggt á góðum grunni og með viljann að vopni og tvo heitustu framherja Evrópu í miklu stuði virðast Leicester-liðinu allir vegir færir.

## 2,28 stig í leik

Leicester var á botni ensku úrvalsdeildarinnar þegar nýtt ár gekk í garð. Það eitt á að þýða fall í fræðum ensku úrvalsdeildarinnar. Nýtt ár byrjaði heldur ekki vel. Leicester vann aðeins einn leik af fyrstu tíu á árinu 2015 og tapaði sex. Liðið var enn í botnsætinu 4. apríl þegar uppsveiflan hófst.

Refirnir fóru á mikinn skrið. Þeir unnu sjö af síðustu níu leikjum tímabilsins og töpuðu aðeins einum. Árangur Leicester-liðsins nær nefnilega aftur til fjórða apríl en síðan þá er liðið búið að vinna 17 leiki af síðustu 25 og tapa aðeins tveimur.

Leicester er búið að safna 57 stigum í síðustu 25 leikjum ef síðustu níu á síðasta tímabili eru teknir með. Það gerir 2,28 stig í leik sem eru meistaratölur. Leicester er að safna 2,18 stigum að meðaltali á þessu tímabili en oftast er talað um að meistaralið þurfi að fá að meðaltali tvö stig í leik. Þetta er Leicester búið að gera í 25 leikjum og enn er beðið eftir dýfunni.

## Byggt á sama grunni

Árangur Leicester á tímabilinu er einnig merkilegur fyrir þær sakir að liðið fann enga fjársjóði í sumar. Sjö leikmenn sem byrjuðu síðasta leikinn á síðustu leiktíð voru í byrjunarliðinu þegar liðið vann Chelsea á mánudagskvöldið. Í heildina eru sjö leikmenn sem voru hjá liðinu á síðasta tímabili búnir að spila að minnsta kosti 14 af 16 leikjum Leicester.

Claudio Ranieri fékk ekki góðar viðtökur þegar hann var ráðinn enda búinn að hoppa á milli starfa síðan hann var rekinn frá Chelsea fyrir rúmum áratug. Síðast var hann landsliðsþjálfari Grikklands og tapaði fyrir Færeyjum. Er nema von að Gary Lineker, Leicester-goðsögn og fjölmiðlamaður á Englandi, skrifaði á Twitter-síðu sína þegar Ítalinn var ráðinn: „Ranieri? Í alvöru?“

Ranieri er mikill vinnuþjarkur og er úti á æfingasvæði Leicester á hverjum degi og tekur virkan þátt í æfingum liðsins. Hann er mikill herramaður og vinsæll á meðal blaðamanna á Englandi fyrir fádæma kurteisi, en hann gerir til dæmis í því að heilsa öllum blaðamönnum með handabandi á hverjum einasta blaðamannafundi. Herramaður en herforingi.

## Einföld en góð leið

Ranieri bætti ekki miklu við liðið en hefur þess í stað betrumbætt öfluga spilamennsku Leicester sem liðið var að sýna undir lok síðasta tímabils. Ítalinn er mikill taktíker og fótboltaheili en passar þó að gera hlutina mátulega einfalda með Leicester-liðið og það virkar.

Hvað með leikstílinn? Leicester vill ekkert endilega gera hlutina með boltann og það er allt í lagi. Jürgen Klopp vann tvo Þýskalandsmeistaratitla og komst í úrslitaleik Meistaradeildarinnar með pressutaktík. Oft er talað um að það að halda boltanum sé lykillinn að árangri en á meðan til dæmis lið eins og Manchester United gerir varla neitt annað en að halda boltanum er Leicester mun beinskeyttara lið.

Aðeins Sunderland og West Brom halda boltanum verr en Leicester og þá eru refirnir mjög neðarlega á töflunni yfir heppnaðar sendingar. Ranieri vill ekkert dúlla með boltann heldur sækja beint fram en ekki gefa boltann til hliðar. Pressan sem liðið beitir svínvirkar með dugnaðarforka í liðinu eins og Jamie Vardy og Riyad Mahrez sem eru í fremstu víglínu.

Leicester er búið að vinna flesta bolta allra liða í ensku úrvalsdeildinni og bara Tottenham og Liverpool hafa unnið fleiri tæklingar. Leicester vinnur boltann framarlega á vellinum og sækir á markið. Einföld uppskrift sem virkar.

## Batman og Robin

Ef þú ætlar að vera á toppi ensku úrvalsdeildarinnar þarftu töframenn sem geta galdrað fram mörk og stoðsendingar að staðaldri. Stóru liðin leita uppi töframenn í Las Vegas leikmannamarkaðarins en Leicester þarf að leita að mönnum sem stunda spilagaldra á götuhorni.

**88%**

**Vardy og Mahrez hafa saman skorað eða lagt upp 30 af 34 mörkum Leicester í vetur.**

**» Sjö leikmenn sem byrjuðu síðasta leik Leicester á síðustu leiktíð voru í byrjunarliðinu í sigrinum gegn Chelsea á mánudaginn.**

Og stundum eru þeir menn sem einfaldlega biðu eftir tækifærinu.

Þá komum við að Batman og Robin Leicester-liðsins: Jamie Vardy og Riyad Mahrez. Englendingurinn sem var í utandeild Englands fyrir þremur árum og Alsíringurinn sem kom úr frönsku 2. deildinni fyrir tveimur árum. Þessir strákar kostuðu Leicester samtals 1.350.000 punda sem er nálægt mánaðarlaunum Wayne Rooney.

Vardy er markahæstur í deildinni, búinn að skora 15 mörk í 16 leikjum. Þessi 28 ára gamli Englendingur er búinn að skora í 13 af 16 leikjum deildarinnar og leggja upp í hinum þremur. Leicester hefur ekki spilað leik án þess að Vardy skori eða leggi upp. Mahrez er engu síðri. Hann er búinn að skora ellefu mörk í fimmtán leikjum og gefa sex stoðsendingar. Aðeins fjórum sinnum á tímabilinu hefur hann ekki skorað eða lagt upp mark.

Vardy fann Leicester hjá Fleetwood Town, neðri- og utandeildarmarkaskorari sem beið eftir tækifærinu á stóra sviðinu. Mahrez er fæddur í Sarcelles, ofbeldisfullu úthverfi Parísar þar sem hann átti erfiða æsku og missti föður sinn þegar hann var fimmtán ára. Alsíringurinn hét því að láta það ekki buga sig heldur hvetja sig til frekari dáða. Hann er í dag einn besti leikmaður sterkustu deildar heims.

## Af hverju dýfa?

Leicester nýtur engrar virðingar sem topplið, ekkert frekar en önnur spútniklið í gegnum tíðina. Ensku blöðin miða allt út frá hversu langt það er frá liðinu í fjórða sæti og gefa því þannig möguleika á Meistaradeildarsæti. Meira er það ekki. Enska úrvalsdeildin er auðvitað langhlaup en ekki spretthlaup. Leicester gafst þó frekar augljóslega ekki upp eftir 800 metra heldur kom það fyrst í mark eftir 3.000 metrana. Hvort það haldi út er svo spurningin.

„Leicester mun taka dýfu,“ er algengasta setningin þegar talað er um enska boltann í dag. Það veðja allir á móti lærisveinum Ranieris þrátt fyrir að þeir séu búnir að spila og safna stigum eins og meistaralið í síðustu 25 leikjum. Auðvitað þarf liðið að vera áfram heppið með meiðsli og helst að bæta við sig einum eða tveimur sterkum leikmönnum í janúar.

Jólatörnin er vanalega prófsteinn góðra liða. Hvergi í Evrópu reynir jafn mikið á lið í nokkurri deild. Leicester gaf samt skít í jólin í fyrra. Það var á botninum eftir jólatörnina í fyrra og átti að falla. Nú er liðið í baráttu um Englandsmeistaratitilinn þegar hátíðarnar ganga í garð. Við sjáum hvar refirnir verða í byrjun árs en þangað til er líklega rétt að tala um Leicester af aðeins meiri virðingu.






# Létt og leikandi Óskajógúrt
## í jólaundirbúningnum

Óskajógúrt hefur verið sjálfsagður hluti af matarmenningu íslensku þjóðarinnar í rúm 40 ár. Þín óskastund getur verið hvenær sem er en næsta Óskajógúrt er sjaldan langt undan.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



# Kveðjustund hjá engri venjulegri knattspyrnukonu

Abby Wambach varð heimsmeistari í fyrsta sinn á HM í Kanada síðasta sumar en það var hennar fjórða heimsmeistaramót. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**Abby Wambach spilaði í nótt sinn 255. og síðasta leik fyrir bandaríska kvennalandsliðið í fótbolta en þar með er á enda stórbrotinn ferill markahæsta landsliðsmanns knattspyrnusögunnar. Leiðtogi bandaríska landsliðsins síðustu ár kveður sem heimsmeistari en er örugglega ekki hætt að segja sína skoðun.**

**FÓTBOLTI** Það féllu örugglega mörg tár á kveðjustund Abby Wambach í New Orleans í nótt. Það er nefnilega ekki á hverjum degi sem leikmaður á borð við Abby Wambach setur skóna upp á hillu.

Það var kannski við hæfi að hún hafi í raun spilað fullt af kveðjuleikjum því bandaríska landsliðið hefur fagnað heimsmeistaratitlinum frá því í sumar með því að spila tíu leiki um öll Bandaríkin. Sá síðasti af þeim var á móti Kína í nótt.

Í tæp fimmtán ár hefur Abby Wambach farið fyrir einu besta landsliði heims, unnið allt sem hægt er að vinna og skorað fleiri landsliðsmörk en nokkur annar í sögunni, karl eða kona.

Það er ekki nóg með að Abby Wambach hafi skorað 184 mörk í 255 landsleikjum, skorað 24 mörk á stórmótum, unnið tvö Ólympíugull og einn heimsmeistaratitil. Hún hefur einnig farið fyrir liðinu innan sem utan vallar og oftar en ekki vakið athygli á stöðu kvenna innan íþróttaheimsins.

Umræddur heimsmeistaratitill ætlaði þó aldrei að komast í hús. Brons á fyrstu tveimur heimsmeistaramótunum og tap í vítakeppni í úrslitaleiknum fyrir fjórum árum. Abby talaði um það í langan tíma að það eina sem vantaði væri að vinna heimsmeistaratitilinn. Það tókst ekki fyrr en í fjórðu tilraun.

Sumir bjuggust við að sjá Abby Wambach spila eitt ár í viðbót og bæta við þriðja Ólympíugullinu í Ríó á næst ári en hún vissi að hennar tími er kominn. „Sú staðreynd að ég hafði ekki unnið heimsmeistaratitilinn gerði það að verkum að ég píndi mig áfram síðasta eina og hálfa árið. Ef við hefðum unnið HM 2011 hefði ég líka hætt eftir gullið á Ólympíuleikunum árið eftir,“ sagði Wambach.

> **Það sem Abby kenndi mér í gegnum árin er að vera djörf, hugrökk og ekta.**
>
> Heather O'Reilly, liðsfélagi Abby Wambach í bandaríska landsliðinu.

Abby Wambach bætti markamet Miu Hamm árið 2013 og varð enn fremur árið 2012 fyrsta bandaríska knattspyrnukonan í heilan áratug til að vera kosin besta knattspyrnukona heims eða síðan Hamm fékk þau verðlaun síðast.

Það er sama hvar borið er niður meðal liðsfélaga hennar, allir líta jafn mikið upp til hennar.

„Hún kemur okkur af stað. Það er hennar hlutverk. Hún er leiðtogi. Hún bölvar, hún öskrar. Hún er leikmaður sem fórnar sér í allt og gerir allt sem hún getur til að vinna,“ sagði Carli Lloyd, besti leikmaður bandaríska landsliðsins á HM í Kanada.

„Hún hefur verið andlit kvennafótboltans í svo mörg ár. Abby er fótboltakona sem við munum tala um í mörg ár til viðbótar,“ sagði Alex Morgan sem verður nú aðalframherji bandaríska landsliðsins.

Sú virðing sem Abby hefur unnið sér á sér fáar hliðstæður. Rochester, borgin sem hún er frá, heldur upp á Abby Wambach dag 20. júlí og hún fékk einnig lykil að borginni árið 2011.

„Það sem Abby kenndi mér í gegnum árin er að vera djörf, hugrökk og ekta. Þannig fyllt hún mig eldmóði og þannig hreif hún okkur með sér. Hana dreymir stóra drauma og hún notar stór orð. Allt sem hún gerir er stórt,“ sagði landsliðskonan Heather O'Reilly.

Wambach talaði líka um það að það hefði verið auðveldara að stíga frá borði nú þegar hún var komin í mun minna hlutverk innan liðsins en Wambach byrjaði á varamannabekknum stærsta hluta heimsmeistaramótsins síðasta sumar.

Baráttukonan Abby Wambach er hins vegar ekki að leggjast í helgan stein. Það sjá allir hana fyrir sér sem lykilpersónu í baráttu fyrir jafnrétti kvenna og karla í fótboltaheiminum. Hún hefur líka talað um það sjálf. Abby Wambach þorir að segja sitt álit og berjast fyrir því sem hún trúir á. Hún hefur þegar hjálpað kvennafótboltanum að vaxa og dafna sem leikmaður og hver veit nema hún sé ein af konunum sem munu láta til sín taka innan FIFA í framtíðinni. **ooj@frettabladid.is**



**Abby kyssir eiginkonu sína, Söruh Huffman, eftir að langþráður heimsmeistaratitill var í höfn hjá Wambach síðasta sumar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Abby Wambach togar hér í treyju Guðlaugar Jónsdóttur í landsleik Bandaríkjanna á móti Íslandi árið 2005. Ólína Viðarsdóttir fylgist vel með.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Skoraði átta af mörkunum sínum á móti Íslandi

Abby Wambach hafði fyrir leikinn í nótt skorað 184 mörk fyrir bandaríska landsliðið og komst á blað á móti 33 þjóðum á landsliðsferli sínum.

Abby Wambach hefur sýnt mátt sinn í landsleikjum á móti Íslandi frá þeim fyrsta í júní 2003. Wambach spilaði sinn níunda og síðasta landsleik á móti Íslandi á Algarve-mótinu í mars og það var jafnframt í fyrsta og eina sinn sem hún fagnaði ekki sigri í landsleik á móti Íslandi.

Wambach hefur skorað flest mörk á móti Mexíkó eða 24 talsins. Hún hefur skorað 11 mörk á móti Kosta Ríka, Noregi og Svíþjóð. Ísland er þar í níunda sætinu en Japan, Kína og Írland eru einnig fyrir ofan Ísland á markalista Abby Wambach.

Wambach skoraði tvennu í fyrstu tveimur landsleikjum sínum á móti Íslandi 2003 og 2004 og hún skoraði einnig bæði mörkin í 2-1 sigri í október 2006. Íslensku stelpunum tókst hins vegar að stoppa hana í þremur af síðustu fjórum leikjum.

# ÞÚ FÆRÐ JÓLASPILIN Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS




**TENINGA ALIAS**
**4379 KR.**

**VILTU VEÐJA**
**4598 KR.**







Pioneer
MJ532 heyrnartól
Samanbrjótanleg. Fáanleg í 4 litum.
kr. 8.690,-
Pioneer Hljómtækjastæða
PIX-EM-12 - 2 X 30W - CD MP3 og WMA afspilun - FM Útvarp m. 30 stöðva minni - RDS stuðningur - Tengi: USB, Audio-In, Loftnet
kr. 23.900,-
Pioneer
PL-990 Plötuspilari
Reimdrifinn - Alsjálfvirkur - Innbyggður formagnari
kr. 35.900,-
levenhuk Zoom&Joy
Verð frá 3.990,-
Nintendo
Wii U
Þessi leikjatölva hefur slegið rækilega í gegn og var kosin leikjatölva ársins 2015 af Forbes.
kr. 69.900,-
Splatoon
Super Mario Maker
Super Smash Bros.
Nintendo
Wii U
Mjög gott úrval leikja
Verð frá kr. 4.990,-
SAMSUNG
Þessi birta, þessi skerpa og þessir litir
Curved
Ultra HD
Besta tækið
48" Samsung JU7505
279.900.-
48" Samsung JU6675
199.900.-
48" Samsung JU6415
189.900.-
Vinsælustu 48" Samsung tækin:
48" Samsung JU6515
239.900.-
48" Samsung JU7005
229.900.-
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐU SÍMI 4712038


SteamOne
SteamOne er sáraeinfalt í notkun og ekki tekur nema eina mínutu að gera tækið klárt fyrir afkastamikla gufusléttun á hvaða efni sem er, eða bara til að drepa rykmaurinn í rúminu.
15% afsláttur
Afsláttarverð
kr. 33.900,-
Tefal 25 ÁR HJÁ ORMSSON
Tefal Pottar og pönnur fagmannsins
ORMSSON
Jóla dagar
Gæðavörur sem gleðja og gagnast
AEG
Favola kaffivélin frá AEG á sér marga aðdáendur enda er Lavazza kaffi í hylkjunum.
kr. 29.900,-
BRAUN
BRAUN Háreyðingartæki
Silk-épil5 Legs&Body
kr. 14.990,-
Allinox
Góðir og stórir stálpottar á fínu verði.
Stærðir: 9, 11, 13,5, 16, 19 ltr.
BRAUN
SmartControl Sport 197s Rakvél
kr. 12.900,-
brabantia
TouchBin
Þessar snjöllu ruslafötur eru sívinsælar og koma reglulega í nýjum litum.
bodum
Saltið og piparinn saman í einum stauk. Það fer bara eftir því í hvora áttina þú snýrð. Til í ýmsum litum.
kr. 3.990,-
AEG
Expresso-kaffivél, hálfsjálfvirk. Einfaldur og tvöfaldur skammtari. Frábært verð:
kr. 14.900,-
bodum
Gæða pressukönnur sem prýði er að, í góðu úrvali.
Verð frá kr. 5.900,-
Opið virka daga kl. 10-19
Laugardagur kl. 11-19
Sunnudagur 13-19
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
NIVONA
Afkastamiklar og endingagóðar kaffivélar til heimilisnota.
Jólatilboð
kr. 69.900,-
BRAUN Oral-B
Braun - OralB Disney rafmagnstannbursti db4.510 Kr. 2.290,-
Braun - OralB rafmagnstannbursti db4.010 Kr. 1.990,-
M
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
17. DESEMBER 2015 FIMMTUDAGUR

## Merkisatburðir

**283** Gajus verður páfi.
**1263** Magnús lagabætir tekur við konungdómi í Noregi eftir lát Hákonar gamla.
**1538** Páll 3. páfi bannfærir Hinrik 8. Englandskonung.
**1875** Fyrsta löggjöf um ljósmæður gengur í gildi.
**1903** Orville Wright flýgur það sem almennt er talið fyrsta raunverulega flugið með flugvél.
**1961** Indland ræðst inn í Góa.
**1970** Hafrannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson kemur til landsins.
**1975** Heimsminjaskrá UNESCO tekur gildi þegar 20 ríki undirrita hana.

# Fagnar með fjölskyldunni

**Útvarpsmaðurinn Kristján Sigurjónsson er sextugur í dag. Hann fer yfir rúmlega þriggja áratuga feril sinn í samtali við Fréttablaðið.**

„Ég mun fagna þessu með fjölskyldunni; systkinum, eiginkonu og börnum. Þannig ætla ég að halda upp á afmælið,“ segir Kristján Sigurjónsson útvarpsmaður, sem er sextugur í dag. Kristján hefur starfað við útvarp meira og minna síðan 1983 og þekkja líklega flestir landsmenn rödd hans, en hann les gjarnan fréttir á Ríkisútvarpinu.

„Við hjónin munum svo fara til Tenerife í janúar, sem verður ótrúlega ljúft,“ bætir hann við.

Síðustu rúmu þrjá áratugina hefur Kristján starfað hjá Ríkisútvarpinu. „Ég byrjaði á Rás 2, þegar rásin byrjaði. Síðar færði ég mig yfir í dægurmál og dagskrárgerð. 1987 færði ég mig svo norður, vann á svæðisútvarpinu. Þar var gaman að vera, ég var þar í ein þrettán ár og flutti svo suður og hóf störf á fréttastofunni.“

Kristján sinnir vaktstjórn frétta og er fréttalesari. „Þegar ég horfi yfir ferilinn þá stendur kannski helst upp úr hvað þetta hefur verið ofsalega gaman. Þetta er búið að vera skemmtilegur tími, starfið er fjölbreytt, bæði fréttamennskan og dagskrárgerðin. Þetta er eiginlega „draumadjobbið“,“ segir hann.

Í fjölmiðlaheiminum tíðkast það gjarnan að menn reyni fyrir sér á mismunandi miðlum. En Kristján hefur haldið sig við útvarpið allan þennan tíma. „Vissulega hef ég gert stöku innslög í sjónvarpið og einhverjar sjónvarpsfréttir. Ég er nú talinn þolinmóður maður og rólegur. En ég hef ekki þolinmæðina í sjónvarpsvinnsluna,“ segir hann og hlær. Kristján heldur áfram: „Ég hreifst strax af útvarpinu sem miðli. Maður er sjálfstæður, því maður getur séð um vinnsluna að svo miklu leyti. Þannig verður maður örugglega frjálsari í útvarpinu en sjónvarpinu, en ég segi þetta auðvitað með þeim fyrirvara að ég hef ekki kafað jafn djúpt ofan í sjónvarpsmálin.“


**Hér er Kristján Sigurjónsson ásamt eiginkonu sinni, Áslaugu Óttarsdóttur, við gamla menntaskólann þeirra beggja – Menntaskólann við Tjörnina.**

En hvað er það þá sem einkennir góðan útvarpsmann? „Fyrst og fremst að vera eðlilegur og samkvæmur sjálfum sér. Maður þarf að hafa einhverja blöndu af vandvirkni og kæruleysi. Ég tek vinnuna mína alvarlega en sjálfan mig ekki of hátíðlega. Ég held að það sé mikilvægt.“ **kjartanatli@frettabladid.is**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Daníel Gestsson**
verkfræðingur,
Vallarbraut 3, Seltjarnarnesi,

lést 14. desember á Landspítalanum. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju þriðjudaginn 29. desember kl. 15.00.

**Auður Stella Þórðardóttir**
**Jón Daníelsson** **Sigrún Ása Markúsdóttir**
**Auður Daníelsdóttir** **Sverrir Sigurðsson**
**Guðný Sif og Hanna Guðrún Sverrisdætur**

---



†

Elsku pabbi okkar, tengdapabbi, afi og langafi,

**Björn J. Guðmundsson**
áður til heimilis að Karfavogi 25,

sem lést á Hrafnistu, Reykjavík, þann 9. desember, verður jarðsunginn frá Lindakirkju, Kópavogi, mánudaginn 21. desember kl. 13.00.

**Margrét Björnsdóttir** **Einar Hákonarson**
**Sigrún Björnsdóttir**
**Guðrún Björnsdóttir** **Sigurður Á.Sigurðsson**
**Jón Axel Björnsson** **Karen Sigurkarlsdóttir**
**Björn Jóhann Björnsson** **Vilhelmína Einarsdóttir**
**Unnur Ýr Björnsdóttir** **Magnús Bogason**
**afa- og langafabörn.**

---



†

Elskulegur sonur minn og bróðir,

**Sverrir Þór Halldórsson**
matreiðslumeistari

lést á lungnadeild Landspítalans föstudaginn 11. desember. Útför hans fer fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 21. desember kl. 11.

**Kolbrún Þorláksdóttir**
**Einar Þór Rafnsson**

---



†

Ástkær fósturmóðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Unnur Kristín Sumarliðadóttir**
Hraunbæ 140, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 7. desember, verður jarðsungin frá Háteigskirkju föstudaginn 18. desember kl. 15.00.

**Sigurgeir Ernst** **Birna Baldursdóttir**
**Viktoría Sigurgeirsdóttir** **Jón I. Jónsteinsson**
**Unnur K. Sigurgeirsdóttir**
**Róbert Elí Jónsson** **Óskírð Jónsdóttir**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---



†

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, langalangamma og systir,

**Bjarnfríður G. Valdimarsdóttir Mehan**
f. 17.12.1923,

lést á heimili sínu í Hannastown, Pennsylvaniu-fylki í Bandaríkjunum þann 10. maí 2015. Jarðsett var þann 14. maí 2015 frá First Evangelical Lutheran Church of Greensburg. Minningarathöfn fer fram í Fossvogskapellu í dag, 17. desember kl. 15.00.

**Sigurlína Jóhannesdóttir** **Donald Ingólfsson**
**Mary Ann Wilson, Augusta Block, Rosemarie Campbell, Christine Mehan, barnabörn, barnabarnabörn, barnabarnabarnabörn, Ingveldur Valdimarsdóttir, Gróa Valdimarsdóttir**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðjón E. Jónsson**
fv. kennari,
Álfaskeiði 55, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 12. desember. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 21. desember kl. 11.00.

**Alrún Klausen**
**Hallveig Guðjónsdóttir**
**Jón Þór Guðjónsson** **Helga Kristjánsdóttir**
**Selma Guðjónsdóttir** **Valdimar Eiríksson**
**Inga Dís Guðjónsdóttir** **Steinar Steinarsson**
**Jónatan Már Guðjónsson**
**Guðjón Rúnar Guðjónsson** **Þórey Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elsku eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Erla Gróa Guðjónsdóttir**
fv. lögreglukona og fulltrúi hjá sálfræðideild skóla í Reykjavík, síðast búsett í Torfufelli 20, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum í Reykjavík 7. desember sl., verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 18. desember nk. kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að styrkja æskulýðs- og sumarstarf KFUM og KFUK í Vindáshlíð og Kaldárseli, Hjálparstarf kirkjunnar á Íslandi, Samhjálp og Mæðrastyrksnefnd.

**Kristján Búason**
**Jóna Kristjánsdóttir**
**Guðrún Kristjánsdóttir** **Rúnar Vilhjálmsson**
**Búi Kristjánsson** **Sif Sigfúsdóttir**
**Guðjón Kristjánsson** **Ragnheiður H. Arnardóttir**
**Erlendur Kristjánsson** **Elín Anna Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Yndisleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Jeppesen**
kennari,

lést þann 15. desember síðastliðinn á líknardeild LSH í Kópavogi. Útför verður tilkynnt síðar.

**Grímur Leifsson**
**Emil Grímsson** **Rikke Elkjær Knudsen**
**Leifur Grímsson** **Elsa Hrönn Reynisdóttir**
**Sigríður Sif Grímsdóttir** **Árni Arnórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# JÓLATRÉ Á FRÁBÆRU VERÐI!

*Danskur normannsþinur - stór og falleg jólatré*



**DANSKUR NORMANNSÞINUR**
**150–200 cm**

**3900** kr. stk.

**ÓTRÚLEGT VERÐ!**

**EITT VERÐ FYRIR ALLAR STÆRÐIR.**
Þú greiðir inni í Iceland, Engihjalla og velur svo draumatréð fyrir utan verslunina gegn framvísun kvittunar.




## Vaxtalaus jólareikningur Netgíró*
## Þú borgar jólainnkaupin **1. febrúar 2016**

*Þú borgar enga vexti en greiðir 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald (ef upphæð er yfir 3.000 kr. annars 0 kr.) og lántökugjald 3,95%

**OPIÐ 24 TÍMA**

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**
**ICELAND, ENGIHJALLA,**
**VESTURBERGI OG ARNARBAKKA**

**Iceland**

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Í dag nálgast lægð landið úr suðri með austan og norðaustan hvassviðri eða stormi, en hvassast verður um landið norðvestanvert. Snjókoma á Vestfjörðum og á annesjum norðvestanlands, slydda eða rigning á Norðaustur- og Austurlandi, en rigning syðra. Vægt frost víða fyrir norðan en hiti að 7 stigum sunnan til.

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 1° | -6° | -8° |
| ← 8 | ← 13 | ← 6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -5° | 1° | -7° |
| ↓ 10 | ↘ 3 | ↑ 3 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -3° | -3° |
| ← 10 | ← 11 | ← 8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -1° | 2° | -3° |
| ↙ 12 | ↙ 15 | ← 14 |

# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. veiða
6. hæð
8. meðal
9. framkoma
11. tveir eins
12. afspurn
14. fet
16. sjó
17. knæpa
18. mælieining
20. klaki
21. ættgöfgi

**LÓÐRÉTT**
1. hæfileika
3. fisk
4. ölvun
5. kraftur
7. launráð
10. stykki
13. ról
15. aflast
16. sæti
19. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | | ■ |

**LÁRÉTT: 2.** háfa, **6.** ás, **8.** lyf, **9.** fas, **11.** ll, **12.** umtal, **14.** skref, **16.** sæ, **17.** krá, **18.** erg, **20.** ís, **21.** tign. **LÓÐRÉTT: 1.** gáfu, **3.** ál, **4.** fylleri, **5.** afl, **7.** samsæri, **10.** stk, **13.** ark, **15.** fást, **16.** set, **19.** gg.

## Skák Gunnar Björnsson

Stefán Kristjánsson (2.485) átti leik gegn Baldri A. Kristinssyni (2.166) á Íslandsmóti skákfélaga sl. haust.



**Hvítur á leik**

**38. Dxe6!** Svartur gaf enda fellur maður bótalaust. Jólapakkamót Hugins fer fram á laugardaginn í Ráðhúsi Reykjavíkur. Opið fyrir alla krakka 16 ára og yngri.
**www.skak.is:** Björgvin jólameistari Ása.




## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | 1 | 7 | | 8 | 6 | 4 |
| | 2 | 6 | | 3 | | 7 | | |
| 7 | | | 5 | | | 9 | | |
| | | 7 | 2 | | | | 8 | 6 |
| | | | | 6 | | | 4 | 2 |
| 3 | | | | 1 | | | | |
| | 3 | | 6 | | | 4 | 5 | |
| | | 1 | | | 3 | | | |
| | 8 | | | 9 | | | 3 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | | | | |
| | 3 | 4 | 6 | | | | | 5 |
| | 8 | 6 | | | 3 | | 4 | |
| 4 | | | 2 | 5 | 8 | | | 3 |
| | | 9 | 1 | | | | | |
| | | | | 9 | | 5 | | |
| 6 | 7 | | | | 1 | | 3 | |
| 8 | | | | | | 1 | | |
| | 1 | 5 | 8 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 5 | | | 7 | | |
| | | 7 | 4 | | 6 | | 5 | |
| 4 | | 9 | 1 | | | | 3 | 8 |
| 3 | | | 6 | | 1 | 4 | | |
| | | 1 | 7 | | | 5 | | |
| | | | 3 | | | | | |
| | 4 | 3 | | | | | | 7 |
| | | 2 | 9 | | 7 | | | |
| 1 | | | | 4 | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausn verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 4 |
| 4 | 7 | 8 | 6 | 9 | 2 | 3 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 8 | 6 | 4 | 9 | 2 | 3 | 7 | 1 | 5 |
| 1 | 9 | 2 | 8 | 7 | 5 | 4 | 3 | 6 |
| 7 | 5 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 | 2 | 8 |
| 6 | 3 | 5 | 4 | 1 | 7 | 2 | 8 | 9 |
| 9 | 4 | 7 | 2 | 5 | 8 | 1 | 6 | 3 |
| 2 | 8 | 1 | 3 | 6 | 9 | 5 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 5 | 2 | 3 | 9 | 6 | 8 | 1 |
| 6 | 8 | 9 | 7 | 1 | 4 | 2 | 3 | 5 |
| 1 | 3 | 2 | 5 | 6 | 8 | 7 | 9 | 4 |
| 2 | 4 | 3 | 6 | 5 | 7 | 8 | 1 | 9 |
| 7 | 5 | 6 | 9 | 8 | 1 | 3 | 4 | 2 |
| 8 | 9 | 1 | 4 | 2 | 3 | 5 | 6 | 7 |
| 3 | 1 | 7 | 8 | 4 | 5 | 9 | 2 | 6 |
| 9 | 2 | 8 | 1 | 7 | 6 | 4 | 5 | 3 |
| 5 | 6 | 4 | 3 | 9 | 2 | 1 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 3 | 6 | 7 | 5 | 1 | 2 | 8 | 9 |
| 7 | 8 | 5 | 6 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 9 | 1 | 2 | 4 | 3 | 8 | 7 | 5 | 6 |
| 1 | 4 | 8 | 3 | 6 | 2 | 9 | 7 | 5 |
| 2 | 9 | 7 | 8 | 4 | 5 | 3 | 6 | 1 |
| 5 | 6 | 3 | 9 | 1 | 7 | 8 | 2 | 4 |
| 3 | 7 | 4 | 1 | 8 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 6 | 5 | 9 | 2 | 7 | 3 | 1 | 4 | 8 |
| 8 | 2 | 1 | 5 | 9 | 4 | 6 | 3 | 7 |

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





OPIÐ 10-19
TIL JÓLA
OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA FRÁ 10-19
8BLS
NÝR BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF SPENNANDI JÓLAGRÆJUM
SKJÁIR Í ÚRVALI
FLOTTUSTU SKJÁIRNIR ERU Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS!
SNJALLAR JÓLAGJAFIR
ALLAR HEITUSTU GRÆJURNAR ERU Í TÖLVUTEK:
USB GLINGUR
Stórsniðugt USB glingur frá Satzuma í miklu úrvali á frábæru verði. Algjör snilld:)
FRÁ 990
EITTHVAÐ FYRIR ALLA!
JÓLA TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 9.990
PORTA PRO
Mögnuð fislétt heyrnartól sem staðist hafa tímans tönn og verið framleidd óbreytt frá árinu 1984.
6.990
MEÐ MIC OG SVARHNAPP 12.900
1280x800 IPS
HD FJÖLSNERTISKJÁR 178° SJÓNARHORN
NÝTT VAR AÐ LENDA
10" IconiaOne
Ný kynslóð öflugri og þynnri spjaldtölva frá Acer með 10" HD IPS fjölsnertiskjá með Zero Air Gap og Anti-fingerprint tækni.
29.900
NÝ KYNSLÓÐ FRÁ ACER!
SENDUM FRÍTT ALLAR VÖRUR TIL JÓLA
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
* GILDIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ALLT AÐ 10KG • EF PANTAÐ ER FYRIR KL. 15:00;)
OPNUNARTÍMAR
Opið alla daga til jóla :)
14-23.des 10-19
Aðfangadag Lokað
TÖLVUTEK
HRAÐSENDUM 500KR ALLAR VÖRUR HEIM SAMDÆGURS*
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

FRÉTTABLAÐIÐ

# MENNING




**Íslenskar barnabækur**
**1.-2. Koparborgin**
*Ragnhildur Hólmgeirsdóttir*




**Þýddar barnabækur**
**1. Strákurinn í kjólnum**
*David Walliams*




**Þýddar ungmennabækur**
**1. Þegar þú vaknar**
*Franziska Moll*




**Besta ævisagan**
**1. Munaðarleysinginn**
*Sigmundur Ernir Rúnarsson*




**Besta þýdda skáldsagan**
**1. Spámennirnir í Botnleysufirði**
*Kim Leine*




**1.-2. Mamma klikk**
*Gunnar Helgason*




**Íslenskar ungmennabækur**
**1. Skuggasaga: Arftakinn**
*Ragnheiður Eyjólfsdóttir*




**Handbækur / fræðibækur**
**1. Stríðsárin 1938 - 1945**
*Páll Baldvin Baldvinsson*



**Besta ljóðabókin**
**1. Frelsi**
*Linda Vilhjálmsdóttir*




**Besta íslenska skáldsagan**
**1. Stóri skjálfti**
*Auður Jónsdóttir*

# Stóri skjálfti er besta skáldsagan að mati bóksala

Tilkynnt var um Bóksalaverðlaunin 2015 í gærkvöldi. Yfir 50 bóksalar víðs vegar að af landinu standa að valinu og kosið er til verðlauna í níu flokkum. Bækurnar sem hljóta fyrsta sætið í hverjum flokki öðlast rétt til að bera verðlaunamiða félagsins en auk þess munu bóksalar leggja sig fram um að hafa allar verðlaunabækur sýnilegar í bókabúðum fram að jólum. Bóksalaverðlaunin njóta vaxandi áhuga almennings.

## Sóttist eftir að þýða þessa bók

Besta þýdda skáldsagan að mati bóksalanna er Spámennirnir í Botnleysufirði eftir Danann Kim Leine í þýðingu Jóns Halls Stefánssonar. Skáldsagan er lauslega byggð á sönnum atburðum í dansk-norska konungsveldinu í lok átjándu aldar. Sögusviðið spannar mannlíf höfuðborgarinnar sem og nýlendubyggðir Grænlands og víðar en Spámennirnir í Botnleysufirði tryggðu Kim Leine Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2013.

Jón Hallur er búsettur í Danmörku og segist einnig hafa dvalið aðeins á slóðum sögusviðsins í Grænlandi. „Ég hef verið þarna, reyndar á sama stað og Kim Leine, þarna á austurströndinni. Þannig að ég þekki aðeins stemninguna og tengi kannski aðeins meira við þetta samfélag fyrir vikið.“

Jón Hallur segir þetta vera afskaplega gleðileg tíðindi en að hans góði útgefandi, Bjarni Harðarson hjá bókaútgáfunni Sæmundi, hafi nú verið búinn að lauma þessu að honum. „En þetta er ótrúlega ánægjulegt. Ég þurfti nú að berjast soldið fyrir að þessi bók kæmi út og síðan tók Bjarni við þessu af sínum höfðingsskap. Viðbrögðin hafa svo verið framar björtustu vonum eins og mig grunaði reyndar að það mundu margir fá mikla nautn af því að lesa þessa bók. Ég sóttist eftir því að þýða þessa bók því mér fannst þetta svo heillandi texti og þessi saga sækir á mann.

Annars finnst mér þessi tilnefning vera afar ánægjuleg vegna þess að bóksalar eru ákaflega mikilvægt fólk fyrir bókaheiminn og þetta sýnir mér að þessi bók er að heilla fólk og það er það sem skiptir öllu máli.“



**Jón Hallur Stefánsson, þýðandi.**
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Vann sem sjálfboðaliði í bókabúð í Danmörku

Besta íslenska skáldsagan að mati bóksala í ár er Stóri skjálfti eftir Auði Jónsdóttur. Í Stóra skjálfta segir frá ungri konu sem rankar við sér eftir stórt flogakast við Miklubrautina og sonur hennar er á bak og burt. Við taka erfiðir dagar minnisleysis í tættri veröld þar sem unga konan berst við að púsla lífinu saman.

Þegar náðist í Auði var hún óneitanlega í smá áfalli eftir að hafa ruglast á dagsetningum fyrir jólaball í leikskóla sonar síns en verðlaunin voru henni þó að sönnu gleðitíðindi. „Ég? Vá, en gaman, í alvöru ég klökkna bara,“ segir Auður og undrun og gleði leynir sér ekki. „Ég er nefnilega gamall bóksali sjálf. Vann í bókabúðum eiginlega frá því að ég var krakki og þar til ég fór að gefa út sjálf. Ég á mikið af minningum úr bókabúðinni enda er afskaplega gaman að vinna í bókabúð. Það er í alvörunni með því skemmtilegra sem ég hef gert. Í Danmörku fékk ég meira að segja einu sinni að vinna í bókabúð sem sjálfboðaliði því mér finnst það svo gaman.“

Stóri skjálfti hefur fengið ákaflega góðar viðtökur og sumir hafa velt því fyrir sér hvort Auður sé þarna að skrifa um sitt eigið líf en hún segir það nú ekki vera tilfellið. „Þetta er ekki mitt líf í orðsins fyllstu merkingu en ég nota það sem ég þekki eins og til að mynda flogaveikina eins og henni er lýst þarna. Þannig er það að maður notar eitthvað úr lífinu sem gerir skáldskapinn trúverðugan.“

Nú lætur ungur sonur Auðar heyra hraustlega í sér og hún segir frá því að hún hafi klikkað á jólaballinu. „Ég er satt best að segja alveg að farast úr samviskubiti svo þessi góðu tíðindi eru nú aðeins til þess að létta mér lífið. Málið er að börn og mæður er það sem fyllir mann samviskubiti og Stóri skjálfti er nú dáldið mikið um það svo ætli mitt eigið líf sé ekki þarna meira en ég hafði gert mér grein fyrir.“



**Auður Jónsdóttir við Miklubrautina þar sem Stóri skjálfti hefst.**
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# GULL & SILFUR!







★★★★

*„Afar vel skrifuð bók, gullmoli í jólabókaflóðinu … Þetta er bók fyrir alla. Hún er í senn sorgleg, skemmtileg, fræðandi og mannbætandi.“*

REYNIR TRAUSTASON, STUNDINNI

★★★★

*„Endirinn hittir lesandann eins og spark í magann“*

FRIÐRIKA BENÓNÝS, FRÉTTATÍMANUM

VERÖLD

# Tónleikar til heiðurs frægustu dóttur Parísar

**Brynhildur Guðjónsdóttir slær upp tónleikaveislu í Hörpu um helgina því franska söngkonan Edith Piaf hefði orðið 100 ára þann 19. desember. Hún segist fara í aðra vídd þegar hún flytur þessa tónlist.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





Brynhildur í gervi söngkonunnar Edith Piaf í sýningu Þjóðleikhússins fyrir ellefu árum. MYND/GRÍMUR BJARNASON

Brynhildur Guðjónsdóttir leikkona er á leið á æfingu með hljómsveit vegna stórtónleika til heiðurs söngkonunni Edith Piaf þegar í hana næst – en á miðnætti kvöldinu áður var hún Njáll á Bergþórshvoli í Borgarleikhúsinu. Hún kveðst engan veginn geta gert upp á milli þeirra, þó ólík séu og þó vera búin að setja sig eins vel inn í líf beggja og kona á Íslandi geti gert í dag.

### Piaf hefði orðið hundrað ára

Nú eru það tónleikarnir sem eru umræðuefnið, enda á dagskrá nú um helgina. Brynhildur segir þá gríðarlega spennandi. „Jóhann G. Jóhannsson, fyrrverandi tónlistarstjóri Þjóðleikhússins, er búinn að útsetja sautján lög fyrir þann sterka og flotta hóp sem að flutningnum kemur,“ segir hún. „Þeir Jóel Pálsson og Haukur Gröndal eru þarna og spila jöfnum höndum á klarinettið og saxófóninn. Svo er Eiríkur Orri Ólafsson á trompett, Margrét Arnardóttir á harmóníku, Bryndís Pálsdóttir á fiðlu og Jóhann G. á fallegan flygil.“

Brynhildur kveðst svo verða að keppa við öll instrúmentin til að láta rödd sína heyrast og ekki hætta fyrr en hún hafi lokið keppni með sigri!

„Við erum með sautján laga lista. Það eru lögin sem ég söng í sýningu Þjóðleikhússins á sínum tíma, 2004, og svo fimm ný. Lög sem hafa alltaf verið í uppáhaldi bæði hjá mér og Jóhanni G. Útsetningarnar hans eru þannig að ég fæ gæsahúð þegar ég heyri þær.“

Sögustundir verða inn á milli á tónleikunum þar sem fjallað verður um ævi söngkonunnar. „Þetta verður hátíðarstund í tali og tónum til heiðurs þessari frægustu dóttur Parísar sem hefði orðið 100 ára laugardaginn 19. desember. Þá eru fyrri tónleikarnir okkar og af því að það seldist upp á þá, sem ég er mjög þakklát fyrir, þá bættum við öðrum tónleikum við daginn eftir, sunnudaginn 20. desember, klukkan 17 og enn eru nokkrir miðar til á þá tónleika. Við viljum fylla salinn af tónum og töfrum og verðum að fá vini Piaf til að vinna í því með okkur.

**SUM LÖGIN ERU ÞANNIG AÐ OKKUR NÆGIR AÐ SKILJA ÞAU MEÐ HJARTANU, EINS OG LAGIÐ LA VIE EN ROSE, EÐA LÍFIÐ Í LJÓSRAUÐUM BJARMA.**

Við ætlum líka að heiðra Sigurð Pálsson sem er höfundur leikritsins en hann á 40 ára rithöfundarafmæli um þessar mundir.“

### Fer í aðra vídd við flutninginn

Söng- og leikkonan ætlar að klæðast kjólunum sem hún skartaði í sýningu Þjóðleikhússins og eflaust sýnir hún leikræn tilþrif líka. „Það gerist sjálfkrafa þegar ég syng þessa tónlist,“ segir hún. „Án þess að ég ætli að fara að verða einhver önnur en ég er þá er einhver hjartastrengur í þessari tónlist sem gerir að verkum að ég fer í aðra vídd þegar ég flyt hana. Þetta eru allt dásamleg lög.“

Brynhildur syngur jöfnum höndum á íslensku og frönsku. „Þeir Þórarinn Eldjárn og Kristján Þórður Hrafnsson íslenskuðu nokkra af textunum fyrir sýningu Þjóðleikhússins og það er mjög merkilegt. Upphaflega vissum við ekki hvort það yrði mögulegt því íslenskan og franskan liggja á svo mismunandi stöðum í tempói. En það gekk ljómandi vel og nokkur af mínum uppáhaldslögum eru með íslenskum textum, þýðendurnir taka svo vel utan um þá. Það er líka gott. Þá skilja allir með höfðinu en sum lögin eru þannig að okkur nægir að skilja þau með hjartanu, eins og lagið La Vie en Rose eða Lífið í ljósrauðum bjarma.

Þótt Piaf-tónleikarnir falli inn í jólatónleikatímabilið segist Brynhildur ekkert vera í neinni keppni. „Við erum að bjóða upp á allt annan hlut. Borg eins og París með alla sína menningu, alla sína fegurð og það andrúmsloft sem hvergi þekkist nema hjá Frökkum – það er það sem við ætlum að stíga inn í.“



**„Borg eins og París með alla sína menningu, alla sína fegurð og það andrúmsloft sem hvergi þekkist nema hjá Frökkum – það er það sem við ætlum að stíga inn í,“ segir Brynhildur.** MYND/GRÍMUR BJARNASON




## Ó, helga nótt og fleiri perlur jólatónlistar

Fjölbreytt aðventu- og jólatónlist verður flutt á hádegistónleikum kórsins Schola cantorum í Hallgrímskirkju á morgun, 18. desember. Lög eins og Ó, helga nótt, Wexford Carol, Nóttin var sú ágæt ein, Það aldin út er sprungið, Lux aurumque eftir Whitacer, Josef and the Angel eftir Hafliða Hallgrímsson og fleiri perlur.

Einsöngvarar úr röðum kórsins verða Fjölnir Ólafsson bassi, Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir sópran og Ragnheiður Sara Grímsdóttir sópran. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

Mjög annasömu ári er að ljúka hjá kórnum. Auk þess að hafa lokið upptökum á geisladiski fyrir erlendan markað hefur kórinn komið fram á um tuttugu tónleikum, meðal annars á vikulegum hádegistónleikum sínum í Hallgrímskirkju í sumar, á Kirkjulistahátíð í ágúst og Culture Scapes í Sviss í nóvember.



**Schola cantorum sér um hátíðastemningu á hádegistónleikunum.**

Þetta eru síðustu aðventutónleikar Schola cantorum á Jólatónlistarhátíð Hallgrímskirkju og tilvalið að njóta fallegrar tónlistar í hátíðlegu umhverfi. Tónleikarnir standa í um það bil hálfa klukkustund.

Miðasala er á midi.is og við innganginn. Miðaverð er 2.500 krónur en námsmenn og listvinir kirkjunnar greiða hálft gjald. – **gun**



★★★★

EIRÍKUR STEPHENSEN / HERÐUBREIÐ




„Merkileg þroskasaga."
EGILL HELGASON / EYJAN.IS

„Tekst óskaplega vel að lýsa einsemd unglingsins ... mjög fyndin ... Ótrúleg saga ... stórgóð."
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„Ég er mjög ánægður með þessa bók og þetta er bók sem ég hefði mjög gjarnan viljað lesa sem ungur maður."
HAUKUR INGVARSSON / KILJAN

„Einlægni Jóns er aðdáunarverð og sumar frásagnirnar eru algert metfé ... skemmtileg er þessi bók, og frásagnirnar magnaðar á köflum."
EINAR KÁRASON / DV

„Það hefur aldrei áður verið skrifuð svona bók á Íslandi. Sorgleg og góð, hræðileg og ótrúlega fróðleg. Hún brýtur blað og breytir."
ÞÓRKATLA AÐALSTEINSDÓTTIR, SÁLFRÆÐINGUR

„Sturluð saga, svo sorgleg og svo fyndin, bara engu lík. Ég vildi óska að allir í heiminum myndu lesa þessa bók."
AUÐUR JÓNSDÓTTIR, RITHÖFUNDUR

„Þvílíkur sársauki, nánd og firrð. Þetta er alveg ótrúleg bók, hvergi dauður punktur."
ÓFEIGUR SIGURÐSSON, RITHÖFUNDUR



*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

# SJÓNAUKAR Í MIKLU ÚRVALI



ÚTSÝNISSJÓNAUKAR - STJÖRNUSJÓNAUKAR

# JBL BLUETOOTH HEYRNARTÓLIN VINSÆLU



JBL E40BT

VERÐ 12.990

NÝ SENDING KOMIN!

VERÐ 16.990

JBL E50BT

# JBL BLUETOOTH HÁTALARAR Í ÚRVALI

VERÐ FRÁ 4.295



EISA AWARD Best Product 2015-2016
MOBILE SPEAKERS
JBL Xtreme

# SONOS

ÞRÁÐLAUS
AÐGANGUR
ALLSTAÐAR



Sonos er kerfi þráðlausra hátalara og hljómtækja sem sameinar stafræna tónlistarsafnið og útvarpsstöðvar í einu appi sem stjórna má frá hvaða síma eða spjaldtölvu sem er.

Google play   Spotify

# YAMAHA Bluetooth MusicCast HLJÓMTÆKI Í ÚRVALI



# HEIMABÍÓ

SOUNDBAR HÁTALARAR OG HEIMABÍÓKERFI Í ÚRVALI FRÁ JBL, YAMAHA, SONOS, LG OG HARMAN KARDON

JBL   LG

YAMAHA



SONOS

harman/kardon

# Góðar gjafir og Gleðileg Jól

## THOMSON

4K Ultra HD

CI+ · Quad Core · Smart TV.2 · wifi display · ULTRA HD Pure image · MHL Mobile High-Definition Link · HbbTV · HDMI 2.0 · DVB T2/C/S2

THOMSON 40UA6406 — 40" — TILBOÐ 109.990

THOMSON 50UA6406 — 50" — TILBOÐ 149.990

THOMSON 55UA6406 — 55" — TILBOÐ 179.990

## LG

LG Life's Good · Smart TV · 4K ULTRA HD · IPS · LED · 4K Upscaler · 700Hz PMI / 1200Hz PMI · DVB T2

LG 40UF695V — 700Hz PMI — 40" — TILBOÐ 119.990

LG 49UF695V — 700Hz PMI — 49" — TILBOÐ 179.990

LG 55UF695V — 1200Hz PMI — 55" — TILBOÐ 209.990

LG 60UF695V — 1200Hz PMI — 60" — TILBOÐ 309.990

## FINLUX

USB · HDMI · DVB T2

Finlux 55FLHKR249BHC — 55" — TILBOÐ 129.990

Finlux 65FLHKR249BHC — 65" — TILBOÐ 199.990

## UNITED

USB · HDMI · DVB T+C

UNITED LED32X16T2 — 32" — TILBOÐ 39.990

UNITED LED40X16T2 — 40" — TILBOÐ 59.990

## FINLUX

USB · HDMI · DVB T2

Finlux 49FLHKR277SC — 49" — TILBOÐ 89.990

**NÝ SENDING AF LG OLED TÆKJUM ER KOMIN**

SM.IS

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

# Eivør bætist í hóp einsöngvara

## Jólasöngvum kórs Langholtskirkju hefur borist sérstaklega öflugur liðsstyrkur.

Jólasöngvum Kórs Langholtskirkju hefur borist óvæntur liðsstyrkur því Eivør Pálsdóttir verður gestur kórsins á tvennum tónleikum af þrennum, annað kvöld, föstudaginn 18. desember klukkan 23, og á laugardaginn, 19. desember, klukkan 20.

Aðrir einsöngvarar í ár verða Benedikt Kristjánsson, Andri Björn Róbertsson og Ólöf Kolbrún Harðardóttir. Einsöngvari á táknmáli er Kolbrún Völkudóttir og einnig koma fram einsöngvarar úr Kór Langholtskirkju og Gradualekór Langholtskirkju. Í ár verða tónleikarnir þrennir, þeir síðustu verða á sunnudag klukkan 20. Að þessu sinni er það Árni Harðarson sem stjórnar, hann hleypur í skarðið fyrir Jón Stefánsson vegna veikinda þess síðarnefnda.

**» EIVØR VERÐUR GESTUR KÓRSINS Á TVENNUM TÓNLEIKUM, ANNAÐ KVÖLD OG Á LAUGARDAGINN.**

Mikill jólaandi ríkir jafnan á Jólasöngvunum við kertaljós í Langholtskirkju. Að vanda verður boðið upp á rjúkandi jólasúkkulaði og piparkökur í hléi. – gun


Hinir fjölmörgu aðdáendur Eivarar gleðjast örugglega við að heyra hana taka lagið. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR






# Stórar spurningar í fágaðri veröld

**BÆKUR**

**Endurkoman**

★★★★☆

**Ólafur Jóhann Ólafsson**

**Útgefandi:** Veröld
**Kápuhönnun:** Ragnar Helgi Ólafsson
**Fjöldi síðna:** 389




Ólafur Jóhann Ólafsson hefur varið stórum hluta ævi sinnar og starfsferils utan Íslands og þá einkum í Bandaríkjunum. Fyrir vikið er ekki óeðlilegt að höfundarverk hans beri þess merki og líkast til má segja að hann sé hvað alþjóðlegastur íslenskra samtímahöfunda. Nýjasta skáldsaga Ólafs Jóhanns, Endurkoman, er engin undantekning á þessu þar sem söguviðið nær yfir New York og Connecticut í Bandaríkjunum, Allington á Englandi, Reykjavík, Snæfellsnes og Flatey svo tæpt sé á helstu viðkomustöðum. Endurkoman er líka stór og marglaga skáldsaga. Persónurnar eru fullmótaðar og áhugaverðar manneskjur og fyrstupersónufrásögn aðalpersónunnar leiðir lesandann áfram af öryggi. Ólafur Jóhann er tæknilega fær höfundur, hinn fumlausi og tæknilega snjalli píanisti orðsins. Öryggið er slíkt að það er ekki laust við að á köflum væri ákveðinn léttir að sjá ásláttarvillu eða ákveðið fum í frásögninni en slíkt er ekki í boði. Öryggið og færnin eru allsráðandi.

Í endurkomunni segir frá hinum hálfíslenska Magnúsi Colin Conyngham, hámenntuðum heilasérfræðingi sem rannsakar ástand sjúklinga í dái, vitund og líf þeirra sem eru fangar í eigin líkama og eiga aldrei afturkvæmt. En Magnús tekst líka á við fortíð sína og æsku, lífið í skugga móður sinnar píanistans sem aldrei náði heimsfrægð og lifir í vonbrigðum og biturð fram að endurkomunni. Hann tekst líka á við ástina og missinn en umfram allt þó sjálfan sig og allar þær andstæður sem búa í einum manni.

Ólafur Jóhann kann þá list að flétta saman sögur og láta þær enduróma í heildstæðu verki. Grunnstefið endurkoma ómar í mörgum ólíkum myndum og sögum tengdra sögupersóna en í ólíkri mynd með ólíkri afstöðu hverju sinni. Hver leið varpar fram nýju sjónarhorni á spurningar sem vakna um líf okkar og það val sem við tökumst á við á hverjum degi. Lesandinn er leiddur að spurningunum og þarf sjálfur að takast á við svörin, leita og finna, skoða líf sitt og hvernig við erum fangin í aðstæðum sem við höfum sjálf skapað með okkar eigin vali.

Í Endurkomunni finnum við fyrir persónur sem eru fangar í eigin líkama jafnt sem þá sem eru fangar ákvarðana sinna, æsku sinnar, fortíðar og væntinga. Persónurnar velja og hafna, taka ákvarðanir um líf sitt og annarra. Engu er ýtt að lesandanum heldur er honum boðið í ferðalag um söguheiminn og gefinn þess kostur að spegla líf sitt í bókmenntalegum, sléttum og felldum heimi vals og ákvarðana.

Ólafur Jóhann laðar þessa sögu fram áreynslulaust og af fagmennsku. Framvindan er fumlaus og örugg og tímalínan reikar órlítið eins og hún stjórnist á stundum fremur af líðan og tilfinningalífi aðalpersónunnar en öðru. Allt er þetta ákaflega vel gert. Það eina sem angrar þó á köflum er hversu sléttur og felldur söguheimurinn er og hversu siðmenntaðar persónurnar eru jafnt í hugsun sem og ákvörðunum. Þetta er saga hinna menntuðu, sjálfsöruggu og siðmenntuðu í veröld fágunar, hámenningar og lista. Veröld heimsborgarans. Fyrir vikið er þessi veröld helst til fjarlæg fyrir íslenska lesendur og helst til snyrtileg og jafnvel dálítið gamaldags. Þannig að þrátt fyrir vel skrifaða sögu og skýrt mótaðar persónur er erfitt að finna til samkenndar. Erfitt að finna til þess sem gerir góða bók frábæra. **Magnús Guðmundsson**

**NIÐURSTAÐA:** Falleg og vel skrifuð bók sem varpar fram stórum spurningum og lætur lesandanum eftir að leita svara.

# Langmæðgur í Trölladyngju

**BÆKUR**

**Amma óþekka og tröllin í fjöllunum**

★★★☆☆

**Jenný Kolsöe**

**Útgefandi:** Bókabeitan
**Myndir:** Bergrún Íris Sævarsdóttir
**Fjöldi síðna:** 57




Amma óþekka er ný barnabók frá Bókabeitunni sem hentar sérstaklega yngri lesendum og þeim sem eru að æfa sig í lestri. Það þýðir þó ekki að orðaforðinn sé einfaldur heldur er einmitt lagt upp úr fjölbreytni í orðavali og því að kynna lesendur fyrir margslungnum og misflóknum orðum íslenskrar tungu.

Þessi bók er ólík lestraræfingabókum sem krakkar eiga að venjast, því þótt lögð sé áhersla á ákveðna stafi í efnisgreinum sögunnar og framburðareinkenni svo sem tvöfalda samhljóða, þá er framvindan skemmtileg.

Sagan segir frá Fanneyju Þóru sem fer í ferðalag með ömmu sinni út á land, nánar tiltekið í Trölladyngju. Þar tjalda þær stöllur, grilla pylsur og eiga saman huggulega stund í íslenskri náttúru. Amma óþekka er myndlistarmaður með sterkar skoðanir og greinilega flott fyrirmynd. Hún segist ætla að gera meira en milljón skissur á meðan á dvöl þeirra stendur svo hún þarf aldeilis að halda á spöðunum. Fanney Þóra lætur eina duga og fer svo í skoðunarferð. Á rölti sínu hittir hún tröllадreng sem á ýmislegt sameiginlegt með stúlkunni en ekki líður á löngu þar til þau eru öll á hlaupum undan náttúruöflunum; trölladrengurinn, amma hans, Fanney Þóra og amma óþekka.

Líkt og fram hefur komið er bókin sniðin að þörfum þeirra sem eru að æfa sig í lestri og auka á orðaforða sinn. Hún er fyrsta bókin í nýrri röð frá Bókabeitunni sem nefnist Ljósaserían og hefur þetta að leiðarljósi. Leturgerð er læsileg og í stærra lagi, línubil sem andar vel og efnisgreinum er skipt niður í styttri búta svo hægt er að hvíla sig reglulega án þess að tapa þræði. **Halla Þórlaug Óskarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Skemmtileg bók fyrir unga lesendur sem eru að æfa sig í lestri. Stútfull af nýjum orðum og leyndum framburðaræfingum.


1.
Metsölulisti Eymundsson
Íslensk skáldverk
1. sæti
BÓKSÖLULISTINN
ALLAR BÆKUR
7.12-13.12
„Besta bók Yrsu.“
FRIÐRIKA BENÓNÝS, KILJUNNI
STEINÞÓR GUÐBJARTSSON, MORGUNBLAÐINU
HRINGBRAUT.IS
BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐINU
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
Sogið
„HÚRRA YRSA!“
GUÐRÚN BALDVINSDÓTTIR, DV
„Sjúklega góð glæpasaga“
HRINGBRAUT.IS
VERÖLD

# Hin bresku Caine og Rampling heiðruð

**Bresku leikararnir Michael Caine og Charlotte Rampling fóru bæði heim með sérstök heiðursverðlaun af Evrópsku kvikmyndaverðlaununum um helgina. Einnig voru þau bæði valin leikarar ársins.**

Síðastliðinn laugardag voru hin árlegu Evrópsku kvikmyndaverðlaun veitt í Berlín í 28. sinn, en verðlaununum er ætlað að vekja athygli á evrópskri kvikmyndagerð.

Að þessu sinni áttu Íslendingar fulltrúa á meðal tilnefndra í flokknum besta myndin en þar var kvikmyndin Hrútar í leikstjórn Gríms Hákonarsonar tilnefnd. Hrútar voru á meðal sex tilnefndra mynda í flokknum. Hrútar hirtu þó ekki verðlaunin heldur var það kvikmyndin Youth í leikstjórn hins ítalska Paolo Sorrentino. Sorrentino hlaut einning verðlaun sem besti leikstjórinn en alls vann Youth til þrennra verðlauna á hátíðinni þar sem aðalleikari myndarinnar, Michael Caine, var að auki valinn besti leikarinn.

Síðasta mynd leikstjórans, The Great Beauty, kom út árið 2013 og vann meðal annars til Óskarsverðlauna, Golden Globe- og BAFTA-verðlauna sem besta myndin á erlendu tungumáli. Youth verður framlag Ítalíu til Óskarsverðlaunanna sem kvikmynd á erlendu tungumáli á þessu ári, rétt eins og Hrútar verða framlag Íslands.

Líkt og áður sagði skartar Youth breska stórleikaranum Michael Caine í aðalhlutverki en hann kannast sjálfsagt flestir við enda hefur hann leikið í fjölda kvikmynda á ferlinum og er annar tveggja leikara sem á ferlinum hafa verið tilnefndir til Óskarsverðlauna á hverjum einasta áratug frá 1960 til 2000. Hinn er bandaríski leikarinn Jack Nicholson.

Árið 2000 var Caine sæmdur riddartign fyrir framlag sitt til kvikmyndalistarinnar. Hann hefur unnið til fjölda verðlauna á ferlinum en ótrúlegt en satt aldrei farið heim með verðlaun af Evrópsku kvikmyndaverðlaunahátíðinni og sagði það því hafa verið kærkomið þegar hann hlaut sérstök heiðursverðlaun á laugardaginn.

Líkt og áður sagði fékk Caine einnig verðlaun sem besti leikarinn fyrir hlutverk sitt í Youth og var léttur í lund líkt og hann gjarnan er þegar hann steig á svið og tók við seinni verðlaununum og gerði grín að því að hann hefði aldrei unnið til verðlauna í Evrópu en nú hefði hann fengið tvenn á einu kvöldi.

Á blaðamannafundi eftir verðlaunaveitinguna sló Caine á létta strengi, fór yfir ferilinn og ráðlagði sér yngri leikurum að leita ekki ráða hjá öðrum leikurum, þá sérstaklega ef þeir væru eldri. Sjálfum hefði honum verið sagt þegar hann var ungur leikari og leitaði ráða að hann myndi aldrei slá í gegn og ætti að gefa drauminn upp á bátinn. Var það sérstaklega vegna hreims Caine sem honum var sagt að ekkert yrði úr honum á hvíta tjaldinu. En viti menn, Caine náði heldur betur að afsanna það og er einmitt þekktur fyrir sinn greinilega cockney-hreim.

Breska leikkonan Charlotte Rampling fékk verðlaun sem leikkona ársins fyrir hlutverk sitt í myndinni 45 Years í leikstjórn Andrew Haigh en einnig var hún heiðruð fyrir ævistarf sitt og var líkt og Caine sæl með verðlaunin og heiðurinn.

Evrópsku kvikmyndaverðlaunin verða næst veitt þann 16. desember í borginni Wrocław í Póllandi.

gydaloa@frettabladid.is



Charlotte Rampling og Michael Caine voru að vonum ánægð






## Frumsýningar



**SUFFRAGETTE**
Dramamynd
Aðalhlutverk: Carey Mulligan, Anne-Marie Duff, Helena Bonham Carter
Frumsýnd: 18. desember
IMDb 6,9/10 Rotten Tomatoes 72%



**STAR WARS: EPISODE VII – THE FORCE AWAKENS**
Hasar-, ævintýra- og fantasíumynd
Aðalhlutverk: Harrison Ford, Mark Hamill, Carrie Fisher, Adam Driver, Daisy Ridley, John Boyega, Oscar Isaac, Lupita Nyong'o, Andy Serkis, Domhnall Gleeson, Max von Sydow
Frumsýnd: 17. desember
IMDb 9,2/10 Rotten Tomatoes 99%



**SMÁFÓLKIÐ**
Gaman- og teiknimynd
Aðalhlutverk: Noah Schnapp, Bill Melendez, Hadley Belle Miller
Frumsýnd: 26. desember
IMDb 7,8/10 Rotten Tomatoes 86%



# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR




**Philips 50PUT6400**
50" Ultra HD LED sjónvarp með 4K 3840 x 2160 upplausn. Pixel Precise Ultra HD. Micro Dimming Pro. 700 Hz Perfect Motion Rate. Natural Motion. Dual Core örgjörvi. Multiroom TV. Android 5.0. Wi-Fi. Stafrænn DVB-T2/S2 og gervihnattamóttakari. 3 x USB og upptökumöguleiki. 4 x HDMI. MyRemote Apple / Android síma- og spjaldtölvu App.

HELGARTILBOÐ
**169.995**
FULLT VERÐ 199.995

## ARIETE RETRO LÍNAN
## NÝ SENDING KOMIN




## PHILIPS



VERÐ FRÁ
**13.995**
FRÁBÆRT VERÐ



Fissler

**Fissler 00212405000**
5 stk Paris pottasett með þéttu glerloki. Fyrir öll helluborð. Svöl handföng. Ryðfrítt stál.

JÓLATILBOÐ
**39.995**
FULLT VERÐ 44.995

## PHILIPS

*Nýung*

*CoffeeSwitch – býr til framúrskarandi espressó eða venjulegt kaffi.*



**Philips HD8841**
Espresso Duo kaffivél með kaffikvörn. Skjár sýnir aðgerðir. Keramík kvörn með 5 stillingum. 250gr baunahólf. 1.8 lítra vatnstankur. Korgskúffa. Býr til gufu til að flóa mjólk og heita drykki. 1850W.

VERÐ
**89.995**
FRÁBÆRT VERÐ



## PHILIPS

**Philips S5400**
Philips AquaTec hleðslurakvél með bartskera. Multi Precision Blade System. Smart Click precision trimmer. Aquatec wet & dry.

VERÐ
**17.995**
FRÁBÆRT VERÐ



## KENWOOD
multipro compact

**Kenwood FPM250**
Nett 750w matvinnsluvél með 2,1L skál. 1,2L blandari, sítruspressa, þeytari, hnoðari og þrjú rifjárn fylgja. Burstað stál.

VERÐ
**19.995**
FRÁBÆRT VERÐ

## SOUNDBAR
HEIMABÍÓKERFI



## PHILIPS

**Philips HTL1190B**
40w RMS Soundbar hátalari með þráðlausri Bluetooth tengingu. Dolby Digital. Virtual Surround Sound. MP3 Link, AUX in, coaxial/ optical in. Hægt að festa á vegg.

JÓLATILBOÐ
**19.995**
FULLT VERÐ 22.995



DeLonghi

**DeLonghi KG40**
Góð kaffikvörn sem tekur 90g af baunum.

VERÐ
**5.995**
FRÁBÆRT VERÐ



BRAUN

**Braun MQ325 OMELETTE**
550w töfrasproti með hnífum úr ryðfríu stáli. 2 hraðar og Turbo.

Þeytari, 350 ml hakkari og 0.6L skál fylgja!

JÓLATILBOÐ
**6.995**
FULLT VERÐ 7.995



## PHILIPS

**Philips HR2505**
Viva Collection saxari með ChopDrop tækni til að skera lauk. 1,1L skál. Ryðfrír stál hnífur. Einfalt að nota - bara á ýta niður. Má setja í uppþvottavél.

VERÐ
**9.995**
FRÁBÆRT VERÐ

iRobot

HREIN SNILLD!



**iRobot Roomba IRO-620**
Sjálfvirkt ryksuguvélmenni með iAdapt gervigreind.

JÓLATILBOÐ
**49.995**
FULLT VERÐ 59.995

**OPIÐ TIL 22 ALLA DAGA TIL JÓLA**
**12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR**

**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

netto

# JÓLABÆKUR FÁST Í NETTÓ




VERÐ: 3.249 KR




VERÐ: 2.924 KR




VERÐ: 2.144 KR




VERÐ: 1.949 KR




VERÐ: 2.210 KR




VERÐ: 3.509 KR




VERÐ: 4.549 KR




VERÐ: 4.549 KR




VERÐ: 4.339 KR




VERÐ: 4.549 KR




VERÐ: 3.249 KR




VERÐ: 4.549 KR

**WWW.NETTO.IS | TILBOÐIN GILDA 17. – 20. DES 2015**

MJÓDD · SALAVEGUR · BÚÐAKÓR · GRANDI · AKUREYRI · HÖFN · GRINDAVÍK · REYKJANESBÆR · BORGARNES · EGILSSTAÐIR · SELFOSS

TILBOÐIN GILDA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST | BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDAVÍXL | VÖRUÚRVAL GETUR VERIÐ BREYTILEGT MILLI VERSLANA

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur



**2** | 21:25
**VICTORIA'S SECRET FASHION SHOW**
Hin árlega tískuhátíð Victoria's Secret er fyrir löngu orðin heimfræg. Þar eru lagðar línurnar í því allra nýjasta og heitasta í undirfatnaði ásamt frábærum tónlistaratriðum.

FRÁBÆR
FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365




**2** | 19:25
**ELDHÚSIÐ HANS EYÞÓRS**
Í þessum lokaþætti gefur Eyþór okkur góðar hugmyndir fyrir áramótaveisluna. Blandaðar smásnittur og aðrir dásamlegir smáréttir í forrétt. Grilluð nautalund með rauðvínssósu í aðalrétt og unaðslegt pannacotta með jarðarberjasorbet og kampavíni í eftirrétt.

**2** | 19:50
**MASTERCHEF USA**
Matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band.




**2** | 22:15
**NCIS**
Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



**G** | 21:30
**KLOVN**
Óborganlegir gamanþættir með þeim félögum Casper og Frank. Þættirnir eru sýndir frá mánudegi til fimmtudags á Gullinu klukkan 21.30.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum
á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.01** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu
**07.06** Barnatími Stöðvar 2
**07.50** iCarly
**08.10** The Middle
**08.35** Masterchef USA
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** 60 mínútur
**11.00** Jamie's 30 Minute Meals
**11.25** Lýðveldið
**11.50** Um land allt
**12.35** Nágrannar
**13.00** Free Willy. Escape From Pirate's Cove
**14.40** The Clique
**16.15** iCarly
**16.40** Lukku-Láki
**17.05** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu
**17.15** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.25** Eldhúsið hans Eyþórs Vandaðir íslenskir þættir þar sem meistarakokkurinn Eyþór Rúnarsson sýnir okkur réttu handtökin í eldhúsinu á sinn einstaka hátt. Í hverjum þætti af Eldhúsinu hans Eyþórs tekur hann fyrir vinsæl hráefni og töfrar fram úr þeim dýrindismáltíðir sem allir geta leikið eftir.
**20.00** Masterchef USA
**20.45** Masterchef USA
**21.35** Victoria's Secret Fashion Show Hin árlega tískuhátíð Victoria's Secret er fyrir löngu orðin heimsfræg. Þar eru lagðar línurnar í því allra nýjasta og heitasta í eggjandi undirfatnaði. Þá má sjá frábær tónlistaratriði frá Ellie Goulding, Selenu Gomez og The Weekend.
**22.25** NCIS
**23.10** Réttur
**00.00** Homeland
**00.45** Humans
**01.35** Robocop
**03.30** Grudge Match
**05.20** Fréttir

## SPORT

**08.00** Snæfell - Grindavík
**11.25** Barcelona - Deportivo
**13.05** Spænsku mörkin
**13.35** Wolfsburg - Man. Utd.
**15.20** Juventus - Fiorentina
**17.00** Ítölsku mörkin
**17.30** Snæfell - Grindavík
**19.00** Keflavík - Stjarnan
**21.00** NFL Gameday
**21.30** Haukar - Njarðvík
**23.15** UFC 194. Aldo vs. McGregor

## SPORT 2

**07.30** Hull - Reading
**11.20** Football League Show
**11.50** Premier League Review
**12.45** Man. City - Swansea
**14.30** Sunderland - Watford
**16.10** Messan
**17.30** Hull - Reading
**19.10** Premier League World
**19.40** Wolves - Leeds
**21.45** Bournemouth - Man. Utd.
**23.30** Leicester - Chelsea
**01.15** Premier League World

## GOLFSTÖÐIN

**08.30** Feherty
**09.15** Franklin Templeton Shootout
**13.15** Golfing World
**14.05** European Tour
**17.55** The Open Championship
**22.00** Samsung-unglingaeinvígið
**22.25** PGA Tour – Highlights
**23.20** Golfing World

## STÖÐ 3

**17.55** Suburgatory
**18.20** The Carrie Diaries
**19.05** Cougar Town
**19.30** Fresh off the Boat
**19.55** Sullivan & Son
**20.20** Discovery Atlas
**21.20** Flash
**22.05** Arrow
**22.50** Lip Sync Battle
**23.15** NCIS. Los Angeles
**00.00** Jonah. From Tonga
**00.35** Fresh off the Boat
**01.00** Sullivan & Son
**01.25** Discovery Atlas
**02.20** Flash
**03.05** Arrow
**03.50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum
**07.05** Brunabílarnir
**07.25** Ljóti andarunginn og ég
**07.47** Ævintýraferðin
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.45** Doddi litli og Eyrnastór
**08.55** Tommi og Jenni
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** UKI
**09.54** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Ævintýri Tinna
**10.23** Ofurhundurinn Krypto
**10.47** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Brunabílarnir
**11.46** Ævintýraferðin
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.45** Doddi litli og Eyrnastór
**12.55** Tommi og Jenni
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** UKI
**13.54** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Ævintýri Tinna
**14.23** Ofurhundurinn Krypto
**14.47** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Brunabílarnir
**15.24** Ljóti andarunginn og ég
**15.46** Ævintýraferðin
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.45** Doddi litli og Eyrnastór
**16.55** Tommi og Jenni
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** UKI
**17.54** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Ævintýri Tinna
**18.23** Ofurhundurinn Krypto
**18.47** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum
**19.05** Ævintýri herra Píbodýs og Sérmanns

## GULLSTÖÐIN

**17.15** The Big Bang Theory
**17.40** Friends
**18.05** The New Girl
**18.30** Modern Family
**18.55** Major Crimes
**19.40** Cold Feet
**20.35** Broadchurch
**21.30** Klovn
**22.00** The Sopranos
**22.55** It's Always Sunny in Philadelphia
**23.20** The Glades
**00.05** Major Crimes
**00.50** Cold Feet
**01.40** Broadchurch
**02.30** Klovn
**03.00** The Sopranos
**03.55** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**12.20** Christmas with the Kranks
**14.00** Cinderella Story: Once Upon a Song
**15.30** Algjör Sveppi og töfraskápurinn
**17.05** Christmas with the Kranks
**18.50** Algjör Sveppi og töfraskápurinn
**20.25** Cinderella Story: Once Upon a Song
**22.00** Angels & Demons
**00.20** Cloud Atlas
**03.10** Getaway
**04.45** Angels & Demons

## RÚV

**10.20** HM félagsliða
**16.55** Saga af strák
**17.15** Tímaflakkið
**17.40** Táknmálsfréttir
**17.50** KrakkaRÚV
**17.51** Jólin með Jönu Maríu
**18.00** Jól í Snædal
**18.25** Tímaflakkið
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.10** Eldað með Ebbu Skemmtilegur og óhefðbundinn matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna!
**20.40** Stúdíó A
**21.10** Arthur og George Bresk sakamálaþáttaröð byggð á ævi Sir Arthurs Conan Doyle, höfundar bókanna um Sherlock Holmes. Atriði í þættunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.25** Lögregluvaktin Bandarísk þáttaröð um líf og störf lögreglumanna í Chicago. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10** Downton Abbey
**00.00** Kastljós
**00.30** Fréttir
**00.45** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Kitchen Nightmares
**09.50** Secret Street Crew
**10.40** Pepsi MAX tónlist
**13.25** Cheers
**13.50** Dr. Phil
**14.30** The Millers
**14.55** Survivor
**15.40** The Muppets
**16.00** Undercover Bridesmaid
**17.30** Dr. Phil
**18.10** The Tonight Show
**18.50** The Late Late Show
**19.30** Lífið er yndislegt
**21.00** Agents of S.H.I.E.L.D.
**21.45** Zoo Spennuþáttaröð sem byggð er á metsölubók eftir James Patterson. Ótti grípur um sig þegar dýr byrja að ráðast á fólk og framtíð mannkyns er stefnt í voða. Ungur dýrafræðingur telur að tengsl gætu verið á milli árásanna og kenninga sem látinn faðir hans hafði um endalok mannkyns.
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Blue Bloods
**00.35** Law & Order. Special Victims Unit
**01.20** Fargo
**02.05** Agents of S.H.I.E.L.D.
**02.50** Zoo
**03.35** The Tonight Show
**04.15** The Late Late Show with James Corden
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# JÓLAFJÖR

# 25-50% AFSLÁTTUR AF JÓLAVÖRUM*



Jólastjarna,
fæst í BYKO Breidd.

**895 kr.**

55095034
Almennt verð: 1.295 kr.

# GLEÐILEGA HÁTÍÐ



**25% AFSLÁTTUR AF LEIKFÖNGUM**



**25% AFSLÁTTUR AF POTTUM OG PÖNNUM**




GERÐU GÓÐ KAUP

**BOSCH** ryksuga, 850W.

**11.895 kr.**

65742019 Almennt verð: 15.895 kr.

HELGAR-TILBOÐ

## EINGÖNGU HÁGÆÐA SÉRVALIN JÓLATRÉ

Valið á jólatrénu ætti ekki að taka langan tíma því við bjóðum eingöngu upp á hágæða sérvalin jólatré: **Normannsþin, íslenska furu og blágreni.**

**LIFANDI JÓLATRÉ**
Timbursala Breidd og Selfossi





**LUX verkfærasett,**
með 95 stk. af verkfærum.

**13.295 kr.**

68392097
Almennt verð: 18.995 kr.



**LUX verkfærasett,**
54 stk.

**6.925 kr.**

68546550
Almennt verð: 9.895 kr.

HARÐIR PAKKAR



**TACTIX verkfærabox,**
50 cm.

**1.995 kr.**

72320100
Almennt verð: 2.855 kr.



HELGAR-TILBOÐ

**SKIL multisög,**
200W, slípi- og skurðarhlutir fylgja með.

**8.395 kr.**

74092390
Almennt verð: 11.995 kr.



**SKIL rafhlöðuborvél,**
10,8V, 2 rafhlöður.

**11.895 kr.**

74092400
Almennt verð: 16.995 kr.



**DREMEL föndurfræsari,**
125W, 7 fylgihlutir,
2 hraðastillingar.

**6.295 kr.**

74780295
Almennt verð: 8.995 kr.

byko.is

**OPIÐ LENGUR**
SJÁ NÁNAR Á BYKO.IS

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. | Helgartilboð gilda 16.–20. desember. | *Ekki er gefinn afsláttur af lifandi jólatrjám





**Diskurinn skiptir máli**
Það er ekki bara maturinn sem er inni á myndinni heldur líka diskurinn og hnífapörin. Allt saman skiptir þetta máli þegar hin fullkomna Instagram-mynd er annars vegar. Mínímalískir stórir diskar og kringlóttar skálar myndast alltaf vel.

**Birtan skiptir máli**
Líklega eitt mikilvægasta atriðið á þessum lista. Flassið er mikill óvinur matarmyndanna. Notaðu birtuna inni á heimilinu og kertaljós. Þannig færðu fallega, mjúka og hátíðlega mynd til þess að deila með vinunum.

**Auðveldara er að vinna með bjarta liti**
Jólamaturinn á það til að vera brúnn eða fölbleikur á litinn og það getur verið erfitt að gera gott úr því. Þá getur verið mikilvægt að vera með flott meðlæti í fallegum litum. Þá ber helst að nefna fallegt Waldorf-salat, sætar kartöflur eða fagurgrænt salat.

**Skipulögð óreiða**
Of fullkominn diskur er alltaf ótrúverðugur og allt of augljóst að raðað hafi verið á diskinn einungis fyrir ljósmyndina. Leyfðu krumpuðu servéttunni, brauðmylsnunni og sósuskvettunum að njóta sín.

**Filterinn er ekki vinur þinn**
Ekki velja einhvern þungan „filter“ til þess að reyna að láta matinn þinn líta út fyrir að vera girnilegri en hann er. Leiktu þér frekar með birtustigið og aðrar stillingar inni í Instagram-forritinu.

# Hvernig nærðu FLOTTUSTU myndunum af jólamatnum?

Nú þegar jólahátíðin fer að bresta á er mikilvægt að vera með á hreinu hvernig á að ljósmynda matinn sinn svo að vel fari. Fréttablaðið tók saman ráð sem eru skotheld þegar það kemur að því að ná hinni fullkomnu mynd.





**Kassamerkin eru hættulegur leikur**
Aðeins í brýnustu nauðsyn er vel séð að nota kassamerki. Að nota kassamerki til þess að lýsa öllu sem er á myndinni er ekki lengur málið. Ef fjölskyldan tekur sig saman og notar eitt kassamerki á myndirnar í jólaboðinu þá er það ekkert nema skemmtilegt.

**Fleiri en einn diskur á sömu mynd**
Það raða ekki allir eins á diskinn sinn og það getur verið gaman að sjá nokkrar mismunandi útfærslur. Það er áhugavert að vinna með tvo eða fleiri diska á mynd.

**Taktu myndina ofan frá**
Myndin kemur mun betur út enda besta sjónarhornið. Matarmyndir teknar frá hlið eru sjaldan góðar og oftast ekki girnilegar. Ofan frá færðu líka bestu myndina af því hvað er nákvæmlega á disknum.

**Nóg um að velja**
Taktu margar myndir til þess að geta valið um þá flottustu. Leiktu þér með fjarlægðina, sjónarhornið og fleira til þess að ná hinni fullkomnu mynd.

**Því óhollara, því betra**
Myndir af óhollum mat eru alltaf vinsælar enda er óhollur matur eitthvað sem allir elska.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Fjalla HANGIKJÖT

NORÐLENSKT HANGIKJÖT Á FRÁBÆRU VERÐI

**1.998** kr. kg
Fjalla Hangiframpartur
Úrbeinaður

**2.498** kr. kg
Fjalla Hangilæri
Úrbeinað

Ali

**598** kr. kg
Ali Grísabógur
Ferskur

200kr. Verðlækkun pr. kg

100% Ungnautahakk

**1.698** kr. kg
Íslandsnaut Ungnautahakk
Verð áður 1898 kr. kg

NÝBAKAÐ!

**298** kr. 6 stk.
Bónus Smáhringir
Bleikir, 6 stk.

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

NÝBAKAÐ!

**298** kr. 9 stk.
Bónus Smáhringir
Með súkkulaði, 9 stk.

**595** kr. 4x2 l
Pepsi
Kippa, 4x2 lítrar

Gjafakort Bónus
Gjöf sem kemur að góðum notum fyrir alla

VINSÆLASTA JÓLAGJÖFIN Í BÓNUS

BÓNUSKORT

Gjafakortið fæst til afgreiðslu í öllum verslunum Bónus

ÓMISSANDI HLUTI AF JÓLUNUM

**1.598** kr. 900 g
Mackintosh Konfekt, 900 g

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með 20. desember eða meðan birgðir endast

# Systirin leysti af með Skálmöld

Hljómsveitin Skálmöld lauk nýverið við tónleikaferð um Evrópu. Sveitin lék á átján tónleikum í tíu löndum.

Hljómsveitin Skálmöld kom á dögunum heim eftir tæplega mánaðar langt tónleikaferðalag um Evrópu en sveitin lék á átján tónleikum í tíu löndum. „Austurríki, Þýskaland, Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Finnland, Eistland, Lettland, Litháen og Pólland voru viðkomustaðirnir. Við höfðum spilað áður í flestum þessara landa en vorum að fara í fyrsta sinn til Finnlands og Eystrasaltslandanna. Það er alltaf ákveðin stemning og spenningur að leika í fyrsta sinn í hverju landi. Það gaf túrnum ákveðna vigt,“ segir Björgvin Sigurðsson, einn gítarleikari og einn söngvari Skálmaldar.



Skálmöld kom fram á átján tónleikum í tíu löndum í Evrópu. MYND/JAGODA SZYMAŃSKA



Liðsmenn Skálmaldar finna fyrir auknum vinsældum erlendis og segjast alltaf vera að sjá fleiri einstaklinga í Skálmaldar-bolum.



Mikil systkinaást var á túrnum eins og sjá má á þeim Helgu og Baldri Ragnarsbörnum.

**Systkinin saman á túr**

Liðsskipan sveitarinnar í tónleikaferðinni var örlítið öðruvísi en venjan er því Helga Ragnarsdóttir, systir Snæbjörns bassaleikara sveitarinnar og Baldurs sem er einn af gítarleikurum og söngvurum sveitarinnar, lék með Skálmöld á túrnum. Hún lék á hljómborð og leysti þar með Gunnar Ben, hljómborðsleikara sveitarinnar, af á tónleikaferðinni.

Hvernig var Helga að fíla rokkaralífernið? „Þetta gekk allt bara ljómandi vel. Sumir höfðu meira að segja orð á því að það væri bara alls ekki jafn óþolandi að hafa okkur öll þrjú systkinin saman og þeir höfðu búist við. Satt best að segja var þetta alveg nákvæmlega eins og ég bjóst við. Ég hef túrað áður í ýmsu samhengi og það er óttalega lítill munur, hvort sem um ræðir metaltúr eða indítúr. Svo eru metalaðdáendur upp til hópa ofsalegar dúllur svo þetta var bara eins og ég er vön. Síðan þekki ég til Skálmaldarstrákanna allra og vissi hverju ég hafði játað,“ segir Helga. Hún hefur komið víða við og hefur meðal annars spilað með hljómsveitinni Rökkurró og starfað með leikhópnum Lottu en í báðum verkefnum hefur hún ferðast talsvert.

**Í fyrsta sinn aðalnúmerið erlendis**

Skálmöld var þó ekki ein á ferð því sveitin var að túra með svissnesku rokkhljómsveitinni Eluveitie. Í tónleikaferðinni kom þó upp tveggja daga pása þar sem Eluveitie spilaði á tónleikahátíðum þar sem Skálmöld var ekki að spila en okkar menn tóku þá til sinna ráða.

„Eluveitie spiluðu á einhverjum festivölum sem höfðu verið bókuð löngu fyrir túrinn og við því ekki inni í þeim pakka. Við ákváðum þá í samstarfi við bókunarskrifstofuna okkar í Evrópu að bretta upp ermarnar og ráðast á einn síðasta hjallann sem við áttum eftir og spila í fyrsta sinn sem aðalnúmer utan Íslands. Það var gríðarlega gaman að fá loksins að spila „alvöru“ tónleika í fullri lengd á okkar forsendum fyrir fólk sem var komið til að sjá okkur og engan annan, stemmingin verður pínu önnur. Sem upphitunarband verður maður að vera í bardagaham og leggja af stað með markmiðið að vinna heilan sal af fólki sem veit ekkert um þig og er alveg sama og þú gefur engin grið fyrr en allir eru með, en þegar þú veist að fólkið er komið til að sjá þig getur maður leyft sér að slaka meira á, skemmta sér aðeins meira og taka aðeins meiri sénsa. Í báðum tilfellum er bannað að vera aumingi og bannað að sökka en nálgunin er aðeins önnur. Ég er hins vegar ekki viss um að neinn finni muninn nema við,“ útskýrir Jón Geir Jóhannsson trommuleikari sveitarinnar. Þetta er þriðja tónleikaferðin sem Skálmöld fer í með Eluveitie en sveitirnar hafa nú spilað saman á yfir 70 tónleikum.



Jens var bílstjóri í ferðinni en hann er hér með grifflur sem Anna Snæbjörnsdóttir, sem er móðir Snæbjörns, Baldurs og Helgu, prjónaði. Ansi margir þungarokkarar á Íslandi eiga grifflur eftir Önnu.

> VIÐ ÁKVÁÐUM ÞÁ Í SAMSTARFI VIÐ BÓKUNARSKRIFSTOFUNA OKKAR Í EVRÓPU AÐ BRETTA UPP ERMARNAR OG RÁÐAST Á EINN SÍÐASTA HJALLANN SEM VIÐ ÁTTUM EFTIR OG SPILA Í FYRSTA SINN SEM AÐALNÚMER UTAN ÍSLANDS.
>
> Jón Geir Jóhannsson trommuleikari

Tónleikastaðirnir á ferðalaginu tóku flestir á bilinu 500 til 800 manns, stærsti staðurinn tók 1.500 manns og minnsti 300 manns. „Tónleikastaðirnir þar sem við héldum okkar eigin tónleika voru mun minni, tóku 100 manns hvor eða svo. Það kom skemmtilega á óvart að við fengum það marga á hvora tveggja tónleikana og við spiluðum eins og englar. Þetta voru sennilega heitustu gigg sem ég hef spilað og gleymast seint,“ bætir Baldur við.

**Hafa róast í djamminu**

Djamm og almenn gleði fylgir oft tónleikaferðalögum hjá hljómsveitum en hvort voru liðsmenn Skálmaldar eða Eluveitie duglegri í djamminu? „Eluveitie-liðar eru fleiri en við og hafa því klárlega djammað mun meira. En þetta var líka rólegasti túrinn okkar, djammlega séð, til þessa, við erum hugsanlega flestir að róast eitthvað en auðvitað eru menn eitthvað að djamma, mismikið auðvitað en það er klárlega alltaf gleði og gaman hjá okkur. Hljóðkerfið í rútunni fékk alveg að finna fyrir því á þessu ferðalagi,“ segir Þráinn Árni Baldvinsson, einn af gítarleikurum sveitarinnar.

Íslensku rokkararnir ferðuðust um á glæsilegri rútu á ferðalagi sínu og segir Snæbjörn að ágætlega hafi farið um menn. „Á þessum lengri túrum erum við alltaf með Nightliner, sem sagt rútu með kojum sem við sofum í meðan við ferðumst milli borga. Að ætla sér að pakka eftir hvert einasta gigg, halda á hótel, leggja sig í örfáa tíma og sitja svo uppréttur í bíl í marga klukkutíma hvern einasta dag er óraunhæft. Við höfum áður deilt stórum Nightliner með böndum sem við túrum með en undanfarið höfum við dílað við fyrirtæki í Prag sem leigir okkur minni bíla. Þetta er breyttir kálfar með níu kojum, smá setustofu, ísskáp og neyðarklósetti. Þröngt og sveitt en hefur reynst okkur óskaplega vel. Að auki eru bílstjórarnir sem fyrir þá vinna algerir snillingar, bæði stórskemmtilegir menn sem og frábærir ökumenn. Það hjálpar til við að halda geðheilsunni í lagi að treysta þeim sem keyrir meðan þú skröltir óbundinn í kojunni þinni þegar bíllinn skellur ofan í enn eina holuna á einhverjum sveitavegi í Póllandi,“ segir Snæbjörn.

Menn voru duglegir að kaupa sér vínylplötur á tónleikaferðinni og var bílstjórinn, Jens, duglegur að vísa mönnum veginn að næstu plötubúð á viðkomustöðunum. „Þegar ég lít til baka þá er Jensenatorinn stór og mikilvægur þáttur. Hann skildi reglulega eftir miða fyrir mig með upplýsingum um plötubúðir í þeim borgum sem við lékum í. Við Jens náðum vel saman í plötusöfnuninni og Baldur kom sterkur inn! Vinsældirnar aukast erlendis,“ segir Þráinn. Jens, Baldur og Þráinn keyptu sér yfir fimmtíu vínylplötur á túrnum.

Skálmöld hefur undanfarin ár verið ein vinsælasta rokkhljómsveit landsins en hefur einnig aukið vinsældir sínar erlendis. „Við fundum mikinn mun í þetta skiptið, við sjáum miklu fleiri Skálmaldarboli á ferðum okkar, fólk er meðvitaðra um tilvist bandsins og allt á blússandi siglingu. Það sem eiginlega stendur upp úr eftir þennan túr er hversu vel gengur,“ segir Snæbjörn.

Nú þegar Skálmöld er komin heim aftur, hvað er þá fram undan hjá sveitinni? „Árið er búið að vera ofboðslegt og ýmislegt í farvatninu fyrir það næsta. Nákvæmlega núna er þó ekki margt sem við getum sagt frá, fyrir utan það að við ætlum okkur að gefa út plötu, sennilega seint næsta haust. Við erum í óðaönn að bóka næsta ár og útlit fyrir að útlandaferðunum eigi eftir að fjölga frekar en hitt.“ gunnarleo@frettabladid.is




# ÞÚ FÆRÐ JÓLABÆKURNAR Í NETTÓ




**VERÐ: 4.549 KR**




**VERÐ: 3.119 KR**




**VERÐ: 4.549 KR**




**VERÐ: 4.549 KR**




**VERÐ: 4.689 KR**




**VERÐ: 4.549 KR**




**VERÐ: 3.349 KR**




**VERÐ: 4.354 KR**




**VERÐ: 3.119 KR**




**VERÐ: 11.389 KR**




**VERÐ: 6.699 KR**

**WWW.NETTO.IS | TILBOÐIN GILDA 17. – 20. DES 2015**

MJÓDD · SALAVEGUR · BÚÐAKÓR · GRANDI · AKUREYRI · HÖFN · GRINDAVÍK · REYKJANESBÆR · BORGARNES · EGILSSTAÐIR · SELFOSS

TILBOÐIN GILDA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST | BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDAVÍXL | VÖRUÚRVAL GETUR VERIÐ BREYTILEGT MILLI VERSLANA

# Frægir á ferð og flugi

Fræga fólkið er augljóslega í mismiklu jólaskapi, og á meðan einhverjir brostu sínu breiðasta til papparassanna sem fylgja þeim yfirleitt hvert fótmál voru aðrir örlítið þyngri á brún. Leikstjóranum Quentin Tarantino stökk til að mynda ekki bros á vör og Kylie Jenner var töluvert sparari á brosið en gengur og gerist. Sér í lagi sé horft til þess að hún stillti sér upp sem nýtt andlit Nip + Fab strekkingarkremanna. En menn og konur geta svo sem ekkert alltaf verið í stuði, ekki einu sinni stórstjörnur.



Okkar kona, Kylie Jenner, var fremur fýld að sjá þegar hún pósaði með kremdollu í Hollywood.



Katrín hertogaynja lék á als oddi þegar hún lamdi húðir með börnum á jólaskemmtun Anna Freud Centre Family School í London í vikunni.



Maria Carey var blússandi sátt við bæði guð og menn þegar hún steig inn í Beacon-leikhúsið á þriðjudag.



**Lady Gaga** og unnusti hennar Taylor Kinney voru í jólaskapi á Billboard Women in Music Glass award, enda vopnuð sérlegum jólahundi.



Tarantino var ekki í neinu sérstöku stuði þegar hann yfirgaf myndver The Late Show With Stephen Colbert á þriðjudagskvöldið.



Alexa Chung, tískudrottning með meiru, strunsaði um götur New York, sennilega þungt hugsi yfir komandi jólagjafakaupum eins og við hin.



Rita Ora yfirgaf Groucho Club aldeilis spræk, í áberandi fallega grænni yfirhöfn. Ora skorar alltaf hátt hjá tískuspekúlöntum.

# GEFÐU FYRSTU EINKUNN!




**Nína**
**Vildarverð: 6.699**
Verð: 8.499.-




**Kjarval**
**Vildarverð: 11.999**
Verð: 14.999.-




**Spakmælabókin**
**Vildarverð: 4.499**
Verð: 5.499.-




**Kúlupenni StarWars**
**Vildarverð: 4.499**
Verð: 5.999.-



**Hnattlíkan Antiquus | Ljós | 30cm**
**Vildarverð: 14.122**
Verð: 18.829.-




**Perlur Laxness**
**Vildarverð: 1.999**
Verð: 2.599.-



**Landakort úr efni | Pin The World**
**Stórt Vildarverð: 6.749** | Verð: 8.999.-
**Lítið Vildarverð: 4.649** | Verð: 6.199.-






**Handfarangurstöskur**
**Til í fjórum litum**
**Vildarverð: 13.604**
Verð: 18.139.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON **5%** afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum

VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG OG ÞÚ KÍKIR Í TÍMARIT!





MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er frá 17. desember, til og með 20. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Götutískan í miðbænum

Nú þegar það er aðeins vika til jóla ættu flestir landsmenn að vera að taka lokahnykkinn á jólagjafainnkaupunum. Fréttablaðið tók stöðuna á Laugaveginum og í Bankastræti og myndaði nokkra flott klædda á ferðinni.



**Guðmundur Ingi Þorvaldsson**
Jakki: All Saints
Trefill: Úr óskilamunum
Buxur: Sturla
Skór: Gallerí 17

**Catriona Bowie**
Jakki: Boden
Trefill: Glasgow
Kjóll: Asos
Skór: eBay
Taska: Fossil



**Nicole Sander**
Peysa: Frá Himalaya-fjöllunum
Taska: Gerði sjálf
Buxur: Gerði sjálf
Skór: Frá Þýskalandi



**Stefanía Sunna Róbertsdóttir**
Jakki: Gallerí 17
Skór: Nína Akranesi
Buxur: Nína Akranesi
Taska: Frá mömmu



**Svala Júlía Gunnarsdóttir**
Jakki: H&M
Peysa: Vero Moda
Buxur: Gina Tricot
Skór: Kaupfélagið



**Kolbrún Ýr Sigurðardóttir**
Húfa: Get Lost
Jakki: Urban Outfitters
Buxur: Free People
Skór: Vintage


ÚT MEÐ ÞIG
SJÓNAUKI
SILVA POCKET 8
7.990 KR.
SKÍÐAHJÁLMAR
FULLORÐINS FRÁ 11.990 KR.
BARNA FRÁ 11.990 KR.
SKÍÐAGLERAUGU
FULLORÐINS FRÁ 7.990 KR.
BARNA FRÁ 3.990 KR.
EINN JAKKI FYRIR
ALLAR AÐSTÆÐUR
THERMOBALL - NORTH FACE
JÓLATILBOÐ
29.990 KR.
GÖNGUSTAFIR
LEKI EAGLE
TRAUSTIR OG VANDAÐIR
8.990 KR.
20%
JÓLAAFSLÁTTUR
AF MEINDL GÖNGUSKÓM
VINSÆLU
SCARPA MOJITO
ÚTAGLÖÐU SKÓRNIR
23.990 KR.
BAKPOKAR
DEUTER FUTURA
DAGPOKAR
FRÁ 19.990 KR.
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
Fatnaður á mynd: North Face
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is



Orri og Helga eru eigendur Orrafinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Svipta loks hulunni af Verkfærum

Blóðidrifnir skartgripir **Orrifinn** eru til heiðurs verkafólkinu og óður til hversdagshetjunnar. „Hvað eru verkfæri?“ spyr Helga Friðriksdóttir annar hluti tvíeykisins.

**Guðrún Ansnes**
gudrun@frettabladid.is





„Þessi hugmynd var alltaf að koma aftur og aftur upp, eins og stundum gerist í svona hönnunar- og hugmyndaferli, nema hvað að þessi hélt alltaf áfram að skjóta upp kollinum,“ segir Helga Friðriksdóttir, annar hluti tvíeykisins sem myndar Orrifinn skartgripi, en Verkfæri, fjórða lína þessa vinsæla skartgripamerkis, verður dregin fram í dagsljósið á morgun.

„Í fyrra átti seinasta línan okkar, Flétta, hug okkar allan og því ýttum við verkfærunum alltaf til hliðar,“ útskýrir Helga sem segir kornið sem fyllt hafi mælinn hafa verið ævagömul skæri sem Helga hnaut um þegar hún og Orri, voru fyrir vestan að gera upp gamalt hús. „Ég fann þessi eldgömlu hárskeraskæri, sem voru brotin, ryðguð og svo ótrúlega falleg. Ég fór rakleiðis til Orra með þau og sagði við hann að þetta væri ekkert annað en tákn um að láta loks verða af því að sinna þessari hugmynd.“

Úr varð að þau Orri fóru að spekúlera mikið og velta fyrir sér verkfærum en vildu hugsa út fyrir rammann og endurhugsa formfasta hugtakið verkfæri aðeins. „Flestir hugsa um hamar eða skrúfjárn þegar talað er um verkfæri, en þau eru svo mörg önnur og eiga sér öll sín sérstöku hlutverk. Við tókum fyrir rakhníf, exi og skæri – sem eru öll með svo falleg form, og blekpenna, því þótt það gleymist stundum er penninn verkfæri og í ofanálag beittasta vopnið,“ bendir Helga á. Fimmta verkfærið sem varð fyrir valinu var lykill: „Hann er svo fallegt og rómantískt verkfæri og mjög táknrænn.“

Vekur athygli að sum Verkfæranna hafa verið skreytt djúprauðum, dropalaga steinum sem eiga að endurspegla blóð. „Þegar við vorum að velta fyrir okkur boðskap línunnar og hvað við vildum að hún stæði fyrir kom verkalýðsbarátta fyrst upp í hugann. Það hvernig forverar okkar hafa byggt þetta land með berum höndum. Línan er þannig á vissan hátt til heiðurs verkafólkinu og óður til hversdagshetjunnar sem leggur sitt af mörkum með verkfærið að vopni. Það er hægt að minnast blóðs, svita og tára forvera okkar og finna sinn eigin styrk með skartgripi úr Verkfæri,“ segir Helga, sem er í óðaönn við að undirbúa útgáfuhóf línunnar sem fram fer á morgun milli 17.00 og 20.00 í nýrri verslun Orrifinn skartgripa að Skólavörðustíg 17a. **gudrun@frettabladid.is**

# Vill sjá stuðning í verki

Hinir árlegu **Xmas tónleikar** fara fram í kvöld og rennur allur ágóði af tónleikunum í nýjan tómstundasjóð til styrktar börnum flóttafólks.



Emmsjé Gauti ætlar að styðja börn flóttamanna með því að koma fram á tónleikunum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Frosti Logason og Máni Pétursson, útvarpsmenn á X-inu 977.

„Ég held þetta sé nítjánda árið okkar, annars erum við ekkert góðir að muna svona tölur,“ segir Þorkell Máni Pétursson útvarpsmaður á X-977, sem er einn af skipuleggjendum hinna árlegu Xmas tónleika sem fram fara í Hlégarði í Mosfellsbæ í kvöld. Allur ágóðinn af tónleikunum rennur í nýjan tómstundasjóð Rauða krossins sem notaður verður til styrktar börnum flóttafólks.

„Við höfum alltaf styrkt gott málefni og ágóðinn rennur óskiptur í tómstundasjóðinn til styrktar börnum flóttafólks. Þetta málefni er mjög viðkvæmt um þessar mundir og við viljum að þessir flóttamenn aðlagist samfélaginu og viljum aðstoða þá eins og við getum. Fólk hefur verið duglegt við að styðja flóttamenn á samfélagsmiðlun og nú er komið að því að styðja þá í verki þannig að ég býst við að fólk kaupi sér miða,“ segir Máni.

Á tónleikunum koma fram nokkrir af vinsælustu tónlistarmönnum þjóðarinnar en það eru Dimma, Emmsjé Gauti, Júníus Meyvant, Kiriyama Family, Axel Flóvent, Markús & The Diversion Sessions, Himbrimi, Rythmatik, Kontinuum og VIO sem koma fram.

Tónleikarnir fara fram í Hlégarði sem er talið vera eitt glæsilegasta tónleikahús landsins. „Við ætlum að prófa að vera í Mosó. Þetta er alveg geggjað hús og við viljum líka með þessu draga fólkið úr bænum og látunum og leyfa því að njóta sín í Mosó,“ bætir Máni við.

Húsið er opnað kl. 19.30 og hefjast tónleikarnir kl. 20.00. Miðasala fer fram á miði.is og kostar hver miði 977 krónur. **gunnarleo@frettabladid.is**








3.820kr
st. 3/6mán - 6/7ára



4.930kr
st. 3/6mán - 6/7ára

4.930kr
st. 3/6mán - 6/7ára

2.750kr
st. 3/6mán - 6/7ára



4.930kr
st. 3/6mán - 6/7ára



3.940kr
st. 3/6mán - 6/7ára

3.440kr
st. 3/6mán - 6/7ára



3.740kr
st. x/xmán - x/xára



4.930kr
st. 3/6mán - 6/7ára



6.900kr
st. 3/6mán - 6/7ára



4.930kr
st. 3/6mán - 6/7ára



3.940kr
st. 6/7 - 14/15ára



3.940kr
st. 6/7 - 14/15ára



3.540kr
st. 6/7 - 14/15ára



3.940kr
st. 6/7 - 14/15ára

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri.




# Gerði útgáfusamning við Sony



**Axel Flóvent er á leið í sína fyrstu tónleikaferð um Bandaríkin eftir áramót.** MYND/SIGGA ELLA

## Tónlistarmaðurinn Axel Flóvent er á leið í sína fyrstu tónleikaferð um Bandaríkin og hefur gert samning við Sony.

Tónlistarmaðurinn Axel Flóvent skrifaði á dögunum undir samning við Sony en fyrirtækið mun sjá um að gefa EP-plötu Axels, Forest Fires, út í Evrópu. „Tilfinningin er rosalega góð, þetta er rosa stórt og gott skref, en best er að vita hversu góður samningur þetta er og byrjar á mjög traustum grunni,“ segir Axel alsæll með samninginn.

Sindri Ástmarsson, umboðsmaður Axels, tekur í sama streng: „Þetta er auðvitað frábært. Við ákváðum samt að bíða með frekari skuldbindingar að svo stöddu. Þetta er bara samningur upp á útgáfu plötunnar í nokkrum löndum í Evrópu.“

Sony bauð Axel samning í upphafi sem hann hafnaði en eftir nokkrar viðræður náðust loks samningar. „Við gáfum EP-plötuna út sjálfir hér heima og hjá litlu útgáfufyrirtæki í Bretlandi. Þessi samningur er stórt skref. Það er fáránleg staða að geta hafnað samningi við Sony og fengið betri samning með jafn lítilli skuldbindingu. Þetta er furðu lítil binding og munum við taka nokkurra mánaða prufu með Sony en ef það gengur ekki eins og við viljum verður farið eitthvert annað með næstu plötu Axels,“ segir Sindri. Forest Fires kom út hér á landi í júní og í Bretlandi í maí og kemur nú út í fleiri löndum í Evrópu.

Fyrsta breiðskífa Axels er nánast tilbúin en kemur þó ekki út strax þar sem mikill hiti er yfir EP-plötunni. Næsta ár lítur vel út fyrir Húsvíkinginn unga samkvæmt Sindra. „Árið 2016 lítur mjög vel út og eru ýmsar viðræður í gangi,“ segir Sindri sem gat ekki sagt meira að svo stöddu.

Axel hefur í nógu að snúast um þessar mundir og átti hann til að mynda lag í síðasta þætti af Vampire Diaries. „Lagið heitir Beach og var spilað í þættinum en talið er að um fimm milljónir manns hafi séð þáttinn,“ segir Sindri. Tónlist Axels mun hljóma fleiri þáttum því fyrir skömmu seldi hann lag bæði í stóra þýska auglýsingu og vinsælan sjónvarpsþátt vestan hafs.

Hann heldur af stað í sína fyrstu tónleikaferð um Bandaríkin í lok febrúar og verður úti í tæpan mánuð. „Túrinn endar á South by Southwest tónlistarhátíðinni í Austin í Texas í mars. Hann kemur líka fram á The Great Escape tónlistarhátíðinni á Bretlandi í maí en næst er það Eurosonic-hátíðin í janúar og smá túr í kringum það í Póllandi og Hollandi,“ útskýrir Sindri.

> **TILFINNINGIN ER ROSALEGA GÓÐ, ÞETTA ER ROSA STÓRT OG GOTT SKREF, EN BEST ER AÐ VITA HVERSU GÓÐUR SAMNINGUR ÞETTA ER OG BYRJAR Á MJÖG TRAUSTUM GRUNNI.**
>
> Axel Flóvent

Árið hefur verið annasamt hjá Axel og fór hann meðal annars í tónleikaferð um Þýskaland og Bretland.

Axel kom fram á Jólagestum Björgvins um liðna helgi. „Það má segja að hann hafi stigið út fyrir þægindarammann sinn um helgina, hann syngur ekki jólalög fyrir fullri Laugardalshöll á hverjum degi,“ bætir Sindri við léttur í lund.

Spurður út í jólin segist Axel ekkert vera neitt sérstaklega mikið jólabarn og að hann verði að einhverju leyti lokaður inni í æfingahúsnæði um jólin. „Jólin verða smá spilerí og eitthvað af æfingum með hljómsveitinni fyrir Eurosonic sem er í janúar. Svo mun ég líka tjilla með fjölskyldu og vinum,“ segir Axel. **gunnarleo@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# *Vinsælar jólagjafir*



Svuntur

5.990 kr
Frá 2.980 kr



Áttablaðarós púði

4.990 kr

Dúnteppi
100% dúnfylling

9.990 kr




Dokkupoki
fyrir garnið þitt

990 kr



Hnífaparaveski

1.690 kr.

25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM JÓLAVÖRUM



Bókapúði / Fiður fylling

11.840 kr
Frá 4.990




Grýlukjúkur ofnhanski

1.192 kr Áður ~~1.590~~

100% DÚNN
790 G DÚNN / EKKERT FIÐUR




Jólatilboð

Dúnsæng 140x200

33.990 kr Áður ~~39.990~~ kr



100% Dúnúlpa

15.980 kr

Á hettunni er ekta loðskinnskragi sem hægt er að smella af.
Hlý og létt heilsársúlpa fyrir börn á aldrinum 2-10 ára.




Gjafabréf
Ávísun á gjöf sem gleður

Lín DESIGN

LAUGAVEGI 176 | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS

# iPad Air, er gjöfin




VAXTALAUS LÁN*
EPLI
ALLT AÐ 12 MÁN

Birt með fyrirvara um verðbreytingar og prentvillur

## iPad Air 1 Wi-fi

16GB wi-fi **72.990.-**

## iPad Air 2 Wi-fi

16GB **84.990.-**
64GB **104.990.-**

## iPad Air 2 Wi-fi/4G

16GB **112.990.-**
64GB **129.990.-**
128GB **149.990.-**



## iPad Pro (fjórða kynslóð)

Verð frá **149.990.-**

Öll smáatriði eru úthugsuð og valin saman, til að tryggja hámarks afköst og orkunýtingu.

***Vaxtalaus greiðsludreifing**

Fram að jólum bjóðum við handhöfum VISA og Mastercard greiðslukorta vaxtalaus kortalán í verslunum Epli. Við kaup á iPhone bjóðast lánin til allt að 6 mánaða en til allt að 12 mánaða við kaup á öðrum vörum.

Við kaupverð leggst 3,5% lántökugjald og færslugjald, nú 330 kr., við hvern gjalddaga.

# beats by dr. dre






Beats Solo2 heyrnartól

Verð **47.990.-**




Beats Studio heyrnartól

Verð **59.990.-**




Apple TV

Verð frá **12.990.-**
(þriðja kynslóð)



Beats Pill 2.0 hátalari

Verð **29.990.-**




iPhone 6S

Verð frá **124.990.-**



MacBook Air

Verð frá **189.990.-**



MacBook

Verð frá **247.990.-**

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

Þjónustudeild Epli er opin laugardaga 12-16

EPLI

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Birtu Björnsdóttur




## Andrés og Jón

Talsvert hefur borið á að landsmenn eigi erfitt með að átta sig á söguþræði, aðalpersónum og framvindu í einu vinsælasta jólalaginu, Jólasveinar einn og átta. Hér verður ykkur rétt hjálparhönd í þeim efnum.

Jólasveinarnir voru sum sé einn og átta, en þarna er stuðst við ævaforna talningaraðferð þar sem einn og átta eru átján en ávallt þurfti að draga fimm frá þegar þessi aðferð var notuð. Átján mínus fimm, sem sagt þrettán eins og allir vita. Að hitta Jón á Völlunum hefur einnig vafist fyrir einhverjum en þarna er einfaldlega um að ræða samheiti yfir þá daglegu iðju að fara að sofa. Uppruna orðatiltækisins má rekja til góðkunningja Jóns Más Péturssonar sem lengi bjó í Vallahverfinu í Hafnarfirði. Var það samdóma álit samferðamanna hans að Jón væri leiðinlegasti maður þjóðarinnar frá landnámi og að hitta Jón á Völlunum þýddi óumflýjanlega að menn lognuðust útaf á meðan Jón óð elginn.

Þá er það hann Andrés, en hann er umboðsmaður jólasveinanna til margra ára, dulur maður og óframfærinn en sinnir sínu starfi af stakri natni. Einhverjir hafa velt fyrir sér hvernig jólasveinarnir fara að því að setja gjafir í skó allra íslenskra barna til sjávar og sveita auk þess að leiða yfirspennta krakka kringum jólatré á vegum allra starfsmannafélaga landsins. Þetta er honum Andrési og excel-skjölunum hans að þakka.

En þegar þarna var komið sögu hafði Andrés sopið ótæpilega á púrtvíni og hent í status þar sem hann fagnaði komu flóttamanna til landsins auk þess að lýsa yfir velþóknun á fyrirhugaðri byggingu mosku í Reykjavík. Andrés var því frekar timbraður og utangátta og beið þess að vera fórnað á altari nettröllanna.

Þegar fyrrnefndar upplýsingar, sem fengnar voru eftir mikla yfirlegu á handritadeild stofnunar Árna Magnússonar, eru öllum ljósar ættu allir að geta tekið hraustlega undir á næsta jólaballi með allar staðreyndir málsins í farteskinu.


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland








